*ala* (svín-), *banna* (blá-, harð-, þver-), *beygja* (svín-, keng-), *biðja* (sár-), *binda* (ríg-, svín-), *brjóta* (þver-), *bæna* (sár-), *drepa* (stein-), *dæma* (harð-), *elta* (hund-), *festa* (blý-), *ríg-*, *ramm*, *þræl-*, *fila* (botn-, smell-, þræl-), *fylla* (draug-, keng-, kol-, smekk-), *gleyma* (stein-), *halda* (gler-, grjót-, keng-, rígg-, skít-, þræl-, stein-), *hata* (dauð-), *herða* (fok-, gler-, rígg-, stál-), *hreinsa* (dauð-), *iðra* (sár-), *kviða* (dauð-, sár-), *húkka* (keng-), *mixa* (skít(a)-), *mjólka* (blóð-), *móðga* (sár-), *negla* (grjót-, keng-, rígg-), *neita* (sár-), *nýta* (skít-), *pína* (tröll-), *rota* (stein-), *ríða* (tröll-), *skamma* (grút-, harð-, sót-), *redda* (skít(a)-), *sakna* (sár-), *skorta* (sár-), *slasa* (sár-), *smella* (þræl-), *vanda* (sig) (sár-), *vorkenna* (sár-), *þjá* (sár-), *þrá* (sár-), *þurfa* (sár-), *öfunda* (blóð-, bráð-, dauð-, drep-, grút-, sár-)

### Áhrifslausar sagnir með áhersluforliðum.

*batna* (snar-, sár-), *bogna* (keng-, svín-), *bregða* (dauð-, kol-), *bremsa* (snar-), *finna* (til) (sár-), *falla* (grút-, kol-, skít-, smell-), *glóa* (sót-), *gráta* (sár-), *hlakka* (dauð-), *kafna* (hel-), *kenna* (til) (sár-), *keyra* (svín-, botn-), *kvarta* (sár-), *langa* (blóð-, botn-, bráð-, dauð-, drep-, drullu, hrút-, sár-), *liggja* (grjót-, stein-, svín-), *roðna* (blóð-, sót-), *sárna* (dauð-), *sjá* (dauð-, drullu-, hund-), *snúa* (drep-, snar-), *sofa* (grjót-, stein-), *sofna* (grjót-, stein-), *standa* (blý-), *sverja* (dauð-), *syfja* (dauð-), *sökkva* (stein-), *vanhaga* (sár-), *verkja* (sár-), *versna* (snar-, kol-), *virka* (smell-, svín-), *þagna* (snar-, stein-), *þegja* (grjót-, hel-, stein-), *þræta* (blá-), *þyrsta* (sár-)

### Blandaðar sagnir með áhersluforliðum.

*blóta* (sót-), *breyta* (snar-), *(öskur)bólva* (há-, sót-), *dýpka* (snar-), *fjölga* (snar-), *hemla* (snar-), *hneyksla* (há-), *hækka* (ríg-, smell-, snar-), *hætta* (snar-, stein-), *ljúga* (haug-), *lækka* (snar-), *læsa* (harð-, ramm-), *minnka* (snar-), *neita* (sár-), *sleppa* (skít-), *stansa* (snar-), *stoppa* (snar-, þver-), *stöðva* (snar-), *tapa* (drullu-, grjót-, grút-, kol-, skít-)

## Viðauki 2: Yfirlit yfir áhersluforliði með sögnum

### Áhersluforliðir með miðmyndarsögnum.

*bál*-(reiðast), *dauð*-(skammast, leiðast), *drep*-(leiðast), *drullu*-(leiðast), *fok*-(reiðast), *grjót*-(villast), *grút*-(leiðast), *hrút*-(leiðast), *hund*-(leiðast), *ramm*-(villast), *rok*-(seljast), *sár*-(leiðast, efast, gremjast, hneykslast, kveljast, slasast, veikjast, vonast, þarfnast, þjást), *sót*-(bólvast), *snar*-(aukast, krullast, móðgast, snúast), *stál*-(herðast), *stein*-(drepast, rotast), *þver*-(móðgast)

### Áhersluforliðir með áhrifssögnum.

---

*blá*-(banna), *blóð*-(naga, mjólka, skera, smella, öfunda), *botn*-(fíla), *blý*-(festa), *bráð*-(öfunda), *dauð*-(hata, hreinsa, kvíða, öfunda), *draug*-(fylla), *drep*-(öfunda), *fok*-(herða), *gler*-(herða, halda), *grjót*-(halda, lemja, negla), *grút*-(skamma, öfunda), *harð*-(banna, dæma, skamma), *hund*-(elta), *keng*-(beygja, fylla, halda, húkka, negla), *kol*-(fylla), *ríg*-(binda, festa, halda, herða, negla), *sár*-(biðja, bæna, iðra, kvíða, sakna, skorta, slasa, vorkenna, þrá, þurfa, öfunda), *skít(a)*-(halda, mixa, nýta, redda), *smekk*-(fylla, passa), *smell*-(fíla), *stál*-(herða), *stein*-(drepa, gleyma, halda, rota), *svín*-(ala, beygja, binda), *tröll*-(pína, ríða), *þræl*-(festa, fíla, halda, smella), *þver*-(banna, brjóta)

---

### Áhersluforliðir með áhrifslausum sögnum.

---

*blá*-(þræta), *blóð*-(langa, roðna), *blý*-(standa), *botn*-(keyra, langa), *bráð*-(langa), *dauð*-(bregða, hlakka, langa, sárna, sjá, sverja), *drep*-(langa, snúa), *drullu*-(sjá, langa), *grjót*-(þegja, liggja, sofna), *grút*-(falla), *hel*-(kafna, þegja), *hrút*-(langa), *hund*-(sjá), *keng*-(bogna), *kol*-(bregða, falla, versna), *sár*-(batna, finna (til), gráta, kenna (til), kvarta, langa, vanhaga, verkja, þyrsta), *skít*-(falla), *smell*-(falla), *snar*-(batna, bremsa, snúa, versna, þagna), *stein*-(liggja, slökkva, sofa, sofna, þagna, þegja), *svín*-(bogna, keyra, liggja, lúkka, virka)

---

### Áhrifsforliðir með blönduðum sögnum.

---

*drullu*-(tapa), *grút*-(tapa), *harð*-(læsa), *haug*-(ljúga), *há*-(bölva, hneyksla), *kol*-(tapa), *ramm*-(læsa), *ríg*-(hækka), *sár*-(neita), *skít*-(tapa, sleppa), *smell*-(hækka), *snar*-(breyta, dýpka, fjölga, hemla, hækka, hætta, lækka, minnka, stansa, stoppa, stöðva), *sót*-(blóta, (öskur)bölva), *þver*-(stoppa), *stein*-(hætta)

---

## Lykilorð

orðmyndun, áhersluforliðir, sagnir, söguleg þróun, kerfisvæðing

## Keywords

word formation, bound intensifiers, verbs, historical development, grammaticalization

## Abstract

The article deals with bound intensifiers with verbs, a phenomenon that has scarcely been discussed in Icelandic and international literature. The intensifiers were studied from both a historical and synchronic point of view. Various databases were used to collect the material; A Dictionary of Old Norse Prose (ONP) from Old-Icelandic to the middle of the 16th century, Ritmálssafn (ROH) from the middle of the 16th century to the second half of the 20th century, Tímarit.is (Tím.) from the middle of

the 19th century to the present day and Risamálheildin (Rmh.) which covers the modern Icelandic, especially the 21st century.

The grammatical relationship between bound intensifiers and verbs is described and an account is made of which bound intensifiers can occur with a verb, and what kind of verbs can occur with bound intensifiers. 38 bound intensifiers were examined in this way. The article also examines which of these intensifiers can be connected to verbs in Old Icelandic, and the development of bound intensifiers from Old Icelandic to the modern language is especially examined. How bound intensifiers relate to grammaticalization is studied, i.e., to what extent bound intensifiers have developed from independent words and acquired a special place in the Icelandic language.

The study revealed that bound intensifiers with verbs are quite common in the modern language, but extremely rare in Old Icelandic. It is possible to point to a certain development after 1540, where they gradually become more common with verbs, although examples have not been found for all the 38 intensifiers in the period from 1540 to the 20th century. Bound intensifiers with verbs are mostly monosyllabic, which distinguishes them from intensifiers with adjectives and nouns, which can also be disyllabic. It is shown that bound intensifiers have developed through grammaticalization from independent words, but in some cases the semantic connection between intensifier and the verb is still strong despite the grammaticalization. Grammatically, the relationship between intensifiers and verbs can be described by paraphrasing with a verb and manner adverbs, even two of them. The study also reveals that bound intensifiers can be associated with middle voice verbs, transitive verbs, intransitive verbs, and mixed verbs, i.e., verbs that can be both transitive and intransitive.

The study also revealed that there is a need for further examination of the historical development of bound intensifiers with adjectives and nouns.

*Veturlíði Óskarsson*  
*prófessor í norrænum málum*  
*Institutionen för nordiska språk*  
*Uppsala universitet*  
*veturlidi.oskarsson@nordiska.uu.se*

*Dorsteinn G. Indriðason*  
*prófessor í norrænum málum*  
*Institutt for lingvistiske, litterære og estetiske studier*  
*Universitetet i Bergen*  
*torsteinn.indridason@uib.no*

Margrét Jónsdóttir, Veturliði Óskarsson og  
Þorsteinn G. Indriðason

## -an- á undan viðskeytinu -legur í íslensku: Tilraun til túlkunar

### 1 Inngangur

Til er fjöldi lýsingarorða af sama toga og *hækkanlegur*, *skalanlegur* og *tæmanlegur*.<sup>1</sup> Merkingin vísar oftast til þess sem hægt er að gera án þess þó að aðild einhvers að verknaðinum sé sýnileg: Það sem er *hækkanlegt* er hægt að hækka, getur jafnvel hækkað, það sem er *skalanlegt* er hægt að stækka eða minnka (færa til á *skala*) og það sem er *tæmanlegt* er hægt að tæma. Orð sem þessi eiga það sameiginlegt að vera nánast öll í merkingarvenslum við samstofna sagnir, sbr. framangreind orð og tengsl þeirra við *hækka*, *skala* og *tæma*. Fjöldmörg lýsingarorð og atviksorð af þessum toga eru enn fremur í merkingarlegum venslum við verknaðarnafnorð af sömu gerð og *hækkun* (*hækkun*) og *skalan* (*skölun*).<sup>2</sup> Einungis fáein afleidd orð nafndregin falla ekki undir neitt af því sem nefnt hefur verið, t.d. *hjartanlegur*.

Meginmarkmið greinarinnar er að kanna eðli samstöfunnar -an-

<sup>1</sup> Grein þessi er samín í samvinnu höfundanna þriggja með jöfnu framlagi þeirra. Við þökkum ritrynum og ritsjórum *Orðs og tungu* fyrir gagnlegar athugasemdir við fyrri gerð. Enn fremur fær Ásta Svavarsdóttir þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Allt sem missagt kann að vera skrifast á reikning höfunda.

<sup>2</sup> Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014:351) nota orðin *ability adjectives* um lýsingarorð þessarar merkingar og raunar er *ability* einnig notað um lýsingarhátt nútíðar í sömu merkingu.

á undan viðskeytinu *-leg-* (lo. og ao.).<sup>3</sup> Einkum verður fjallað um samtímalegt eðli þessarar samstöfu en jafnframt verður leitast við að tengja samtímalega stöðu hennar við sennilega sögulega þróun.<sup>4</sup> Samtímalega koma nokkrir möguleikar til greina, m.a. að um sé að ræða viðskeytaröð, *-an-legur*, sbr. *breyt-an-legur*, eða að hér sé á ferðinni tengihljóðið *-n-* á undan nafnháttarmynd, stöku sinnum í öðru samhengi svo sem *hjarta-n-legur* og *tíma-n-legur*.

Í greininni verður leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- (1) a. Hvernig ber að túlka samstöfuna *-an-* málfræðilega?
- b. Hvers konar grunnorð geta staðið með *-anlegur*?
- c. Hver er merking *-an-* þegar það stendur með *-legur*?

Spurningum (1)b og c verður svarað í 4. kafla. Spurning (1)a er hin fræðilega meginspurning og verður leitað svara við henni í 5. og 6. kafla.

Efnisskipan greinarinnar er á þá leið að í 2. kafla verður í stuttu máli sagt frá efniviði rannsóknarinnar. Í 3. kafla er greint frá hugmyndum fræðimanna um uppruna samstöfunnar *-an-* í *-anlegur*. Í 4. kafla verður fjallað um ýmis formleg og merkingarleg atriði í sambandi við *-anlegur*. Í 5. kafla verður reynt að komast að því hvers eðlis samstafan *-an-* er samtímalega séð og verða ýmsir möguleikar reifaðir og rökstuddir. Í 6. kafla eru færð rök fyrir líklegri greiningu á *-an-* og í 7. kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman.

## 2 Efniviður rannsóknarinnar

Fyrir þessa rannsókn var leitað dæma um lýsingarorð og atviksorð sem enda á *-anlegur* (*-anligr*) og *-anlega* (*-anliga*) í eldra og yngra máli. Stuðst var við dæmasafn *Ordbog over det norrøne prosasprog* (hér eftir

<sup>3</sup> Héðan í frá verður yfirleitt látið nægja að tala um *lýsingarorð* og karlkynsmyndina sem endar á *-anlegur*. Þótt atviksorð sem enda á *-anlega* komi við sögu verður ekki sérstaklega rætt um merkingu þeirra og hegðun. Þegar rædd eru dæmi úr fornu máli eða hugmyndir um uppruna *-anlegur* er stöku sinnum notuð eldri myndin *-anligr* (*-anliga*) til samræmis við skráð dæmi eða tilvitnanir í texta. Oftast er þó viðhöfð nútímamálsmyndin *-anlegur* (*-anlega*).

<sup>4</sup> Samstafan *-an-* kemur fyrir í mjög litlum mæli á undan fáeinum öðrum viðskeytum, einkum *-leiki/-leikur*. Sbr. örstutt yfirlit í 5.1.1. Slík dæmi eru nefnd nokkrum sinnum, þegar þörf krefur, en annars er umfjöllunin bundin við samstöfuna *-an-* + *-leg-*.



ONP) sem nær fram til um 1540 og *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* (hér eftir ROH) sem nær frá 1540 fram undir lok 20. aldar. Enn fremur var höfð hliðsjón af dæmum úr *Íslenskum orðasjóði* (hér eftir ÍOS) og var þar leitað í safni texta af vefsíðum frá árinu 2015. Í nokkrum tilvikum var einnig höfð hliðsjón af dæmum í *Risamálheildinni* (hér eftir Rmh.).

Í safni ONP komu í ljós nálega 190 viðskeytt orð með *-anleg-*, um 150 lýsingarorð og um 40 atviksorð, um 30 þeirra samstofna lýsingarorðunum. Í ROH eru lýsingarorðsfluttur mun fleiri, tæplega 900, og atviksorð tæplega 200, langflest samstofna lýsingarorðunum. Forskeytt og samsett orð í báðum söfnum eru meðtalin, en slík orð eru umtalsverður hluti þeirra orða sem í ljós komu enda eru forskeyti áberandi einkenni á orðum af þessu tagi – þannig eru rúmlega 100 orð í safni ONP forskeytt, þar af rúmlega 60 með forskeytinu *ó-*. Umtalsverð skörun er á milli ONP og ROH en af þeim ca. 190 orðum sem er að finna í ONP eru þó um 40 ekki skráð í ROH.

### 3 Söguleg úttekt: Uppruni *-an-* í *-anlegur*

Lítið hefur verið fjallað um líklegan uppruna samstöfunnar *-an-* í *-anlegur*. Í þeirri umræðu sem þó má finna í fræðibókum er helst tvennt talið koma til greina, að um sé að ræða viðskeytið *-an*, hið sama og er á ferð í sagnleiddum nafnorðum á borð við *skemmtan*, *ætlan*, eða að upprunans sé að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, *-and(i)*. Hér verða þessir tveir kostir ræddir.

#### 3.1 Verknadarviðskeytið *-an*

Eins og liggur nokkuð ljóst fyrir þeim sem hafa íslensku að móðurmáli eru talsverð merkingarleg og formleg vensl milli lýsingarorða sem enda á *-anlegur* og nafnorða sem mynduð eru með viðskeytinu *-un*, eða í eldra máli með afbrigði þess *-an*. Það kann að vekja vissan grun um að *-an-* í *-anlegur* og *-an-* í viðskeytaparinu *-an/-un* geti átt sér sama uppruna, að *-anleg-* kunnri (a.m.k. upprunalega) að vera röð tveggja viðskeyta, *-an* og *-leg*. Að því er virðist hefur þetta sjaldan verið lagt til. Þó nefndi Alf Torp (1909:lx) þennan möguleika í yfirliti yfir orðmyndun í norrænu máli snemma á síðustu öld. Megintilgáta hans er sú að uppruna *-anlegur*-orða megi helst rekja til lýsingarháttar nútíðar (sjá hér á eftir og 5.1.3) en hann bætir við, þó án rökstuðnings,

að upprunann kunni ef til vill að vera að finna í kvenkynsnafnorðum sem enda á *-an*, svo sem *lofan*, *prófan*, *reikan*.

Með þetta tvennt í huga, tilgátu Torps og framangreind merkingarleg og formleg vensl *-anlegur*-orða og *-an*-orða, er við hæfi að fara nokkrum orðum um þetta viðskeyti eða viðskeytapar. Parið *-an* og *-un*, sem fyrst og fremst hefur verið notað við myndun verknadarnafnorða af sögnum, á sér einn og sama uppruna.<sup>5</sup> Þau eiga rætur að rekja til sama viðskeytis, *\*-ni* í frumgermönsku, sem eftir endurtúlkun í frum-norrænu varð *-ōni* og síðar að norræna viðskeytinu *-an*. Í vestur-norrænu (íslensku) fékk það tvöfalda birtingarmynd vegna *u*-hljóðvarps, afbrigðið *-un* í nefnifalli, þolfalli og þágufalli eintölu og í þágufalli fleirtölu (þar einnig skilyrt af þágufallsendingunni *-um*), en afbrigðið *-an* í eignarfalli eintölu og nefnifalli, þolfalli og eignarfalli fleirtölu. Í sumum fornum ritum er notkunin samkvæmt uppruna, sögulega viðbúin víxl á milli *-an* og *-un*. Strax á forníslenskum tíma eru afbrigðin tvö þó farin að lifa eigin lífi og er sérstaklega algengt að *-an* sé notað í öllum föllum nema í þágufalli fleirtölu.

Þetta viðskeytapar mun upprunalega hafa verið bundið við myndun nafnorða af fyrsta flokki veikra sagna, sem í málsögulegu samhengi eru nefndar *ō*-sagnir (sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1995:16–17; sbr. t.d. Torp 1909:lxvi). Dæmi um myndun af sögnum úr öðrum flokkum, veikum sem sterkum, eru þó gömul. Á þetta er minnst víða, t.d. hjá Torp (sama rit, s.st.) og Baldri Jónssyni (1987:91). Í ONP eru dæmi um *skemmtan/skemmtun* og *þoran* frá 13. öld, *trúan*, *ymjan* og *óráðan* frá 14. öld og *aukan* og *aukun* frá um 1500. Öll orðin tengjast samstofna sögn merkingarlega: *skemmta* er *ia*-sögn, *ymja* er *ja*-sögn en *trúa* og *þora* teljast til *ē*-sagna; *ráða* og *auka* eru sterkar sagnir. Í ROH eru dæmi um *kvíðun*, *kvíðan* og *líðun*, *líðan* (forskeytt) sem tengjast samstofna sögn, *kvíða* sem er bæði veik og sterk, og *líða* sem er sterk.

Ekki er ljóst hvort lýsingarorð sem enda á *-anlegur* hafi á einhvern hátt lotið framangreindri reglu um myndun af *ō*-sögnum. Ýmislegt mælir fremur gegn því. Bæði er það svo að orðmyndun með *-anlegur* er að mestu bundin við íslensku og er mun yngri en orðmyndunin með *-an* sem er samnorræn.<sup>6</sup> Elstu dæmi um orð með físl. *-anligr*,

<sup>5</sup> Ágætt yfirlit um *-an* og *-un* er að finna hjá Hugrúnu Ragnheiði Hólmgeirsdóttur (1995).

<sup>6</sup> Í safni ONP eru nokkur norsk dæmi um *einkanliga* og *einkanligr* og allmörg dæmi um orð með *-anliga/-anligr* er að finna í biblíuverkinu *Stjórn* (sbr. ONP) sem kann að vera að nokkru leyti norskt en er fyrst og fremst varðveitt í íslenskum handritum frá 14. öld.

-anliga eru frá því um 1200 og snemma á 13. öld (t.d. *einkanliga*, *óifanligr*, *yfirvesanligr*) en annars eru orð með -anligr yfirleitt heldur yngri. Það hlýtur enn fremur að teljast nokkuð ólíklegt að orðmyndun með -anlegur hafi verið bundin við *ō*-sagnir í ljósi þeirra ca. 190 orða af þessu tagi, lýsingarorða og atviksorða, sem er að finna í ONP. Þau tilheyra milli 110 og 120 mismunandi stofnum. Af þeim er vissulega rúmur helmingur (um 65) *ō*-sagnir en eigi að síður er hinn helmingurinn sagnir af öðrum flokkum, þar af rúmlega 20 sterkar sagnir. Algengustu -anligr-orðin þar eru *trúanligr*, *viljanligr*, *vitanligr* og (*ó*)*þolanligr* sem öll eru mynduð af öðrum sagnstofnum en *ō*-sögnum.

### 3.2 Lýsingarháttarviðskeytið -and(i)

Snemma kom fram sú hugmynd að uppruna -anlegur væri að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, -and(i), og að tannhljóðið hefði fallið brott: -andlegur → -anlegur. Þetta má m.a. sjá hjá Torp (1909:lx), Sverdrup (1911:156–160) og Alexander Jóhannessyni (1927:67). Hvorki Torp né Sverdrup vísa til heimilda máli sínu til stuðnings en báðir ræða um brottfall tannhljóðsins. Það gerir Noreen (1923:212–213) líka í málfræði sinni, án þess þó að nefna lýsingarháttinn í því sambandi.<sup>7</sup> Framangreindir fræðimenn telja breytinguna gamla. Sverdrup bendir á að sambærileg orðmyndun hafi verið til í vesturgermönskum málum og nefnir því til stuðnings nokkur orð úr fornháþýsku og engilsaxnesku, öll með tannhljóði. Hann gengur svo langt að telja -anlegur hafa orðið að sérstöku viðskeyti en færir þó ekki raunveruleg rök fyrir því (sbr. Sverdrup 1911:160):

Men da bruken av præ. part. med passiv bet. i gn. som et attributivt adjektiv var forholdsvis litet yndet, forekommer det mig ikke usandsynlig, at det tildels var for at böte herpaa, at man utvidet præ. part. med suffikset -ligr. Dog har vel -anligr tilslut kun været følt som en særskilt suffiksform tjenende til avledning av verbaladjektiver.

Litlar leifar eru um orð af þessum toga í íslensku með tannhljóðinu varðveittu. Í ONP er að finna fáein dæmi, *blezandligr* 'blessaður, sem hægt er að blessa' í þýðingu frá 16. öld, *blómberandligr* 'blómstrandí'

<sup>7</sup> Athyglisvert er að Noreen minnst fyrst á -anlegur-orðin í tengslum við brottfall tannhljóðsins í fjórðu útgáfu bókar sinnar, þeirri sem stuðst er við hér.

í handriti frá um 1700 (en *blómberanligr* í sama texta í handriti frá 14. öld), *óþolandligr* ‘óþolandi, sem ekki er hægt að þola’ („óþolandligr brunni sólarinnar“, handrit frá um 1340), *búandligr* í merkingunni ‘sem líkist bónda’ (14. öld), *skínandligr* ‘skínandi, bjartur’, um ljós (um 1540) og atviksorðið *hjáverandligr*, notað um ‘e-ð sem er og verður’ (1200–1225). Í nútímamáli er tannhljóð varðveitt í fáeinum orðum, *búandlegur* ‘sem líkist bónda (um mann); sem hægt er að búa á (um jörð)’, *gerandlegur* ‘sem er gerandi, sem gerir’, einnig í *þegjandlegur* ‘þögull’ sem reyndar virðist ekki koma fyrir í orðabókum en sem höfundar þessarar greinar þekkja og fáein dæmi eru um á netinu og á sér hliðarmyndina *þegjandalegur*. Hér má enn fremur nefna hugmynd Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1995) um að *einkanlegur* ‘sérlegur; tágætur’ eigi sér e.t.v. rætur í \**einkandlegur*, og nefnir hann þar til hliðsjónar sögnina *einka*.

Eins og hér sést, þegar dæmin að framan eru skoðuð, virðast orð sem hafa *-and-* á undan *-legur* bera í sér (eða a.m.k. geta borið í sér) annars konar merkingu en sagnleiddu lýsingarorðin sem oftast en ekki fela í sér merkinguna ‘sem hægt er að ...’. Þetta á a.m.k. við um *blómberandligr*, *búandlegur* þegar það merkir ‘sem líkist bónda’, *gerandlegur*, *skínandligr* og *þegjand(a)legur*. Þetta útilokar auðvitað ekki að tilgátan um uppruna *-anlegur* úr *-and(i)* + *-legur* sé rétt en dæmafæðin gerir slíka ályktun óörugga.

### 3.3 Niðurstaða

Lítil von virðist vera til þess að með vissu sé hægt að velja á milli þeirra tveggja kosta sem hér voru nefndir enda hafa báðir sitthvað til síns ágætis. Málin þarfnast þó frekari umfjöllunar eins og í ljós mun koma í næstu köflum.

## 4 *-anlegur*: Formleg og merkingarleg vensl við grunnorð

### 4.1 Inngangur

Í þessum kafla verða tekin til skoðunar ýmis atriði sem varða merkingarlegt hlutverk og tíðni lýsingarorða sem mynduð eru af sögn,

samstöfunni *-an-* og viðskeytinu *-legur*.<sup>8</sup> Eins og minnst var á í inn-gangi virðast fljótt á litið einkum tveir kostir líklegir við samtímalega greiningu, þ.e. að um sé að ræða viðskeyti, *-an-*, og þá viðskeytaröðina *-an-legur*, eða að hugsanlega sé á ferðinni tengihljóð, *-n-*. Hér verður síðari kosturinn lagður til hliðar um stundarsakir enda hafa tengihljóð ekki merkingu eða merkingarhlutverk.

Efnisskipan þessa kafla er á þá leið að í 4.2 verða sagnir sem standa með *-anlegur* ræddar og flokkaðar eftir ýmsum viðmiðunum, jafnt sögulegum sem samtímalegum, auk þess sem merkingarlegt hlutverk frumlags sagnanna verður skoðað. Það er gert til að varpa ljósi á merkingu og hegðun orðanna sem enda á *-anlegur*. Í 4.3 verða merkingarleg vensl orða með *-anlegur* við lýsingarhátt nútíðar skoðuð og í 4.4 verður fjallað um lýsingarorð sem enda á *-anlegur* og kvenkynsnafnorð sem enda á *-an*. Í 4.5 verður rætt um tengsl viðskeytisins *-an/-un* við *-anlegur*, einkum í orðum eins og *blessunarlegur* þar sem nafnorðið er í eignarfalli. Í 4.6 eru aðalatriði kaflans dregin saman.

## 4.2 Vensl *-anlegur*-orða við sagnir

### 4.2.1 Formleg vensl

Langflest lýsingarorð sem enda á *-anlegur* tengjast merkingarlega samstofna sögn. Oft er jafnframt til kvenkynsnafnorð myndað af sömu sögn með verknaðarviðskeytinu *-an/-un*, sbr. 3. kafla og nánari umfjöllun í 4.4. Þessum ytri venslum má lýsa þannig:

- (2) *Nafnorð*                      *Sögn*              *Lýsingarorð*  
 flokkun/flokkan ~ flokka ~ flokkanlegur

Sögnin *flokka* ‘skipa í flokka, raða niður’ lýsir verknaði þar sem við sögu koma gerandi sem frumlag og þema sem andlag: „María flokkaði bækurnar.“ Nafnorðið *flokkun* lýsir þeirri athöfn sem í sögninni felst, þ.e. ‘það að flokka bækurnar’ í þessu tilviki. Lýsingarorðið vísar til þess sem hægt er að gera við andlagið, bækurnar eru flokkanlegar. Tengsl milli germyndar, þolmyndar, verknaðarnafnorðs og afleiðslu með *-anlegur* sjást glögg í (3):

<sup>8</sup> Ítarlegt yfirlit yfir grunnorð með *-legur* á tímabilinu 1600–1900 er að finna hjá Þorsteini G. Indriðasyni (2023).

- (3) a. *X flokkaði bækurnar* (germynd), bækurnar voru *flokkaðar* (þolmynd)  
 b. *Flokkun* bókanna, *flokkun* á bókunum (verknaðar-nafnorð)  
 c. Bækurnar eru *flokkanlegar* (afleiðsla)

Þessi orðmyndun er frjó og lifandi og auðvelt er að mynda ný orð, t.d. *dissanlegur*, *rantanlegur* og *moppanlegur* með hliðsjón af nýlegum tökusögnum, *dissa* 'vera á móti e-m, leggja fæð á e-n', *ranta* 'nöldra, blaðra' og *moppa* 'þrífa (gólf) með moppu', svo að dæmi séu tekin. Þar er augljóslega um að ræða nýmyndun með virkum orðmyndunarferlum. Á hinn bóginn þættu nafnorð eins og t.d. *\*moppa* vafalítið ótæk, sem og lýsingarorðin *\*dissanlegur*, *\*moppunlegur* og *\*röntunlegur*, mynduð með hinu mjög svo virka viðskeyti *-un*. Ótæku dæmin með *-un* skýrast af því að viðskeytið krefst eignarfallsendingar í afleiðslunni en íslensk verknaðarorð af þessum sögnum eru *dissun*, *moppun* og *röntun*.<sup>9</sup>

Hvernig sem uppruni lýsingarorðanna sem enda á *-anlegur* er skýrður blasa vensl við sagnir langoftast við. Í (4) eru sýnd dæmi um slík vensl við ýmsar tegundir sagna.

(4)	A	<i>Veikar sagnir</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	1 (-ö)	lækna, bila	læknanlegur, bilanlegur
	2 (-ja)	selja, temja	seljanlegur, temjanlegur
	3 (-ja)	breyta, rifta	breytanlegur, riftanlegur
	4 (-ē)	trúa, duga	trúanlegur, duganlegur
	B	<i>Sterkar sagnir</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	1. fl.	líða, slíta	líðanlegur, slítanlegur
	2. fl.	brjóta, þrjóta	brjótanlegur, þrjótanlegur
	3. fl.	finna, hverfa	finnanlegur, hverfanlegur

<sup>9</sup> Greinarhöfundar hafa heyrt orðið *röntun* notað í tali. Orðin *dissun* og *moppun* finnast á „prenti“, *dissun* t.d. í athugasemd við blogg á vefsíðu DV í apríl 2011 (blog.dv) og *moppun* t.d. í *Morgunblaðinu* 30.9. 2016, bls. 30 (sérblað) (sjá *Tímarit.is*). Nánast má fullyrða að lýsingarorðin *\*dissunlegur*, *\*moppunlegur* og *\*röntunlegur* verði aldrei til enda brjóta þau gegn máltilfinningu flestra. Eina sambærilega dæmið sem höfundar þekkja er ao. *klögunliga* í þýðingu frá 16. öld (*Reykjahólabók*, sjá ONP). Hins vegar er vel hugsanlegt að *dissunarlegur* og önnur slík verði til enda fyrirmyndir nægar (sjá kafla 4.5).

4. fl.	bera, skera	beranlegur, skeranlegur
5. fl.	gefa, sjá	gefanlegur, sjáanlegur
6. fl.	fara, skafa	faranlegur, skafanlegur
7. fl.	leika, fá	leikanlegur, fáanlegur
C	Núþálegar sagnir eiga, vita	Lýsingarorð eiganlegur, vitanlegur
D	Tvöföldunarsagnir (ri-) snúa	Lýsingarorð snúanlegur

Eins og vikið var að í kafla 3.1 mun -an (viðskeytaparið -an/-un) upprunalega hafa verið bundið við myndun nafnorða af fyrsta flokki veikra sagna (*ō-sögnum*). Ýmis gömul dæmi eru þó um myndun af sögnum úr öðrum flokkum, sem fyrr segir. Séu berir stofnar ólíkra lýsingarorða (án forskeytis og forliðar) sem enda á -anlegur í safni ROH skoðaðir með tilliti til vensla við veikar sagnir fyrsta flokks annars vegar og hins vegar sterkar sagnir og hvenær þau koma fyrst fyrir er niðurstaðan þessi:<sup>10</sup>

(5) Öld	Lýsingarorðs- flettur	Vensl lýsingarorða við sagnir ō-sagnir	sterkar sagnir
16.	97	24	15
17.	121	40	15
18.	166	47	16
19.	210	49	23
20.	283	60	27

Hér má sjá að fleiri lýsingarorð tengjast veikum sögnum af fyrsta flokki (*ō-sögnum*) en þeim sterku og ef forskeyttar eða forliðaðar sagnir væru teknar með myndi sá fjöldi aukast talsvert. En varasamt er að draga of víðtækar ályktanir enda eru veikar sagnir af fyrsta flokki svo margfalt fleiri en þær sterku. Hlutfallslega eru færstar veikar sagnir af fyrsta flokki frá 17. öld eða um 19% en flestar frá 18.

<sup>10</sup> Lýsingarorðsflettur í (5) eru samtals 877. Orð frá síðari hluta aldar eða fyrri hluta þeirrar næstu eru í ROH merkt með aldartölu og „s“ og „f“, t.d. „17s18f“, og eru slík dæmi hér talin með dæmum frá fyrri öldinni.

öld eða tæplega 29%. Sterkar sagnir verða hlutfallslega færstar á 20. öld eða 9,5% en flestar á 16. öld, rúmlega 15%. Hér verður að hafa í huga að textamagn hverrar aldar í ROH er mismikið og eðlisólíkt. Textar frá 16. öld eru ekki aðeins miklu færri en t.d. þeir frá 19. öld, heldur eru þeir fyrrnefndu allir eða langflestir af kristilegum toga. Textar frá þeirri síðarnefndu eru ekki aðeins miklu fleiri heldur mun fjölbreyttari (sjá yfirlit um textategundir í ROH og fjölda þeirra á hverri öld hjá Ástu Svavarsdóttur o.fl. 1993:3).

#### 4.2.2 Merkingarleg vensl við grunnorð

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd varða formlega þætti þeirra sagna sem lýsingarorðin sem enda á *-anlegur* eru í venslum við. Hér á eftir verður horft til merkingarlegra eiginleika sagnanna með það að markmiði að varpa nánara ljósi á merkingu samstöfunnar *-an-*. Í því skyni verður litið til hegðunar viðkomandi sagnar. Þannig má t.d. skoða hvort sögnin lýsi ástandi eða framvindu, lokaniðurstöðu eða ekki. Í öllu þessu skiptir hlutverk frumlagsins miklu máli. Um það sem hér er sagt um merkingarflokkun sagnanna má t.d. lesa hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (1997–1998:16–17; 2005:488–495).

Mjög margar sagnir eru með gerandafrumlagi og teljast til aðgerðarsagna. Það er gerandinn sem með vilja vinnur verk sem hefur í sér fólgin endapunkt. Dæmi um slíkar sagnir eru *hækka* og *blása upp* (taka með sér þolfallsandlag), *breyta* (tekur með sér þágufallsandlag) og *vænta* (tekur með sér eignarfallsandlag). Andlagið er alltaf þema (þolandi). Lýsingarorðin eru *hækkanlegur*, *uppblásanlegur*, *breytanlegur* og *væntanlegur*. Tökum dæmi af *hækka* og *breyta*. Bæði orðin vísa til þess sem hægt er að gera, hækka eða breyta. Eins og sjá má er andlag sagnarinnar frumlag með lýsingarorðinu sem hefur svipaða merkingu og þolmynd enda gerandinn ekki tilgreindur. Til hægðarauka verður talað um þolmyndarmerkingu.

- (6) a. Jón *hækkar* húsið. Húsið er *hækkanlegt*.  
 b. Jón *breytir* húsinu. Húsið er *breytanlegt*.

Frumlög sumra sagna eru skynjendur (reynendur) og þemu (þolendur). Þær sagnir teljast til svokallaðra ástands- eða atburðarsagna. Þær fyrrnefndu lýsa ástandi eins og t.d. *skilja*. Þær síðarnefndu lýsa því sem einfaldlega gerist. Dæmi um slíka sögn er *gleyma*.



- (7) a. Jón skildi ekki ljóðið. Ljóðið var óskiljanlegt.  
 b. Jón gleymdi ekki ljóðinu. Ljóðið var ógleymanlegt.<sup>11</sup>

Áhrifslausar sagnir eins og *bila* og *rotna* eru líka einatt í venslum við umrædd lýsingarorð. Í tilvikum beggja sagnanna er frumlagið þema enda gerir það ekki neitt; sagnirnar eru atburðarsagnir. Þemafrumlagið er svo áfram frumlag með lýsingarorðinu.

- (8) Jurtaleifar *rotna* hratt. Jurtaleifar eru *auðrotnanlegar*.

Svokallaðar athafnasagnir eru forvitnilegar. Frumlag þeirra er „líklega oftast gerandi“ eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2005:493) kemst að orði. Hann segir raunar líka að virkni frumlags þessara sagna sé mismikil. Sagnirnar fela í sér framvindu, þó án raunverulegs endis. Dæmi um slíkar sagnir eru t.d. þær fjölmörgu sem varða hreyfingu, sbr. *ganga*, *iða*, *labba*, *sprikla* og *trimma*, allar áhrifslausar. Með sumum sögnunum er erfitt að mynda orð með *-anlegur*. Það gengur t.d. varla að mynda *\*iðanlegur eða \*sprikanlegur* út frá venjulegri merkingu sagnanna *iða* og *sprikla*, en ekki er útilokað að hugsa sér samhengi þar sem orð eins og *ganganlegur* og *labbanlegur* og jafnvel *trimmanlegur* væru *nothæf*.<sup>12</sup>

### 4.3 Merkingarleg vensl orða með *-anlegur* við lýsingarhátt nútíðar

Mörg dæmi eru um að lýsingarháttur nútíðar af áhrifssögnum standi með andlagi germyndarsetningar í þolmyndarmerkingu, sbr. Jón Friðjónsson (1982:195), Halldór Ármann Sigurðsson (1992:340–343) og Wood og Einar Frey Sigurðsson (2014:353).<sup>13</sup> Þetta má t.d. sjá í A í (9). Það má hugsa sér að þar búi að baki setningar á borð við *e-r getur (ekki) drukkið kaffið / huggað barnið / trúað sögunni*.<sup>14</sup> Í B sést hins vegar

<sup>11</sup> Hér gæti frumlagið í fyrri setningunni staðið sem óbeint andlag / aukafallsliður í þágufalli: *Ljóðið var Jóni ógleymanlegt / Jóni var ljóðið ógleymanlegt*.

<sup>12</sup> Allnokkur dæmi eru um *ganganlegur* á netinu og í Rmh., t.d. „Þetta er „hverfið“ mitt sem er vel ganganlegt og hjólafært en keyra þarf hring á hraðbrautum til að komast á milli.“ (Twitter).

<sup>13</sup> Þessa umræðu er líka t.d. að finna hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Egerland (2009) og Antoni Karli Ingasyni o.fl. (2016). Umræðan um þolmyndarmerkingu lýsingarháttar nútíðar er þó miklu eldri, sbr. t.d. Nygaard (1905:244). Sverdrup (1911:156–160) minnst líka á þetta (sbr. kafla 3.2 og 4.4).

<sup>14</sup> Það vekur athygli að sum orð með *-anlegur* geta helst ekki staðið án forskeytis, sbr. *?gleymanlegur* en *ógleymanlegur*, *?rotnanlegur* en *auðrotnanlegur*.

að í stað lýsingarháttarins má nota lýsingarorð sem enda á *-anlegur* sem sérstæð lýsingarorð (sjá einnig Wood og Einar Frey Sigurðsson 2014). Það sýna dæmin í (9).

- |     |                                     |                                    |
|-----|-------------------------------------|------------------------------------|
| (9) | A                                   | B                                  |
|     | a. Kaffið er vel <i>drekkandi</i> . | Kaffið er vel <i>drekkanlegt</i> . |
|     | b. Kaffið er <i>ódrekkandi</i> .    | Kaffið er <i>ódrekkanlegt</i> .    |
|     | c. Barnið er <i>óhuggandi</i> .     | Barnið er <i>óhugganlegt</i> .     |
|     | d. Sögunni er vel <i>trúandi</i> .  | Sagan er vel <i>trúanleg</i> .     |

Dæmin í A og B í (9) eiga það sameiginlegt að merking hvers pars tákna-  
ar það sem (ekki) er hægt að gera, t.d.: ‘kaffið er hægt að drekka’, ‘hægt  
er að drekka það’; ‘barnið verður ekki huggað’, ‘ekki er hægt að hugga  
það’. Hins vegar er setningafræðilegur munur á setningagerðunum í  
A og B. Hann er sá að frumlagið með lýsingarorðunum í B er alltaf  
í nefnifalli, hvert sem andlagsfall viðkomandi sagnar er. Á hinn  
bóginn er frumlagið með lýsingarhætti nútíðar, í A, í nefnifalli sé  
andlag sagnarinnar þolfall (formgerðarfall) en ef andlagið er þágufall  
(orðasafnsfall) þá varðveitist það sem frumlag með lýsingarhættinum.  
Varðveisla orðasafnsfallsins með lýsingarhættinum er því sú sama  
og í þolmynd. Bæði lýsingarháttur nútíðar og lýsingarorðin fá auð-  
veldlega forskeyti eða forliði, þá helst ó- af merkingarlegum ástæðum  
(sjá einnig Wood og Einar Frey Sigurðsson 2014).

Dæmin um lýsingarorðin eru fjölmörg. Hins vegar er ekki alltaf  
hægt að finna setningar með lýsingarhætti nútíðar sem lýsa því sama  
og lýsingarorð með *-anlegur* gera, ‘það sem (ekki) er hægt að gera’,  
a.m.k. ekki í eðlilegu máli. Hvernig á því stendur er ekki ljóst; a.m.k.  
blasir hin málfræðilega ástæða ekki við. Á hinn bóginn felst gildi  
fyrirliggjandi dæma í því að þau leiða vel í ljós þá þolmyndarmerkingu  
sem fólgin er í lýsingarorðum sem enda á *-anlegur*.

#### 4.4 Lýsingarorð sem enda á *-anlegur* og kvenkynsnafnorð sem enda á *-an*

Hér að framan (4.2.1) var minnst á verknaðarviðskeytið *-an/-un* og  
þegar í inngangi var þess getið að mörg lýsingarorð sem enda á *-anlegur*  
væru í venslum við verknaðarnafnorð mynduð af sama sagnstofni.  
Þetta viðskeytapar er að því leyti sérstakt að virk orðmyndun með

Því er í nútímamáli bundin við fyrra afbrigðið, *-un*, en var í eldra máli mun frekar bundin við hið síðara, *-an*, sem fyrr segir (sjá 3.1). Það flækir málið nokkuð að þótt afbrigðið *-an* komi ekki fram í nefnimynd nýmyndaðra orða í nútímamáli er það reglulegt allómorf í beygingu orðanna, sbr. nf. et. *skipun* en nf. og þf. flt. *skipanir*, ef. flt. *skipana*. Enn fremur eru dæmi um að grunnmynd með *-an* sé enn í notkun, einkum í formlegu máli, t.d. nf. og þf. et. *skipan* og *ætlan* sem algengt er að sjá í lögfræðimáli. Frá málmyndunarfræðilegu sjónarhorni má væntanlega líta svo á að orð af sama tagi og *skipan* séu geymd sem slík en ekki mynduð sérstaklega með virkri orðmyndunarreglu eða við virkt orðmyndunarferli.

Við leit að orðum sem enda á *-an/-un* í ONP komu í ljós vel yfir 1.500 orð með umræddu viðskeytapari og eru grunnorðin með *-legur*, þ.e. rót+ *-an*, rúmlega 660. Í ROH er að finna 2.634 flettur nafnorða sem enda á *-an* (kvenkyns og hvorugkyns). Af þeim eru kvenkynsorðin líklega um 1.700. Mörg orðanna eru samsetningar en grunnorðin eru um 750. Fletturarnar sem enda á *-un* eru hins vegar mun fleiri eða vel yfir 15 þúsund.

Í 4.2.2 voru nefnd nokkur dæmi þar sem hegðun og merking sagna varpar ljósi á lýsingarorð sem eru í langflestum tilfellum dregin af sögn en til eru fáein dæmi um nafndregin lýsingarorð sem enda á *-anlegur*, þ. á m. *hjartanlegur* og *tímanlegur* sem lýsa ástandi. Bæði þessi orð eru gömul í málinu. Í ROH og ONP er fyrra orðið ýmist með *n* eða ekki: *hjarta(n)legur* (*-ligr*). Í ONP eru ekki dæmi um seinna lýsingarorðið en nokkur dæmi um samstofna atviksorðið *tímanliga* og þar er einnig að finna sambærilegt lýsingarorð án *n*, *tímaligr*. Bæði *tímalegur* og *tímanlegur* koma fyrir í safni ROH. Þessi tvö nafndregnu orð auk nokkurra annarra af líku tagi greina sig ekki aðeins frá öðrum orðum sem enda á *-anlegur* vegna myndunar sinnar heldur líka merkingarfræðilega enda eru engin sjáanleg tengsl við sögn. Þess má geta að Torp (1909:lx) taldi að „*hjartanligr* for *hjárt(a)ligr*“ væri að öllum líkindum af þýskum uppruna en færði ekki rök fyrir því né sýndi hugsanlega þýska fyrirmynd orðsins. Stundum er talið að merkingin sé undir þýskum áhrifum (sbr. *Ordbog over det danske Sprog* undir *hjertelig*) og má vera að Torp eigi við það, en *hjartanligr*, *hjártaligr* og *hjártligr* eru gömul í íslensku og næg dæmi um þau allt frá um 1300 og á fyrri hluta 14. aldar. Sverdrup (1911:160) veltir upp þeim möguleika að *n* í *hjartanlegur* sé til komið vegna áhrifa eignarfallsins *hjártans*; hið sama kemur fram hjá Alexander Jóhannessyni (1927:66). Þessum mun á sagndregnum og nafndregnum lýsingarorðum mætti lýsa þannig

með hliðsjón af Aronoff (1976:48) að í orði leiddu af sagnorði eins og *hækkanlegur* væri merkingin ‘sem hægt er að hækka’, jafnvel ‘sem getur hækkað’ („capable of being Xed (where X is the base)“) en í *hjartanlegur* væri *hjarta* grunnorð merkingarinnar („characterized by X (where X is the base)“).

#### 4.5 Staða *-un/-an-* með *-legur* og virkni *-anlegur*

Í upphafi kafla 4.2.1 var vísað til orða í venslum við sögnina *flokka*. Dæmið er endurtekið hér.

(10)	<i>Nafnorð</i>	<i>Sögn</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	flokkun/flokkann ~	flokka ~	flokkanlegur

Viðskeytið *-an/-un* í nafnorðinu felur í sér ákveðna merkingu, þ.e. orð myndað með því er heiti á verknaði, þeirri athöfn sem í sögninni felst. Viðskeytið ákvarðar um leið beygingu og kyn orðsins, slík verknaðarnafnorð eru alltaf kvenkyns. Í lýsingarorðum eins og *flokkanlegur* ber samstafan *-anlegur* í sér þá merkingu þegar viðskeytið *-legur* fer á eftir að hægt sé að gera það sem sögnin lýsir eða með öðrum orðum framkvæma þann verknað sem nafnorðið felur í sér. Það er því ljóst að umtalsverð merkingar- eða hlutverkatengsl eru á milli annars vegar *-an/-un* og hins vegar *-anlegur*.

Sem fyrr segir er framangreind orðmyndun nafnorða í nútímamáli aðeins virk með viðskeytisafbrigðinu *-un*, þ.e. *flokkun*, þó að alló-morfísk vensl séu á milli *-un* og *-an* innan beygingar orðanna. Með hliðsjón af því er hugsanleg staða viðskeytaparsins *-un* og *-an* með viðskeytinu *-legur* athyglisverð. Sé litið svo á að grunnmynd nafnorðs sem myndað er með *-un* sé um leið stofnmynd þess þá ætti stofnsamsetning með slíku orði og viðskeytinu *-legur* að leiða af sér lýsingarorð á borð við *\*flokkanlegur* (sjá 4.2.1). Í nútímamáli eru þó engin dæmi um orð mynduð á þann hátt sem við þekkjum til. Við höfum rekist á eitt dæmi um slíkt í gömlum ritum (sbr. neðanmálgrein 9 í 4.2.1). Orð myndað með *-un* getur einungis staðið með *-legur* í nútímamáli ef eignarfallsending kemur á milli, þ.e. *-unarlegur*, sbr. orð eins og *blessunarlegur*, *forritunarlegur*, *stjórnunarlegur* – og auðvelt er að mynda ný orð af sama tagi.<sup>15</sup> Afbrigðið *-an* getur einnig komið fyrir í þessari stöðu en er afar fátítt. Þannig eru í ROH einungis tvær

<sup>15</sup> Þetta hefur verið nefnt *klofin viðskeyting*, sjá Þorstein G. Indriðason (2021:101–104).

flettur sem enda á *-anarlegur*, þ.e. *orðskipanarlegur* og stakdæmið *einháttanarlegur* úr *Nýja testamentinu* 1540. Í ONP eru fá orð af þessu tagi með *-un* lýsingarorðið *ströffunarligur* og atviksorðið *undrunarliga* og með *-an* lýsingarorðin *foraktanarligur*, *forsómanarligur*, *guðlastanarligur* og atviksorðið *minnkanarliga*. Geta má þess að ROH staðfestir frekar litla notkun á *-anar-* almennt við orðmyndun (alls 255 flettur) og mikla notkun á *-unar-* (rúmlega 13.000 flettur).

Ef samstafan *-an-* í *-anlegur* er í reynd viðskeytið *-an/-un* þyrfti að líta svo á að um væri að ræða orðmyndun með því afbrigði viðskeytisins sem annars er ekki lengur virkt, eða þá að um væri að ræða orðmyndun með allómorfi sem ekki birtist í stofngerð orðsins. Það er auðvitað hugsanlegt en væri nokkuð sérstakt. Með þetta allt í huga væri áhugavert að skoða hvort samstafan *-an-* geti e.t.v. átt uppruna sinn í lýsingarháttarviðskeytinu *-and(i)*, sbr. umræðu í 3. kafla, og verður hugað að því í kafla 5.1.3.

Lýsingarorðin sem enda á *-anlegur* eru í meginatriðum merkingarlega einsleit. Þau eru hins vegar stundum í merkingarlegri, eiginlega innbyrðis, andstöðu við orð sem enda á *-unarlegur*. Dæmi um það eru *blessanlegur* og *blessunarlegur*, *stjórnarlegur* og *stjórnunarlegur*. Sé dæmi tekið af fyrra þarinn þá er merkingarmunur orðanna fólgin í því að *blessanlegur* hefur þolmyndarmerkingu (sbr. 4.2.2 að framan), hægt er að blessa þann/það sem um ræðir. *Blessunarlegur* er hins vegar germyndarmerkingar, og raunar hefur orðið svipaða merkingu og *hamingjusamur* og *heillaríkur*. Orðið *endanlegur* er athyglisvert. Merking þess er eitthvað það sem er endanlegt. Í venjulegu máli merkir þetta sama og lokaniðurstaða þess sem um ræðir. Það sem er *óendanlegt* getur hins vegar ekki endað, endahnútur verður ekki bundinn. Merking orðsins/orðanna (*ó*)*heyranlegur* varðar það sem er hægt / ekki hægt að heyra. Hins vegar er engin slík merking fólgin í orðinu *tilheyranlegur*. Það orð hefur hreina ástandsmerkingu.

## 4.6 Niðurstaða

Í þessum kafla hefur verið fjallað um formleg og merkingarleg vensl *-anlegur* við samstofna sagnir og tegundir þeirra. Dregnar voru fram ýmsar tölur sem varpa frekara ljósi á notkun *-anlegur*-orðanna. Einnig var horft til lýsingarháttar nútíðar í samanburðarskyni.

## 5 Hvernig má greina *-an-* samtímalega?

Í undanfarandi kafla mátti sjá dæmi um samstöfuna *-an-* með viðskeytinu *-legur* frá ýmsum tímum. Í þessum kafla er komið að því að greina nánar hvað þessi samstafa er eða gæti verið í nútíamáli. Reifaðir verða nokkrir möguleikar á samtímalegri greiningu viðskeyttra orða með þessari samstöfu innanborðs.

Kaflanum er skipt í fjóra efniskafla. Í 5.1 er áhersla lögð á viðskeyti. Rætt verður um möguleikann á að greina *-an-* sem viðskeyti í 5.1.1, um möguleikann á að greina *-anlegur* sem eitt viðskeyti í 5.1.2 og um það hvort *-an-* stafi upphaflega frá viðskeytinu *-and(i)* í 5.1.3. Í 5.2 verður rætt um það hvort *-n-* geti verið tengihljóð og rök að baki slíkri greiningu.

### 5.1 Viðskeyti sem möguleiki

#### 5.1.1 *-an-* sem viðskeyti?

Hér að framan hefur nokkrum sinnum verið rætt um kvenkynsnafnorð sem enda á *-un* og *-an*. Eins og fjallað var um í 4.2.1 og nánar í 4.4 er hér um að ræða viðskeytapar með einn og sama uppruna. Sem fyrr segir er viðskeytisafbrigðið *-an* óvirkt í nútíamáli við myndun sagnleiddra nafnorða. Þar hefur afbrigðið *-un* tekið við. Það er mjög vel virkt og með því er auðvelt að mynda ný orð, m.a. af tökusögnum á borð við *grilla* → *grillun*, *moppa* → *moppun*, *skanna* → *skönnun* og *skala* → *skölun*. En í öllum tilvikum væru *-an-*orð þarna ótæk. Eldri orð með *-an* (*hugsan*, *blessan* o.s.frv.) hafa jafnframt að mestu leyti lotið í lægra haldi fyrir hliðstæðum með *-un*. Frá sjónarhóli nútíamáls virðist ljóst að skilja þurfi þessi tvö afbrigði gamla viðskeytaparsins að og er e.t.v. einfaldast að líta á þau sem tvö viðskeyti þrátt fyrir sameiginlegan uppruna, annað orðmyndunarlega virkt og hitt gamalt og óvirkt.

Mikil líkindi eru milli viðskeytisins *-an* og samstöfunnar *-an-* í klasanum *-an-* + *-leg-*. Formleg líkindi eru auðvitað augljós svo og hitt að við hlið margra *-anlegur-*orða eru til sagnleidd kvenkynsnafnorð sem enda á *-an* (og/eða *-un*). Með þetta í huga er ástæða til að skoða nánar hvort eðlilegt kunni að vera að greina samstöfuna *-an-* í *-anlegur-*orðum einfaldlega sem gamla viðskeytisafbrigðið *-an*. Hér verður hugað að þeim möguleika.

Með því fyrsta sem þyrfti að spyrja væri hvers vegna -an sé virkt og lifandi viðskeyti á undan -legur en annars ekki. Gæti það e.t.v. verið náíð samband eða samlífi þessa gamla viðskeytis við hið virka viðskeyti -legur sem geri orðum með -an kleift að vera á sinn hátt áfram hluti af málinu, sem hluti afleiddra orða? En af hverju ætti eitthvert tiltekið viðskeyti að verða virkt við þær aðstæður? Við þessu eru fá svör. Það er t.d. harla ósennilegt að viðskeyti eða hvers kyns orðmyndun verði virk í kjölfar þess að hún sé þröngt afmörkuð og skilyrt á einhvern hátt, t.d. í nánnum tengslum við annað viðskeyti eða skilyrt af einhverju öðru málfræðilegu samhengi. Fremur mætti telja að slík takmörkun ynni gegn orðmyndunarlegri virkni (um virkni sjá m.a. Bauer 2001:205–209).

Ef þeim möguleika væri haldið opnum að -an sé viðskeyti sem einungis komi fram í tengslum við annað viðskeyti myndi það minna á annars konar orðmyndun sem leiðir af sér orðlíka liði eins og t.d. -lendi og -auðgi. Þeir koma vart fyrir sjálfstæðir heldur bundnir fyrri lið samsetningar, sbr. *votlendi* og *mannauðgi* (sjá Þorstein G. Indriðason 2016). Í dæminu -lendi er viðskeytinu -i bætt við *land*, og til verður orðmynd – sögulega séð við *i*-hljóðvarp á einhverju stigi norræns máls – sem aldrei eða nánast aldrei stendur sjálfstæð en verður að vera í tengslum við fyrri lið, sbr. *votlendi*. Orðmyndun með -an- svipar til þessa því að við nýmyndun í nútímamáli kemur samstafan nánast aldrei fyrir í sjálfstæðu orði heldur verður að vera í tengslum við annan orðlið, í þessu tilviki viðskeyti. Stong-Jensen (1987) kallaði orðmyndun með orðliðum eins og -lendi *lexical overgeneration* sem merkir í raun að viðskeytingin með -i búi til orð sem ekki geti staðið sjálfstæð.

Samkvæmt ROH og í framhaldi af því sem hér var sagt um hliðstæð sagnleidd kvenkynsnafnorð skal þess getið að orð með -anlegur eiga sér í færri tilvikum en fleiri nafnorð með -an/-un sér við hlið. Auðvitað ber að hafa í huga að varasamt er að ákveða hvað var til eða gat verið til í eldra máli en komst e.t.v. ekki á blað, en eigi að síður er þetta eftirtektarvert. Í ROH er ekki að finna dæmi um orðin *\*beygjan*, *\*dragan*, *\*gnæfan*, *\*hneigjan*, *\*leysan*, *\*snertan* og *\*víkjan* sem ættu að liggja að baki afleiddu orðunum *beygjanlegur*, (*út*)*draganlegur*, *gnæfanlegur*, *hneigjanlegur*, *leysanlegur*, (*ó*)*snertanlegur* og *víkjanlegur*, ef hér væri um að ræða orðmyndun með viðskeytinu -an. Hins vegar eru til orð eins og *tilhagan* og (*illsku*)*klagan*, sbr. sagnirnar (-)haga og (-)klaga sem eru sömu gerðar og *draga* en beygingin er ólík. Því er svo við að bæta að orð eins og t.d. *diffranlegur*, *forritanlegur*, *hlustanlegur*,

*niðurhalanlegur* og fjölmörg fleiri hafa ekki *-an*-orð sér við hlið, einungis *-un*.

Það er eitt einkenni afleiddra orða með sterka beygingu að þau geta komið fram sjálfstæð án beygingarendingar. Þetta sést glögg t.d. í þolfalli eintölu hjá fjölmörgum sterkbeygðum karlkynsorðum og hjá lýsingarorðum í nefnifalli í kvenkyni eintölu og nefnifalli og þolfalli í hvorugkyni fleirtölu, eins og hér má sjá dæmi um:

- (11) a. dreng-skap, fín-heit, fróð-leik, geit-ung, guð-dóm,  
hugsunar-hátt, ung-ling, vefn-að  
b. auð-ug, blíð-lát, hol-ótt, ljóð-ræn, rúss-nesk, skröf-ul,  
stráks-leg

Veikbeygð afleidd kvenkyns- og karlkynsorð geta aftur á móti eðlilega ekki staðið sjálfstæð í neinni beygingarmynd þar sem allar myndirnar krefjast endingar:

- (12) a. kvk. \*til-lag (tillaga), \*ár-átt (árátta), \*vit-neskj  
(vitneskja)  
b. kk. \*kenn-ar (kennari), \*stjórn-and (stjórnandi), \*veik-  
leik (veikleiki), \*ætt-ing (ættingi)

Sé samstafan *-an-* borin saman við viðskeytin í (11) þá fellur hún ekki vel að því sem hér er sagt um viðskeytt orð með sterka beygingu, enda verða orð með *-an-* í langflestum tilvikum að standa næst á undan *-legur*, sbr. t.d. *lesanlegur*, eins og hér hefur komið fram. Merkingarlega líkist samstafan *-an-* þó viðskeyti að því leyti að hún leggur til nýja merkingu, aðra en þá sem felst í viðskeytinu *-legur*. Til dæmis myndi sögnin *hækka* leiða af sér nafnorðið *hækkan* sem að vísu kæmi trúlega aldrei fyrir nú nema þá með *-legur* og fáeinum öðrum viðskeytum. Einstaka sagnleidd nafnorð sem enda á *-an* eru þó nothæf í nútímamáli, eins og áður hefur verið minnst á, t.d. *líðan*, (*orðanna*) *hljóðan*, *nýskipan* og *skipan mála*, *tilhlutan*, *tilstuðlan*, *vanlíðan*, *vísan til e-s* og *ætlan* (allt dæmi úr ROH) en sú orðmyndun er ekki virk lengur. Ný orð þessarar gerðar eru alltaf mynduð með virka viðskeytinu *-un*, sem fyrr segir, ekki með *-an*. Orðin sem enda á *-an* eru oftast og kannski nær alltaf gömul og málnotendur hafa tilfinningu fyrir því að þau séu annaðhvort hátíðleg, jafnvel gamaldags, eða hafi sérmerkingu sem sambærilegt orð með *-un* hafi ekki, sbr. umræðu í 4.5.

Samstafan *-an-* getur komið fyrir annars staðar en á undan *-legur*.



Slík orð eru fá og um er að ræða mjög takmarkaða orðmyndun. Í ONP koma fyrir orðin *ifanlauss*, *atskiljanleiki* og *atskiljanleikr* (16. öld), *efanleikr*, *eljanleysi* og *eljunleysi*, *kunnanleysi* (norskt), *þoranleysi*, *óefansamliga* og *þoranraun*, og í ROH er að finna -an- með ýmsum orðhlutum eins og í *lokkanfullur*, *anganlaus*, *eljanlaus*, *hugsanlaus*, *eljanleysi*, *iðranleysi*, *angansterkur*, *eggjansterkur*, *eljansterkur*, *langanþungur*. Dæmin eru fá og oftar en ekki úr kveðskap, sum nokkuð við aldur og vart eða alls ekki lifandi í nútímamáli. Annars vegar eru þetta orð með upprunalegum viðskeytum eins og -laus, -leysi og -semi. Hins vegar eru orð þar sem seinni liðurinn er ekki viðskeyti að uppruna heldur sjálfstætt orð sem verður fyrir merkingarhliðrun við samsetningu, -sterkur og -þungur (sjá t.d. Meibauer 2012 og Þorstein G. Indriðason 2016 um kerfisvæðingu og orðlíka seinni liði).

### 5.1.2 Viðskeytið -anlegur?

Ef til vill mætti hugsa sér að -anlegur sé einfaldlega ein heild, nýtt viðskeyti orðið til við samruna tveggja. Það myndi teljast til tíðinda í íslensku samhengi og eðlilegt að spyrja hvort eitthvað geti bent til þess og einnig hvað ynnist með slíkri túlkun.

Hér mætti velja upp bæði formlegum og merkingarlegum hliðum málsins. Formlega má t.d. segja að sé gert ráð fyrir að -anlegur tengist beint við sagnstofn, t.d. *hugs-anlegur*, þurfi ekki að skýra sérstaklega það að -legur geti ekki tengst beint við nafnháttarmynd, t.d. \**hugsalegur* (sjá Þorstein G. Indriðason 2017). Að auki eru líkur á því að endurtúlkun verði á -an- + -legur > -anlegur þegar samstafan -an- hefur verið lokuð af milli grunnorðs og viðskeytis í langan tíma. Við slíkar aðstæður eru meiri líkur en minni á að hlutverk -an breytist. Á móti kemur að sé -anlegur talið eitt viðskeyti, runnið saman úr tveimur, yrði líklega að gera ráð fyrir að t.d. -anleiki og -anleikur væru sérstök ný viðskeyti, sem hlyti að teljast hæpið. Einnig má nefna að merkingartengsl eru með viðskeytum sem taka með sér -an- í íslensku. Þannig verður t.d. ekki séð að augljós innbyrðis munur sé á merkingu orðanna *áreiðanleiki* og *áreiðanleikur*. Í þeim endurspeglast grunnmerkingin í orðinu *áreiðanlegur*, þ.e. eitthvað sem hægt er að reiða sig á.

Ef -anlegur væri eitt viðskeyti gæti það skýrt hvers vegna -an kemur nær aldrei fyrir nú sem sjálfstætt viðskeyti í virkri orðmyndun án tengsla við annað viðskeyti, þá fyrst og fremst viðskeytið -legur. Á móti kemur hins vegar að engin dæmi eru um viðskeytaröð sem

runnið hefur saman í eitt viðskeyti. Dæmi eru einungis um að rót og viðskeyti geti runnið saman, sbr. þegar rötin *fal-* og viðskeytið *-legur* renna saman í *fallegur*, þ.e. /fa[tl]egur/, ekki /fal#legur/.

### 5.1.3 *-an-* dregið af lýsingarháttarviðskeytinu *-and(i)*

Í 3. kafla var getið þeirrar hugmyndar fræðimanna, m.a. Noreen (1923), að uppruna *-an-* í *-anlegur* kynni að vera að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, *-and(i)*. Þetta er á ýmsan hátt athyglisverð tilgáta. Breytingin *-and(i)* > *-an-* væri í sjálfu sér ekki flókin og tengslin við sagnir eru ótvíræð. Fæð varðveittra íslenskra dæma með *-andlegur* er þó slík að erfitt er að draga af þeim óyggjandi niðurstöður og að auki hefði mátt búast við einhverjum sporum, t.d. tvímýndum með *-an-* og *-and-*. Noreen nefndi máli sínu til stuðnings brottfall *d* í þriggja samhljóða klösum (1923:212–213). Hann rekur þar tæplega 30 orð og orðmyndir og bendir sérstaklega á „die vielen adj. auf *-an(d)legr*“ þar sem *d* hafi fallið brott. Hann tekur þar *elskanlegr* sem dæmi um brottfallsorð og ber saman við *dugandlegr* þar sem ekki hafi orðið brottfall. Um þetta vísar hann í greinargerð Sverdrups (1911) um lýsingarorð og atviksorð með viðskeytin *-ligr*, *-liga* (sjá 3.2 hér að framan). Sá galli er þó á skýringu Noreens að hann leggur hana að jöfnu við ritháttarleg atriði sem jafnvel má tengja við framburð þar sem *d* gæti fallið brott í þriggja hljóða klasa, t.d. *fræn(d)kona* og *hal(d)nir*, og orðin *an(d)marki* og *an(d)nes* sem nú eru *annmarki* og *annes/andnes*. En það er raunar ekkert sem kemur í veg fyrir klasann *nd+l*, hvorki í gömlum orðum né nýjum. Hjá Noreen örlar hvergi á þeirri hugsun að skýringin á falli *d* gæti tengst orðmynduninni sem slíkri og væri skilyrt af henni en væri ekki hljóðfræðilegs eðlis. Í framhaldi af þessu mætti halda því fram að endurtúlkun *-and(i)* til *-an-* væri einungis bundin við lýsingarhátt nútíðar – undantekningar frá því væru gömul orð eins og *gerandlegur* og *búandlegur* – og því ekki hægt að segja að sömu lögmál gildi um afleiðslu og samsetningu, þ.e. að endurtúlkun á *-and(i)* sem *-an-* þurfi ekki að ná yfir allar samstöfur með *-nd-*, sbr. að til eru samsetningar eins og *andlag* og *bandlopi*.

## 5.2 Tengihljóð sem möguleiki

Yfirleitt er litið svo á að *a*, *i*, *u* og *s* í samsetningunum *tóm-a-hljóð*, *dæm-i-gerður*, *ráð-u-neyti* og *keppni-s-harka* séu tengihljóð (e. linking elements, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason 1999, 2011 og 2014 og Guðrúnu Kvaran

2005:156 um íslensku, og Fuhrhop og Kürschner 2015 almennt um tengihljóð). Í þessari stöðu er beygingarlegt hlutverk þeirra ekkert. Þetta á hins vegar ekki við í orðum eins og *hest-a-mennska*, *sjúk-ra-hús*, *sög-u-skodun* og *lækni-s-hús* þar sem um er að ræða eignarfallsendingar í eignarfallssamsetningum. Sjálf tengihljóðin hafa verið til samhliða eignarfallsendingunum og koma aðallega fyrir milli fyrri og seinni hluta í samsettum orðum, sbr. *keppni-s-skap*, en geta einnig komið fyrir milli grunnorðs og viðskeytis, t.d. í *sýn-i-legur*. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að tengihljóð eru merkingarlaus: Þau bæta engu við merkingu fyrri liðarins. Eitt hlutverk þeirra er að þau eru stundum notuð til þess að létta undir með framburði erfiðra samhljóðaklasa, sbr. orð eins og annars vegar *drekkutími*, *hoppuróla* og *stingupeysa* og hins vegar *dóta-/draslaskápur*.

Í málum heimsins eru tengihljóð fjölbreyttrar gerðar, bæði sérhljóð og samhljóð rétt eins og í íslensku. Þeim er það sameiginlegt í fyrsta lagi að þau hafa ekkert beygingarlegt hlutverk, sbr. umræðu hér að framan, þó að þau geti haft sama útlit og beygingarendingar. Skýrt dæmi um þetta í íslensku er ólíkt hlutverk *s* í orðum eins og *keppnis*(teng.)*harka* og *læknis*(ef.et.)*hús* sem nefnd voru hér á undan. Hér má einnig nefna lýsingarorð með -*legur*, sbr. *málfræðis*(teng.)*legur* og þá tilhneigingu að skjóta samhljóði inn milli endasérhljóðs í fyrri hluta slíkra orða og viðskeytis, sbr. *notarlegur* og *asnarlegur* (auðvelt er að finna dæmi um slíkt, t.d. á *Tímarit.is*). Í öðru lagi hefur verið gert ráð fyrir því að tengihljóðin hafi þróast frá beygingarendingum í skandinavísku málunum aðallega en einnig t.a.m. þýsku. Í norsku hafa eignarfallsendingar verið endurtúlkaðar sem tengihljóð, oftast *e*, sbr. t.d. *jul-e-handel* (jól-a-verslun).<sup>16</sup> Í íslensku má sjá sams konar þróun varðandi tengihljóðið *s*, sbr. dæmi eins og *Aftureldingsmenn*, sjá Þorstein G. Indriðason (1999). Íslenska og færeyska hafa þó að hluta þróast með öðrum hætti en hin norrænu málin þar sem eignarfallsendingar hafa varðveist betur í samsetningum, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason (1999) og Höskuld Þráinsson o.fl. (2004).

Þegar kemur að hugsanlegri greiningu á *n* er ekki að sjá að *n* í *beygjanlegur*, *snúanlegur* og *hugsanlegur* stuðli að auðveldari framburði á sama hátt og tengihljóðin í *ruslafata* og *ráðuneyti* sem brjóta upp erfiða samhljóðaklasa eða bæta hrynjandi. Ef *n* væri tengihljóð þá hefði það

<sup>16</sup> Um þróun tengihljóða úr beygingarendingum í norsku má fræðast hjá Faarlund, Lie og Vannebo (1997), Þorsteini G. Indriðasyni (2011) og Remøy (2020) og um sams konar þróun í þýsku hjá Nübling og Szczepaniak (2013) og Fuhrhop og Kürschner (2015).

a.m.k. ekki sama hljóðfræðilega hlutverk og *a*, *s* og *u* í þessum orðum og öðrum sambærilegum. Frá sjónarhóli hreinnar formgerðar mætti segja að rökstuðningur fyrir því að *n* sé hreint tengihljóð sé fólgin í því að tengihljóðið auðveldi það að hægt sé að mynda formgerðir með nafnháttarmynd sagna í fyrri lið sem annars er ekki mögulegt í íslensku, sbr. það að *\*hugsalegur* er ótæk orðmyndun en *hugsanlegur* tæk, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason (2017). Ef gert er ráð fyrir því að *n* sé tengihljóð í dæmum á borð við *brúkanlegur*, *hjálpanlegur* (sbr. dæmi á *Tímarit.is*) og *skrifanlegur* þá væri sú notkun nær eingöngu bundin við formgerðir með nafnháttarmynd í fyrri lið og viðskeytið *-legur*, auk fáeinna dæma um nafnleidd orð, *hjartanlegur*, *tímanlegur* og e.t.v. örfá önnur, t.d. *upprunanlegur*. Ef til vill er Guðrún Kvaran (2005:140) á svipuðum slóðum án þess þó að segja það berum orðum þegar hún segir að „*-n-* sé skotið inn milli stofns og viðskeytis“. Hún segir reyndar einnig að *hugsanlega* sé *-n-* komið úr viðskeytinu *-and(i)* og fetar þar í fótspor þeirra fræðimanna sem telja að upprunans sé að leita í lýsingarhætti nútíðar, sbr. 5.1.3. Þess ber að geta að þeir Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014) taka undir orð Guðrúnar í nýlegri grein.

Eiríkur Rögnvaldsson (1988:4) minnst lítillega á orð eins og *væntanlegur*, *heyranlegur*, *þolanlegur* o.fl. þegar hann ræðir viðskeytið *-legur* og veltir þar fyrir sér hvernig líta beri á samstöfuna *-an-*. Hann bendir á, eins og hér hefur komið fram, að fyrri hluti orða af þessu tagi sé ekki til án *-legur*, þ.e. ekki nafnorð eins og *\*væntan*, *\*heyran* eða *\*þolan*, og varpar fram þeirri spurningu hvort ekki þurfi þar með einfaldlega að líta á (*a*)*n* sem „bandstaf(i)“. Kristín Bjarnadóttir (2005:127) er á sömu skoðun og byggir hana á hugmynd Eiríks. Hún segir: „Þá er *-an-* (eða *-n-*) í orðum eins og *hugsanlegur* einnig greint sem bandstafur hér.“<sup>17</sup> Þó að þessi hugmynd, að mögulega mætti líta á *-n-* eða *-an-* sem tengihljóð eða tengisamstöfu, hafi ekki víðar komið fram, né verið rædd sérstaklega nema í stuttu máli í framangreindum ritum, þá er rétt að nefna hana hér. Þess skal getið að þessi kostur er ekki nefndur í *Íslenskri orðhlutafræði* Eiríks Rögnvaldssonar (1990).

<sup>17</sup> Eiríkur og Kristín nota orðið *bandstafur* í sömu merkingu og *tengihljóð* sem notað er í þessari grein.

## 6 Tilraun til túlkunar á -an-

Í undangengnum köflum hefur verið rætt um nokkrar mögulegar greiningar á samstöfunni -an- þegar hún stendur með viðskeytinu -legur eða með öðrum viðskeytum. Hér á eftir verða þeir metnir, tillit tekið til þeirra atriða sem sýnast vega þyngst og bent á vænlegustu lausnina.

Hugsanlegt væri að líta svo á að samstafan -an- á undan -legur sé, sögulega séð, einfaldlega gamla verknaðarviðskeytið -an, sem enn sé við lýði í nútímamáli (sbr. 5.1.1). Það nýttist í eldra máli, ásamt systurviðskeyti sínu -un, við myndun nafnorða af sögnum. Nú kæmi þetta afbrigði viðskeytaparsins hins vegar nær eingöngu fyrir með viðskeytinu -legur, í mun minna mæli með fáeinum öðrum viðskeytum og orðhlutum. Sem fyrr væru nán tengsl við sögn í fyrri lið orðs. Gera mætti ráð fyrir orðmyndun af sagnrót eða e.t.v. tengingu við nafnhátt með sérhljóðsbrotfalli.

Þessi kostur er ekki óhugsandi, en skýra þyrfti hvers vegna þetta viðskeyti væri virkt við þessar sérstöku aðstæður og hvers vegna það er ekki lengur virkt við myndun verknaðarnafnorða í nútímamáli. Þrátt fyrir að til séu dæmi um sárafá nýleg orð eins og *yfirlesan*, sem sennilega er myndað laust fyrir miðja 20. öld (sbr. dæmi í ROH), eru slík orð ekki lengur afurð virkrar og óþvingaðrar orðmyndunar þótt þau hefðu verið það fyrr á öldum. Það dregur úr sennileika þessa kosts, enda væri erfitt að rökstyðja að fyrst færi fram í nútímamáli myndun nafnorðs sem á sér enga sjálfstæða yfirborðsbirtingarmynd og síðan verði ný orðmyndun með þeim stofni og viðskeytinu -legur.

Annar kostur væri að líta á samstöfuna -anlegur sem eina heild í nútímamáli og að gamla viðskeytið -an og viðskeytið -legur hafi á einhverju stigi málsins runnið saman í eitt viðskeyti (sbr. 5.1.2). Það myndi á sinn hátt skýra það að -an kemur ekki fyrir í virkri orðmyndun í nútímamáli sem sjálfstætt viðskeyti án tengsla við annað viðskeyti. Á móti kemur að engin þekkt dæmi eru um viðskeytaröð sem runnið hefur saman í eitt viðskeyti. Þess ber jafnframt að geta að væri -anlegur talið eitt viðskeyti, runnið saman úr tveimur, yrði einnig að gera ráð fyrir því að -anleiki og -anleikur væru sérstök ný viðskeyti, sem fyrr segir (jafnvel þrísamsett eins og -anlegleiki, -anlegleikur). Það verður að teljast fremur hæpið og slík skýring bæri keim af því sem kennt er við *ad hoc*-skýringar nema nánari rök komi til sem okkur hefur ekki tekist að finna.

Þriðji kosturinn væri að -an- í -anlegur eigi sögulega séð rætur að

rekja til lýsingarháttar nútíðar sem myndaður er með viðskeytinu *-and(i)*, (sbr. 4.3 og 5.1.3), og að enn séu tengsl þar á milli. Sá kostur kann í fljótu bragði að virðast ólíklegur því að þar þarf í skýringarskyni að leita til elsta málstigs íslenskrar tungu og jafnframt taka mið af og sætta sig við dæmafæð og takmarkaða textavarðveislu. Enn fremur þarf að gera ráð fyrir að tannhljóð hafi gegnumgangandi fallið brott, *-and(i) > -an-*. Til eru þó forn dæmi um lýsingarorð sem enda á *-andlegur*, mynduð af lýsingarhætti nútíðar og *-legur*, sem gætu styrkt þessa hugmynd, a.m.k. sögulega. Enda þótt þau séu fá þá benda þau til að slík orðmyndun hafi verið virk. Að því gefnu að þessi skýring á uppruna *-anlegur* eigi við sögulega séð þá hefur þar átt sér stað endurtúlkun þar sem nýja samstafan fékk hlutverk nýrrar orðmyndunar- eða byggingareindar (í skilningi t.d. Aronoffs 1976). Hún birtist nánast eingöngu á undan viðskeytinu *-legur*. Þessi byggingareind félli þá að nokkru leyti saman við viðskeytið *-an* sem fyrir var, einkum í formi en einnig að því er varðar orðmyndunarleg tengsl við sagnir.

Sé *-an-* komið úr *-and(i)* eru tengsl við sagnir skýr. Ákveðin merkingarleg tengsl eru líka ljós milli setninga með lýsingarhætti nútíðar og þeirra með lýsingarorðum sem enda á *-anlegur*, sbr. dæmin í (9). Merkingin er þolmyndarmerking (sbr. umræðu í kafla 4.2.2 að framan). Hér má sýna tvö dæmi um það sem um ræðir.

- (13) a. *X tæmdi glasið. Glasið er tæmandi+legt → Glasið er tæmanlegt.*  
 b. *X þoldi álagið. Álagið er þolandi+legt → Álagið er þolanlegt.*

Mínna má á að unnt er að nota lýsingarhátt nútíðar í þessari eða líkri merkingu, eins og dæmi voru tekin um í kafla 4.3. Eins og fram kom t.d. í 5.1.3 þá hefur þessi skýring verið nefnd í ritum eldri fræðimanna sem ekki telja hana fráleita.

Fjórði kosturinn væri að gera ráð fyrir að *n* í *-anlegur* sé tengihljóð (sbr. 5.2). Varðandi þann möguleika væri ekki útilokað að gera ráð fyrir að *n*-innskot væri leið tungumálsins til þess að geta haft nafnháttarmynd á undan *-legur*, t.d. *tæma* í *tæma-n-legur*.

Nokkur atriði mæla gegn þessari lausn. Í fyrsta lagi kemur nafnháttarmynd (sem oftast hefur (beygingar)endinguna *-a*) að öllu jöfnu hvorki fyrir á undan *-legur* né sem fyrri hluti samsetninga, sbr. Þorstein G. Indriðason (2017). Í öðru lagi verður að teljast hæpið

að gera ráð fyrir sérstöku tengihljóði sem hefur þá takmörkuðu dreifingu að koma einungis fyrir milli nafnháttarmyndar og -legur, séu fáein nafndregin orð eins og t.d. *hjartanlegur*, *tímanlegur* og *ánægjanlegur* undanskilin. Í þeim orðum er ekki útilokað að um sé að ræða raunverulegt tengihljóð sem eigi ekkert skylt við samstöfuna -an í -anlegur. Í þriðja lagi eiga tengihljóð venjulega uppruna sinn í eignarfallsendingum í fyrri lið í skandinavísku málunum, sbr. umræðu í 5.2 (sjá líka Fuhrhop og Kürschner 2015 um germönsk mál og þýsku sérstaklega þar sem tengihljóð eru rakin til gamalla eignarfallsendinga). Hefðbundin íslensk tengihljóð, *a*, *i* og *u*, sem sjá má í orðum eins og *eldiviður*, *ráðuneyti* og *tómahljóð*, eru hins vegar líklega leifar gamalla viðskeyta eða endinga (sjá umfjöllun um þetta hjá Guðrínu Kvaran 2005:155–156). Vart er hægt að halda því fram að -(a)n- eigi uppruna sinn í sambærilegum endingum eða viðskeytum. Í þriðja lagi eru tengihljóð venjulega rúin merkingu, sbr. 5.2, og Nübling og Szczepaniak (2013:86) halda því fram að við þróunina frá eignarfallsendingum til tengihljóða hafi merkingin horfið, hafi hún verið fyrir hendi á annað borð. Sem fyrr segir virðist samstafan -an- (eða samhljóðið *n*) hafa merkingarlegu hlutverki að gegna, hvort sem er í myndun sagnleiddra nafnorða (-an/-un) eða í sambandi við myndun lýsingarorða með -anlegur. Það mælir gegn tengihljóði en með viðskeyti, enda bæta viðskeyti ávallt einhverju við merkingu grunnorðs.

Því er við að bæta að framangreind rök á móti *n* sem tengihljóði ættu líka við um samstöfuna -an- ef litið væri á hana sem tengisamstöfu með sambærilegt hlutverk og tengihljóð. Hún væri þá eina fyrirbærið af slíkum toga í íslensku. Sá munur væri á þessari lausn og því að gera ráð fyrir tengihljóðinu *n* að hún myndi þó leysa þann aðferðafræðilega vanda sem orðmyndun með nafnháttarmynd sagnar felur í sér, sbr. umræðuna í 5.2.

Hér á undan hafa verið ræddir fjórir kostir og þeir vegnir og metnir. Niðurstaðan af þessu öllu er sú að vænlegast virðist vera að gera ráð fyrir því að samstöfuna -an- á undan -legur beri að skoða sem sérstakt viðskeyti samtímalega, enda sé ýmislegt sem bendi til þess að það sé dregið af lýsingarorðsviðskeytinu -and(i) í upphafi. Í þeirri stöðu sem það er í dag hefur það þó verið endurtúlkað þannig að það komi ekki fyrir án þess að tengjast öðrum viðskeytum, aðallega -legur, og er því ólíkt hinu sögulega viðskeyti -an hvað það varðar. Þetta myndi líka skýra hina nánú tengingu -anlegur við sagnir og einnig merkingarlegt hlutverk samstöfunnar -an-.

## 7 Umræða og lokaorð

Hér hefur verið fjallað um samstöfuna *-an-* með viðskeytinu *-legur* í orðum eins og *breytanlegur* og *brúanlegur*. Í inngangi var varpað fram þremur spurningum og eru þær rifjaðar upp í (14):

- (14) a. Hvernig ber að túlka samstöfuna *-an-* málfræðilega?  
 b. Hvers konar grunnorð geta staðið með *-anlegur*?  
 c. Hver er merking *-an-* þegar það stendur með *-legur*?

Eftir umfjöllun um ýmsa kosti til túlkunar á *-an-* í 6. kafla var komist að þeirri niðurstöðu að samtímalega væru veigamest rök fyrir því að greina samstöfuna sem viðskeyti. Sögulega væri hún dregin af lýsingarorðsviðskeytinu *-and(i)*. Enda þótt skýringin sé ekki ný, eins og komið hefur fram, þá hafa aldrei verið færð önnur rök fyrir henni en hljóðfræðileg. Þessi lausn er rökleg að því leyti að hún tengir *-an-* og þá sérstaklega *-anlegur* við sagnir sem eru grunnorð orðmyndunarinnar með *-anlegur* og *-an-* eykur við merkingu grunnorðsins eins og venja er um viðskeyti yfirleitt en það gera tengihljóð ekki. Það sem er hins vegar óvenjulegt við *-an-* í þessari stöðu er að í nútímamálinu er viðskeytið lokað af milli grunnorðs og viðskeytis og kemur sjaldnast fram eitt og sér með grunnorðinu, sbr. t.d. *\*hækkan*, en *hækkanlegur*. Lausnin gerir enn fremur ráð fyrir því að líta beri á *-anlegur* sem viðskeytaröð í íslensku. Rétt er að minna á það sem nefnt var í 3.1 að orðmyndun með *-anlegur* er að mestu bundin við íslensku og er mun yngri en orðmyndunin með *-an* sem er samnorren.

Varðandi (14)b eru grunnorð sem geta staðið með *-anlegur* aðallega sagnir eins og áður var á minnst. Það sem er hins vegar athyglisvert er að við hlið *-an-* í nútímamáli er til hið virka viðskeyti *-un* sem myndar nafnorð af sögnum og þá aðallega veikum sögnum (helst sögnum af fyrsta flokki) á meðan *-an-*, og þá um leið *-anlegur*, getur tengst bæði veikum og sterkum sögnum. Sterkar sagnir sem geta staðið með *-anlegur* eru fjölbreyttar, m.a. af öllum hljóðskiptaröðum en einnig núpálegar sagnir og tvöföldunarsagnir. Einnig var bent á að *-anlegur* getur í fáeinum tilvikum staðið með grunnorðum sem eru nafnorð, sbr. *tímanlegur*, *ánægjanlegur* og *hjartanlegur*. Hugsanlegt er að þar sé á ferðinni annaðhvort tengihljóðið *n* eða að *-an-* sé þarna tilkomið vegna áhrifsbreytingar frá *-anlegur* með sögnum.

Víða, einkum í 4. kafla, var fjallað um ýmis merkingarleg atriði í sambandi við *-anlegur*, sbr. spurninguna í (14)c. Grundvallarmerking



-an- lýtur að því að eitthvað sé mögulegt. Bent var m.a. á samband lýsingarháttar nútíðar og orðmynda með -anlegur, sbr. dæmi eins og *kaffið er vel drekkandi* og *kaffið er vel drekkanlegt*, og notkun orðmynda með -anlegur í þolmyndarmerkingu, sbr. dæmin *Jón hækkar húsið* og *húsið er hækkanlegt*.

## Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgir Árbók Háskólans 1927. Reykjavík.
- Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2016. „Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskuldi.“ Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar. *Milli mála* 8:13–42.
- Aronoff, Mark. 1976. *Word Formation in Generative Grammar*. Linguistic Inquiry Monographs 1. Cambridge, Massachusetts: The MIT Press.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1995 [1989]. *Íslensk orðsifjabók*. 3. prentun með leiðréttingum. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðirit 3. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Baldur Jónsson. 1987. Íslensk orðmyndun. *Andvari*. Nýr flokkur 29:88–102.
- Bauer, Laurie. 2001. *Morphological Productivity*. Cambridge: Cambridge University Press.
- blog.dv = DV, blogg síða. <blog.dv.is> (sótt í mars 2023).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1988. Einsleitur grunnur íslenskra viðskeyta. [Óprentuð grein.] <eiríkur.hi.is/einsl.pdf> (sótt í mars 2023).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. 4. útgáfa. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Faarlund, Jan Terje, Svein Lie og Ivar Vannebo. 1997. *Norsk referansegrammatikk*. Osló: Universitetsforlaget.
- Fuhrhop, Nanna og Sebastian Kürschner. 2015. Linking elements in Germanic. Í: Peter O. Müller, Ingeborg Ohnheiser, Susan Olsen og Franz Rainer (ritstj.): *Word-Formation. An International Handbook of the Languages of Europe* 1, bls. 568–582. Berlin: de Gruyter Mouton.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga 2. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In *a Comparative GB Approach*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands. [Doktorsritgerð. Lund: Department of Scandinavian Languages 1989.]
- Halldór Ármann Sigurðsson og Verner Egerland. 2009. Impersonal null-subjects in Icelandic and elsewhere. *Studia Linguistica* 63:158–185.
- Hugrún Ragnheiður Hólmgeirsdóttir. 1995. *En sú unan! Saga viðskeytisins -un/-an í íslensku að fornu og nýju*. Óbirt ritgerð til BA-prófs í íslensku. Heimspekideild Háskóla Íslands.

- Höskuldur Þráinsson (aðalhöf.), Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. Þórshöfn: Føroya Fróðskaparsetur.
- ÍOS = *Íslenskur orðasjóður* [ártal vefsíðuvals: 2015]. Corpora Collection Leipzig. Abteilung Automatische Sprachverarbeitung, Universität Leipzig. <corpora.uni-leipzig.de/de?corpusId=isl\_is\_web\_2015> (sótt í mars 2023).
- Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur): *Setningar. Handbók um setningafræði*. *Íslensk tunga* 3, bls. 350–409. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Friðjónsson. 1982. Um lýsingarhátt nútíðar. *Íslenskt mál* 4:191–219.
- Kristín Bjarnadóttir. 2005. *Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum*. Rannsóknar- og fræðslurit 7. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Meibauer, Jörg. 2013. Expressive compounds in German. *Word Structure* 6,1:21–42.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. Vierte vollständig umgearbeitete Auflage. Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte 4. Altnordische Grammatik 1. Halle (Saale): Max Niemeyer.
- Nübling, Damaris og Renata Szczepaniak. 2013. Linking elements in German: Origin, Change, Functionalization. *Morphology* 23:67–89.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Kristiania: H. Aschehoug & co.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Københavns Universitet: Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab. <onp.ku.dk> (sótt í mars 2023).
- Ordbog over det danske Sprog*. <ordnet.dk/ods> (sótt í mars 2023).
- Remøy, Håkon. 2020. *Frå paradigmatiske til ikkje paradigmatiske strukturar. Om bindeljodssamansetjingar i tre norske talemål med noko samanlikning med norrønt, islandsk og færøysk*. Óbirt ritgerð til meistaraþrófs í norrænu máli og bókmenntum. Bergen: Universitetet i Bergen.
- Rmh. = *Risamálheildin*. 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <malheildir.arnastofnun.is> (sótt í mars 2023).
- ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <ritmalssafn.arnastofnun.is> (sótt í mars 2023).
- Stong-Jensen, Margaret. 1987. Lexical Overgeneration in Icelandic. *Nordic Journal of Linguistics* 10:181–205.
- Sverdrup, Jakob. 1911. De gammelnorske adjektiver paa *-ligr* og adverbier paa *-liga, -la*. En studie i gn. orddannelse. [2. hluti.] *Arkiv för nordisk filologi* 27:140–186.
- Tímarit.is*. <tímarit.is> (sótt í mars 2023).

- Torp, Alf. 1909. Gamalnorsk ordavleiding. Í: Marius Hægstad og Alf Torp (ritstj.): *Gamalnorsk ordbok med nynorsk tyding*, bls. xxviii–lxxi. Kristiania: Det norske samlaget.
- Wood, Jim og Einar Freyr Sigurðsson. 2014. Building Deverbal Ability Adjectives in Icelandic. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics* 20.1:351–360. <repository.upenn.edu/pwpl/vol20/iss1/37> (sótt í mars 2023).
- Þorsteinn G. Indriðason. 1999. Um eignarfallssamsetningar og aðrar samsetningar í íslensku. *Íslenskt mál* 21:107–150.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2005. Historisk produktivitet. *Nordica Bergensia* 32:39–65.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2011. Om fugesammensetninger i vestnordisk. Í: Gunnstein Akselberg og Edit Bugge (ritstj.): *Vestnordisk språkkontakt gjennom 1200 år*, bls. 257–274. Þórshöfn: Faroe University Press.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2014. Fallbeygðir fyrri liðir og tvær kenningar um orðhlutafræði. *Íslenskt mál* 36:9–30.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2016. Á mörkum afleiðslu og samsetningar? Um orðlíka seinni liði í íslensku. *Orð og tunga* 18:1–41.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2017. Nafnháttur sem fyrri liður? Um *vegasalt*, *kjaftagang*, *hakkavél* og aðrar slíkar samsetningar. Í: Zakaris Svabo Hansen, Anfinnur Johansen, Hjalmar P. Petersen og Lena Reinert (ritstj.): *Bók Jógvan. Heiðursrit til Jógvan í Lon Jacobsen á 60 ára degnum*, bls. 139–155. Þórshöfn: Fróðskapur / Faroe University Press.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2021. Af hverju góðlátlegur og ekki \*góðleglátur? Um leyfilegar og óleyfilegar viðskeytaraðir í íslensku. *Orð og tunga* 23:69–109.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2023. Hvorfor er suffikset -legur såpass produktivt i islandsk? En historisk utgreiing. Í: Matteo Tarsi, Lasse Mårtensson og Henrik Williams (ritstj.): *Från Island till Sverige och tillbaka: Festschrift till Veturlíði G. Óskarsson på 65-årsdagen*. *Nordiska texter och undersökningar* 33, bls. 175–196. Uppsala: Institutionen för nordiska språk, Uppsala universitet.

## Lykilorð

afleiðsla, viðskeyti, tengihljóð, lýsingarorð, sagnir

## Keywords

derivation, derivational suffixes, linking elements, adjectives, verbs

## Abstract

In this article, an attempt is made to interpret the combination *-an-* in *-anlegur* in derivations like *hækkanlegur* 'raisable'. Three research questions are asked and answers sought; what is the nature of the combination *-an-* in modern Icelandic with some comparison with historical development; what are the bases of the combination *-an-* and *-legur* and finally, what is the meaning of *-an-* in *-anlegur*.

Four databases are used in the study; *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP), *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* (ROH), *Risamálheildin* (Rmh.) and partly *Íslenskur orðasjóður* (ÍOS).

According to the authors, there are four possibilities to be considered when looking for explanations for the combination *-an-*: that *-an-* is a special suffix that would actually only occur with *-legur*; distinguishing *-anlegur* as a single entity formed by the fusion of the suffixes *-an* and *-legur*, which would be highly unusual in Icelandic; to distinguish *-n-* as a linking element that is added to the infinitive forms of verbs, cf. *hækka-n-legur*; and that the origin of *-an-* in *-anlegur* is to be traced to the present participle suffix *-and(i)*. By doing this one can build on the formal relationship *-an-* has with verbs. It can also be noted that there are similarities between the behavior of various *-anlegur*-words and derivations with the present participle. The authors' conclusion is that the last option is the most promising for the interpretation of *-an-*, despite various shortcomings mentioned in the article.

Margrét Jónsdóttir  
 prófessor emerítus  
 Íslensku- og menningardeild  
 Háskóla Íslands  
 mjons@hi.is

Veturlíði Óskarsson  
 prófessor í norrænum málum  
 Institutionen för nordiska språk  
 Uppsala universitet  
 veturlidi.oskarsson@nordiska.uu.se

Þorsteinn G. Indriðason  
 prófessor í norrænum málum  
 Institutt for lingvistiske, litterære og estetiske studier  
 Universitetet i Bergen  
 torsteinn.indridason@uib.no

Sigurður R. Helgason

# Óðinn á Íslandi í ljósi mannanafna og örnefna

„In Iceland there are neither place-names nor personal names associated with Óðinn [...].“

Gabriel Turville-Petre í *The Cult of Óðinn in Iceland* (1972:8).

## 1 Inngangur

Fræðimenn hafa hingað til almennt talið að Óðinn hafi lítt eða ekki verið dýrkaður á Íslandi til forna (sbr. Turville-Petre 1972:8, Schier 1981:409–410, Simek 1993:191, Gunnell 2010:294 og Lassen 2011:123). Þessi skoðun byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að nafnið Óðinn er hvergi að finna í íslenskum örnefnum, ólíkt því sem er í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Hví skyldi Ísland vera undantekning? Þetta samræmist illa því sem Snorri Sturluson segir um Óðin, að hann sé goðanna elstur og æðstur, ráði öllum hlutum, stórum og smáum, hafi smíðað himin og jörð, gert manninn og gefið honum önd (*Snorra-Edda* 2003:14). Í fljótu bragði virðist undarleg mótsögn í orðum Íslendingans Snorra um mikilvægi Óðins annars vegar og hins vegar fjarveru Óðins í íslenskum örnefnum; mótsögn sem fræðimönnum hefur orðið tíðrætt um (sbr. Lassen 2011:19 og Gunnell 2010:294).<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Ég þakka Marteini Helga Sigurðssyni fyrir gagnlegar ábendingar. Marteinn fjallaði í fyrirlestri á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða árið 2012 um Grímsnafnið sem Óðinsheiti og þá sérstaklega í tengslum við frásögnina í Íslendingabók um upphaf alþingis á Þingvöllum og Grím geitskó sem kannaði þar áður landið allt (sjá Silju Björk Hulduóttur 2012:31).

Á síðustu áratugum hefur örlað á brestum í þeirri viðteknu skoðun að Óðinn hafi lítt eða ekki verið dýrkaður á Íslandi til forna. Tengist það meðal annars hugmyndum Guðrúnar Nordal (1999) um möguleg heiti Óðins og nöfn tákndýra hans í íslenskum örnefnum. Í þessari grein verður fjallað um hugsanleg Óðinsheiti og Óðinstákn á Íslandi í mannanöfnum og örnefnum og þá meðal annars í ljósi staðháttá, mynsturs örnefna og mannanafna auk sagna sem tengjast Óðinsheitum.

Greinin er uppbyggð á eftirfarandi hátt: Í 2. kafla er fjallað um nafn Óðins og heiti hans. Í 3. kafla er rætt um mannanöfn og örnefni í tengslum við Óðinsheiti. Sjónum er einkum beint að Óðinsheitinu *Grímr* og birtingu þess í örnefnum og sérstaklega er fjallað um örnefnið *Grímshóll*, en einnig örnefnin *Grímshöfn* og *Grímsstaðir*. Einnig er rætt um Grímsörnefni á Bretlandi. Þá er fjallað um Óðinsheitið *Gautr/Gauti*, svo og önnur Óðinsheiti og tákndýr Óðins í örnefnum. Í 4. kafla er rætt um goðkennd örnefni á Austfjörðum og í 5. kafla er samantekt á helstu niðurstöðum.

## 2 Nafn og heiti

„Einu nafni hétumk aldregi, / síz ek með fólkkum fór“ er haft eftir Óðni í Grímnismálum 48 (*Eddukvæði I* 2014:378), enda eru forn heiti Óðins hið minnsta vel á annað hundrað (Falk 1924:34 og Simek 1993:193). Koma þau langflest fyrir í bundnu máli fornu en einnig mörg í lausu máli, svo sem í Fornaldarsögum Norðurlanda. Harla fátt hefur verið skrifað um notkun Óðinsheita í örnefnum og mannanöfnum á Íslandi. Svavar Sigmundsson hefur þó fjallað um þetta:

Í sambandi við hugsanlega Óðinsdýrkun hér á landi má e.t.v. ímynda sér að önnur nöfn á Óðni geti legið að baki einhverjum örnefnum. Varla kemur þá annað til greina af öllum þeim fjölda Óðinsheita sem Snorri nefnir en *Grímr*. En örnefni eins og *Grímsá*, *Grímsey* og *Grímsnes* o.s.frv. geta auðvitað leitt hugann að þessu heiti Óðins þó að ég ætli ekki að gera því skóna að þar sé átt við hann (Svavar Sigmundsson 1992:244).

Svavar ræðir einnig Óðinsheitið *Grímr* í annarri grein (2002:289). Þar bendir hann á að í Landnámu sé getið á þremur stöðum um *Grímsá* á jarðamörkum og einnig eitt *Grímsegil*. Hann getur þess jafnframt

að örnefnið *Grímmsgil* sé að finna víða á mörkum jarða á Íslandi. Það gæti bent til þess að Óðinsheitið Grímr kynni að hafa verið notað til að helga mörk. Vert er þó að taka fram að mennskir menn sem báru nafnið Grímr eru nefndir í Landnámu sem ábúendur jarða með mörk í *Grímsá* í Borgarfirði og *Grímmsgil* á sömu slóðum (Landnámabók 1968:71, 76; sjá enn fremur Helga Hallgrímsson 1987b:117–131).

Guðrún Nordal (1999:145–147) nefnir hugmyndir um að Óðinn kunni að leynast í nöfnum manna og staða á Íslandi í krafti heita Óðins sem eru fjölmörg, svo sem *Gautr*, *Gizurr*, *Grímr*, *Hrani* og *Hárr* (sbr. Falk 1924:11, 13, 14, 16, 18). Heitin tengjast meðal annars tilhneingingu Óðins til að dyljast og ferðast meðal manna í dulargervi og undir dulnefni, eins og sagt er frá í Grímnismálum og víðar. Óðinn kynni einnig, að mati Guðrúnar, að leynast í nöfnum manna og staða vegna notkunar Óðinstákna, svo sem hrafns, úlfs, arnar, hests og spjóts. Guðrún bendir og á þá skoðun de Vries að menn hefðu forðast sjálft eiginnaframt Óðins vegna hins hættulega valds hans (sbr. de Vries 1956–1957 II:55).

Minnast má í þessu sambandi orða Einars Ól. Sveinssonar í umfjöllun hans um Grímnismál:

Eitt er þó víst. Kvæðið birtir öllum, sem á hlýða, helgan vísdóm, um goðin og bústað þeirra, um upphaf heims, um helga hluti á himni og jörðu. Söguþráðurinn stefnir að því að Óðinn nefni að lokum nöfn sín, en annars kynni mönnum að þykja skáldskapurinn daprast í þeim kafla. En hér má fleira búa undir. Alkunn er með mörgum þjóðum trú á dulin nöfn goða, nöfn gædd krafti, sem yfirgengur allt. Í nöfnum Óðins er fólgin ógn og máttur, sjálft eiginnaframt hans óttuðust menn líkt og Gyðingar nafn Jahve [...] Ef til vill var speki allrar speki fólgin í því að kunna skil á nöfnum hans, kunna með þau að fara; ef til vill veitti hún vald, af því hún veitti samband við dularmátt og speki hins mesta allra goða. Grímnismál eru ekki einfalt fræðiljóð. Þau eru opinberun (Einar Ól. Sveinsson 1962:273).

Það er alþekkt úr trúarbragðafræðum að sömu eða svipaðar athafnir eða hegðun eru eins í mismunandi trúarbrögðum þó að samfélagsgerð sé jafnvel ólík (Bell 1992:108–115). Það er því líklegt að það sama hafi gilt um norrænan átrúnað og önnur trúarbrögð þar sem bannhelgi hvílir á ákveðnum guðum eða nöfnum þeirra.

Grímnismál eru sérstaklega áhugaverð í ljósi viðfangsefnis þessarar greinar vegna Óðinsheitanna sem þar eru upp talin. Víðtæk notkun Óðinsheita við örnefnagjöf á Íslandi gæti bent til almenns Óðinsátrúnaðar við upphaf Íslandsbyggðar. Óðinsheitið Grímr virðist hafa verið algengast heita Óðins við örnefnagjöf á landnámstímanum. Svipuð þróun virðist birtast í örnefnagjöf á Bretlandi á svipuðum tíma (sjá kafla 3.3).

Sigurður R. Helgason (2017:110) hefur bent á að Óðinsheitið *Ölvir/Ölver* komi nokkuð víða fyrir í örnefnum á Íslandi, en mannsnafnið *Ölvir/Ölver* var sjaldgæft að því er virðist við landnám og hvarf tiltölulega fljótt úr málinu. Farið var að nota það aftur um aldamótin 1900 (Lind 1905–1915:1244 og Guðrún Kvaran 2011:653). Sigurður leiddi líkur að því að nöfn eins og *Ölvishamrar* ofan *Ölvishellis*, *Ölvishaugur*, *Ölvisholt*, fjallið *Ölver* og hólur sem bera nafn *Ölvis*, kynnu að hafa verið helgistaðir tengdir Óðni (Sigurður R. Helgason 2017:117; sjá einnig Falk 1924:10).

Það eru því talsverðar líkur á því að Óðinsdýrkun hafi verið útbreiddari hér á landi en talið hefur verið og að leifar hennar leynist víða ef að er gáð.

### 3 Mannanöfn og örnefni

#### 3.1 Mannanöfn og heiti Óðins

Goðtengd mannanöfn í Landnámu eru langflest tengd Þór. Mannanöfn tengd Frey eru örfá en eiginnafn Óðins eða afleidd mannanöfn tengd eiginnafni hans er þar hvergi að finna. Vert er að geta þess til samanburðar að örnefni á Íslandi tengd Þór eru í það minnsta 25, Freysörnefni þrjú, Njarðarörnefni tvö, örnefni tengd Baldri tvö og mögulega eitt tengt Tý (Svavar Sigmundsson 1992). Örnefni sem bera eiginnafn Óðins eru hins vegar engin á Íslandi. Með þessum rökum ályktuðu fyrri fræðimenn sem svo að yfirgnæfandi hluti landnámsmanna hafi haft Þór sem sitt höfuðgoð en mun færri Frey, Njörð og Baldur. Óðinn hafi hins vegar átt sér fáa áhangendur.

Áhugavert er að skoða ýmis samsett mannanöfn norræn þar sem fyrri liður eða síðari liður er annars vegar nafn goðs eða helgs staðar og hins vegar orða eins og *ketill*, *steinn*, *berg*, *hallur* eða *laug*. Jan de Vries fjallar um katla í tengslum við norræna helgisiði og segir að *Ketill*, *Vékell*, *Áskell*, *Grímkell* og *Þorkell* hafi verið algeng eiginöfn í



Skandinavíu. Seinni liðurinn í þessum nöfnum *-kell*, sem er stytting úr *-ketill*, bendir til þess að fórnarketill hafi gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við dýrkun ákveðinna guða (de Vries 1956–1957 I:393). Samkvæmt þessu virðist de Vries líta svo á að *Grím-* í fyrri lið eigi við Óðin. Vert er að hafa í huga að aðrar skoðanir hafa komið fram á fornri merkingu nafnsins *Ketill* eða síðari liðarins *-kell* (eða *-ketill*). Janzén (1947:47) telur til dæmis að merkingin sé „kittelhatt, hjalm eller möjligen överfört (hjalmprydd) hövding“.

Skoðum nú til frekari samanburðar fleiri samsett forníslensk mannanöfn. Sigurður R. Helgason og Marteinn Helgi Sigurðsson (2014) hafa fjallað um þetta efni og segja meðal annars að:

[nöfn séu dregin] [...] annars vegar af sérnöfnum tiltekinnna guða í fyrri eða síðari lið og hins vegar af heiti kletta eða steina í fyrri eða síðari lið. Sem dæmi má tilgreina nöfn eins og *Dorsteinn*, *Freysteinn*, *Steinþórr*, *Bergþórr*, *Dórberg*, *Dórhallr*, *Dórhalla* og *Halldór* (þar sem viðliðurinn er upphaflega *-þórr*) og má flokka nafnið *Vésteinn* á meðal þessara nafna. Öll þessi nöfn tengja steina eða kletta við tiltekið goð eða vé og má ætla að fornt samband sé á milli þess konar mannanafna og raunverulegra steina úti við í náttúrunni sem menn lögðu sérstaka helgi á (Sigurður R. Helgason og Marteinn Helgi Sigurðsson 2014:115).

*Dórssteinn* á Snæfellsnesi er áhugaverður í þessu sambandi, en um hann segir í Sturlubók Landnámu (*Landnámabók* 1968:126): „[...] þar stendr enn Þórssteinn, er þeir brutu þá menn um, er þeir blótuðu, ok þar hjá er dómhringr, er menn skyldu til blóts dæma“. Annað tilvik þessu skylt er örnefnið *Gunnsteinar* (sbr. mannsnafnið *Gunnsteinn*) í eða við Flateyjardal, en um þá segir í Landnámu (*Landnámabók* 1968:273) að Eyvindur sonur Loðins önguls „nam Flateyjardal upp til Gunnsteina ok blótaði þá“.

Snúum nú aftur að nafnliðnum *Grím-/grím(a)* sem birtist í samsettum nöfnum eins og de Vries benti á í tengslum við nafnið *Grímkell*. Nöfnin *Hallgrímr*, *Hallgríma* og *Steingrímr* virðast mynduð á svipaðan hátt og ofangreind goðtengd nöfn svo sem *Hallþórr*, *Steinþórr* og *Hallfreyr*. *Grím-* sem fyrri liður virðist sjaldgæfara. Áður var nefnt dæmið *Grímkell* (*-ketill*), sbr. nafnið *Þorkell*, en einnig má nefna nöfnin *Grímaldi* og *Grímhildr*. Eiginnaframt Óðins er hins vegar ekki að finna til forna í samsettum mannanöfnum norrænum, nema þá *Óðindisa* og

Óðinkárr – bæði utan Íslands – en afar fá dæmi eru um þau (de Vries 1956–1957 II:54). Er það allsendis ólíkt notkun nafna goðanna Þórs og Freys í samsettum mannanöfnum og gæti bent til ofurhelgi nafnsins Óðinn. Ekki er þó hægt að útiloka að annað hafi haft þarna áhrif eins og atkvæðafjöldi og hljóðkerfisreglur. Það er því vel hugsanlegt að *Grím-* sem fyrri liður í samsettum karlmannsnöfnum og *-grímr* sem seinni liður til forna vísi beinlínis til Óðins á sama hátt og *Þór-* sem fyrri liður og *-þór* eða *-þóra* sem seinni liður vísa til Þórs í mannanöfnum.

Ekki er öll sagan sögð varðandi tilvist Óðins í íslenskum mannanöfnum til forna því að mörg mannanöfn í Landnámabók eru jafnframt Óðinsheiti. Það eru nöfn eins og *Brúni*, *Bólverkr*, *Gautr*, *Gestr*, *Gizurr*, *Grímr*, *Hrani*, *Jörundr*, *Karl*, *Jólgeirr*, *Sigmundur*, *Sigtryggr* og *Végestr* (sjá Falk 1924:5–25). Mörg þessara heita ásamt fjölda annarra voru notuð í heiðnum kveðskap um Óðin í kringum landnámstímamann og langt fram eftir öldum. Því má ætla að umrædd mannanöfn hafi á stundum haft trúarlega skírskotun. Til dæmis má velta því fyrir sér hvort nafn föður Egils Skallagrímssonar (*Grímr*) og nafn föður Gríms, þ.e. Úlfr (úlfurinn var Óðinstákn), gefi til kynna dýpri rætur Óðinsdýrkunar Egils. Óðinsátrúnaður Egils hafi því ekki kviknað með efri stéttum erlendis eins og Sigurður Nordal (1924:160) ályktaði í grein sinni heldur mögulega verið ættlægur.

### 3.2 Örnefni og heiti Óðins

Vert er að íhuga hvað hugsanleg notkun heita Óðins við örnefnagjöf á Íslandi kunnir að segja um Óðinsátrúnað, en sum örnefnin voru væntanlega gefin við upphaf landnáms. Hafa ber í huga að hér eru til skoðunar örnefni ættuð úr heiðni og því nauðsyn að hafa varann á. Stök örnefni geta leitt til rangrar ályktunar. Ágætt dæmi er örnefnið *Njarðarhóll* sem er að finna við bæinn Sneis í Engihlíðarhreppi (Örnefnaskrá Sneisar). Téður hóll reynist við nánari athugun sömu örnefnaskrár heitinn eftir Nirði Snæhólm lögregluþjóni í Reykjavík en ekki goðinu Nirði. Endurtekning sama eða svipaðs örnefnis á fleiri en einum stað er mun trúverðugri heimild. Í þessum kafla verður fjallað um nokkur möguleg Óðinsheiti í örnefnum, fyrst Óðinsheitið *Grímr* og þá Óðinsheitið *Gautr*.

### 3.2.1 Grímr í örnefnum

Hugum nú að því hvað sagt er um Óðin og heiti hans í Grímnismálum, en í 46. vísu eru Óðni lögð eftirfarandi orð í munn:

Hétumk Grímr,  
 hétumk Gangleri,  
 Herjan ok Hjálmbéri,  
 Þekkr ok Þriði,  
 Þundr ok Uðr,  
 Helblindi ok Hár;  
 (*Eddukvæði I 2014:377*).

Nafnið *Grímr* ásamt hliðarmyndinni *Grímnir* eru endurtekin í 47. vísu:

Saðr ok Svipall  
 ok Sanngetal,  
 Herteitr ok Hnikarr,  
 Bileygr, Báleygr,  
 Bölverkr, Fjölnir,  
 Grímr ok Grímnir  
 Glapsviðr ok Fjölsviðr;  
 (*Eddukvæði I 2014:377*)

Óðinsheitið *Grímr* tengist væntanlega þeirri hugmynd að þegar Óðinn hafi ferðast meðal manna hafi hann jafnan verið í dularklæðum og undir dulnefni. Þar sem *Grímr* er hvort tveggja mannsnafn og Óðinsheiti getur verið næsta erfitt að ráða í hvort um Óðinsheiti sé að ræða eða ekki. Svavar Sigmundsson (2002:289) benti á vænlega leið þegar hann sýndi fram á að örnefni *Grímsá* og *Grímshóll* séu algeng á mörkum jarða á Íslandi. Möguleg skýring á því er að Óðinsheitið *Grímr* hafi þar verið notað til að helga landamörk. Mynstur sem benda til svipaðrar notkunar Óðinsheita geta gefið vísbendingar um hvort það kunni að tengjast helgun jarða eða jarðamörkum í heiðnum sið.

Eðlilegt er í fyrstu að svipast um eftir Grímsörnefnum hér á landi og athuga fjölda, staðhætti, staðsetningu og möguleg mynstur og hvort þau gætu tengst Óðinsdyrkun. Grímsörnefni eru nú tiltölulega mörg á Íslandi, eða tæplega eitt hundrað að tölu (sbr. Hans H. Hansen 2015). Örnefni minni háttar staða, svo sem *Grímshóll* og *Grímshellir* sem ekki eru þar meðtalin, virðast þó mun fleiri. Örnefni sem eru tengd mun algengari mannanöfnum en einnig fornum eru snöggum

færri en Grímsörnefnin, svo sem nöfnin *Ólafur* (45), *Björn* (42) og *Þorsteinn* (35) (Hans H. Hansen 2015:168–215). Vert er einnig að benda á að Grímsörnefni eru óvenjumörg í vesturhluta Noregs (Nordland 1969:91), en þaðan kom verulegur hluti landnámsmanna. Örnefni sem innihalda eiginnafrögn Óðins eru afar fá á sama svæði (de Vries 1956–1957 II:54). Hér verður nánari sjónum beint að örnefnum *Grímshól*, *Grímshöfn* og *Grímsstöðum*.

### 3.2.2 Grímshóll

Það Grímsörnefni sem er athyglisverðast er *Grímshóll*. Grímshólar eru að jafnaði fyrirferðarlitlir í landslagi og eru nú að minnsta kosti tuttugu og sjö. Þá má finna um allt land en þó er einungis einn á Austurlandi. Vel má vera að einhver eða einhverjir hólanna séu mögulega kenndir við menn sem báru nafnið *Grím(u)r*, hvenær svo sem þeim var gefið þetta nafn. Vert er að skoða staðsetningu einstakra hóla og hvort þar megi finna eitthvert mynstur sem varpar nánari ljósi á þetta.

Benda má til dæmis á þrjá hóla, Grímshól á Vogastapa, Grímshól í Vörum og Grímshól í Bárugerði, sem allir eru í eða við þekktar verstöðvar á Suðurnesjum og kynnu því að tengjast fiskimiðum og fiskveiðum. Grímshólar í Vestmannaeyjum falla ef til vill í sama flokk. Fleiri Grímshólar kynnu að tengjast útróðrum vegna legu við sjó. Sumir þeirra eru inni í landi svo sem á Silfrastöðum í Skagafirði, Núpstúni á Suðurlandi og á fjöllum uppi eins og Grímshóll á Skötufjarðarheiði og Grímshóll á Botnfjalli og jafnvel uppi á Búðarhálsi sem er inni í óbyggðum. Vert er að nefna að Grímshólar liggja einnig í einhverjum tilvikum á mörkum jarða. Nefna má sem dæmi Grímshól á mörkum jarðanna Bergsstaða og Efri-Torfustaða í Vestur-Húnavatnssýslu. Nánari upplýsingar eru í *Töflu 1*.<sup>2</sup>

	GRÍM(S)HÓLAR	
Örnefni	Staður	Sýsla
<i>Grímshólar</i>		Vestmannaeyjar
<i>Grímshólar (Stóri og Vestri Grímshóll)</i>	Núpstún, Hrunamannahreppur	Rangárvallasýsla
<i>Grímshóll</i>	Búðarháls, Holtamannaafreittur	Rangárvallasýsla

<sup>2</sup> Orðmyndirnar *Grímshóll* og *Grímshólar* eru hér taldar með Grímshólum.

	<b>GRÍM(S)HÓLAR</b>	
<b>Örnefni</b>	<b>Staður</b>	<b>Sýsla</b>
<i>Grímshólar</i>	Kálfsstaðahverfi, V-Landeyjar	Rangárvallasýsla
<i>Grímshóll og Grímstóft</i>	Vegatunga, Laugardalshreppur	Árnessýsla
<i>Grímshólar</i>	Hellir, Ölfushreppur	Árnessýsla
<i>Grímshóll</i>	Auðsholtshjáleiga, Ölfushreppur	Árnessýsla
<i>Grímshólar</i>	Bárugerði, Grindavíkurhreppur	Gullbringusýsla
<i>Grímshóll</i>	Varir, Gerðahreppur	Gullbringusýsla
<i>Grímshóll</i>	Vogastapi, Njarðvíkurhreppur	Gullbringusýsla
<i>Grímshóll</i>	Arkarlækur, Skilmanna-hreppur	Borgarfjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Borgarnes	Borgarfjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Leirulækur, Álftaneshreppur	Mýrasýsla
<i>Grímshóll</i>	Álftanes, Álftaneshreppur	Mýrasýsla
<i>Grímshólar, Grímsstaðir</i>	Álftaneshreppur	Mýrasýsla
<i>Grímshóll</i>	Skötufjarðarheiði, Borg, Ögurhreppur	N-Ísafjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Strandsel, Ögurhreppur	N-Ísafjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Botnfjall, Botn, Reykjafjarðarhreppur	N-Ísafjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Ásmundarnes, Kaldraneshreppur	Strandasýsla
<i>Grímshóll (Grímsvarða)</i>	Efri-Torfustaðir, Ytri-Torfustaðahreppur	V-Húnavatnssýsla
<i>Grímshóll</i>	Útibleiksstaðir, Ytri-Torfustaðahreppur	V-Húnavatnssýsla
<i>Grímshóll</i>	Tannstaðir, Staðarhreppur	A-Húnavatnssýsla
<i>Grímshóll</i>	Grímstunga, Áshreppur	A-Húnavatnssýsla
<i>Grímshóll</i>	Silfrastaðir, Rípurhreppur	Skagafjarðarsýsla
<i>Grímshóll</i>	Steðji, Glæsibæjarhreppur	Eyjafjarðarsýsla

	GRÍM(S)HÓLAR	
Örnefni	Staður	Sýsla
<i>Grímshóll, Grímsland</i>	Hálshreppur	S-Pingeyjarsýsla
<i>Grímshólar</i>	Dalland, Húsavík	N-Múlasýsla

Tafla 1: *Grímshólar* og dreifing þeirra um landið.

Í *Töflu 1* má sjá skrá yfir staðfesta Grímshóla á Íslandi sem komið hafa í leitirnar við yfirferð allra örnefnaskráa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Örnefnastofnunar). Þar má sjá hvernig þetta örnefni finnst vítt og breitt um landið. Nánar er fjallað um landfræðilega dreifingu Grímsörnefna í 4. kafla. Sjá jafnframt *Kort 1* þar.

Líta má til þriggja þjóðsagna sem tengjast nafninu Grím(u)r og kynnu að varpa ljósi á mögulegt hlutverk eða upprunalegan tilgang Grímshóla. Þar má nefna sögu skráða á 19. öld, en sú varðar Grímshól á Vogastapa. Þar segir af sveitapilti sem er á leið í ver ásamt félögum sínum. Við Grímshól verður hann viðskila við þá en hittir þar mann sem býður honum að róa hjá sér um vertíðina. Piltur þekkest boðið. Á heimleið við vertíðarlok hittir hann félagu sína á ný og er þá með mun meiri hlut en þeir. Sagan endurtekur sig árum saman. Óljóst er hjá hverjum pilturinn reri. Þó má ráða af frásögninni að sá sé einhvers konar huldumaður eða vættur sem gott sé að eiga að við fiskveiðar og virðist tengdur Grímshólnum á Stapa (Jón Árnason 1961 I:14).

Benda má á aðra þjóðsögu, einnig skráða á 19. öld, sem tengist að vísu ekki örnefninu *Grímshóll*, en varðar *Grímsborg* við Ketu á Skaga. Sagt var að huldufólk byggi í borginni og hétu sá Grímur er sagður var fyrir því. Eitt sinn þegar harðindi mikil voru á Skaga gekk Ketubóndi hjá borginni og kastaði þá fram þessari vísu:

Láttu reka reyður  
ríkur ef þú getur  
brátt undir björgin ytri,  
Borgar-Grímur, á morgin.

Var þá svarað úr borginni:

Reki reyður að landi  
rétt að Ketusandi,  
heljar bundin bandi  
til bjargar lýð þurfandi.

Næsta morgun var rekinn mikill reyðarhvalur undir Ketubjörgum (Jón Árnason 1961 I:27).

Þriðja sögnin sem tengist nafninu *Grím(u)r* er miklu eldri og hefur varðveist í *Bárðar sögu Snæfellsáss* (*Bárðar saga* 1991:126). Sögnin segir frá afbragðsfiskimiðum norður af Ólafsvík á Snæfellsnesi sem bera nafnið *Grímsmið*. Grímur sá er sagan tengir við miðin er sagður rauðskeggjaður. Síðar í *Bárðar sögu* nefnist Óðinn Rauðgrani (1991:163), en Rauðgrani er þekkt Óðinsheiti (Falk 1924:24). Útgefendum *Bárðar sögu* virðist hafa yfirsést Óðinsheitið Rauðgrani í tengslum við umræðu þeirra um *Grímsmið* (1991:25–26 nmgr.), en þar ætla þeir að Grímsnafnið eigi við Þór vegna skeggsins rauða (sjá enn fremur nafnaskrá *Bárðar sögu* (1991:499)). Það virðist þó líklegra að hinn rauðskeggjaði Grímur eða Rauðgrani sé Óðinn og fellur það betur við hlutverk Gríms í sögunni.

Í þessum sögnum birtist áhugavert mynstur þar sem Grímr kemur fyrir sem yfirnáttúrleg vera sem ræður sjávaraflla. Valdsvið Óðins var harla margþætt. Hann var goð skáldskapar, hernaðar og dauðagoð, goð galdra og töfra, goð rúna, veðurs, visku og algleymis og að auki faðir margra goða (Simek 1993:188). Hin fjölmörgu heiti Óðins endurspeгла bæði margbreytileg hlutverk hans og útlit. Falk (1924:17) bendir á vald Óðins yfir hafinu sem sést væntanlega í Óðinsheitunum *Hléfreyr*, *Ólgr* og *Þundr*. Grímshólarnir þrír – í Bárugerði, Vörum og á Vogastapa – eru í verstöðvum á Suðurnesjum. Þjóðsögur um *Grímshól*, *Grímsmið* og *Grímsborg* gætu því tengst valdi Óðins yfir fiskisæld.

Líklegt er því að túlka megi orðhlutann *Grím-* sem Óðinsheiti í tilviki jafnvel flestra Grímshóla. Að minnsta kosti er ljóst að gamlar sögur hafa varðveist í tengslum við þessi örnefni um yfirnáttúrlegar persónur sem bera Grímsheiti. Þótt sumar heimildir um þessar frásagnir séu ekki mjög gamlar er ekki óhugsandi að a.m.k. sumir hólanna hafi í fyrndinni verið staðir tengdir og jafnvel helgaðir Óðni.

Hér er einnig rétt að nefna ákvæði í Gulapingslögum eldri sem gæti haft þýðingu í þessu sambandi (*Den eldre Gulatingslova* 1994:52 nmgr.). Umræddur lagabálkur fjallar sérstaklega um blót og leggur

þunga refsingu við því að hlaða hauga eða gera hús og kalla hörg. Sams konar ákvæði er að finna í 79. grein í *Kristnirétti Sværris konungs* (1846:430). Haugar og hólur hafa því líklega verið helgistaðir á heiðnum tíma eins og kemur einnig fram í umfjöllun Röthe (2010:283–286). Í lagatextunum er fjallað um að hlaða hauga, en orðið haugur gat til forna merkt „bæði hæð eða hól, grafhæð eða upphlaðinn (kúlulaga) legstað“ (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:310). Umrædd grein Gulþingslaga, sem fjallar sérstaklega um blót, á að sjálfsögðu ekki við um grafhauga heldur gerð hólís eða hæðar til blóta. Það er því ljóst að einhvers konar manngerðir hólur hafi gegnt ákveðnu hlutverki í heiðnum sið. Ekki hefur verið kannað hvort þeir Grímshólar sem finnast hér á landi séu náttúrulegir eða ekki.

Hvað Grímshólana varðar er freistandi að spyrja hvort finna megi hliðstæður á Íslandi um mögulega helgi á hólum í heiðnum sið. Svavar Sigmundsson nefnir *Þórshóla* á Snæfellsnesi og *Þórhól* og *Freyshóla* í Suður-Múlasýslu (1992:242). *Goðhólar* á Íslandi eru einnig nokkrir og *álfhólar* fjölmargir, svonefndir *Helguhólar* sem eiga sér mögulega uppruna í heiðni eru einnig fjölmargir (Helgi Hallgrímsson 1987a:130). *Ólvershólar* eru að minnsta kosti fimm. Að auki má nefna örnefnið *Blóthóll* að Kvennabrekku í Dölum (Örnefnaskrá Kvennabrekku).

Í lokin ber að nefna frásögn Landnámu (*Landnámabók* 1968:139) af Auði djúpúðgu og frændum hennar: „Hon hafði bænahald sitt á Krosshólum; þar lét hon reisa krossa, því hon var skírð ok vel trúuð. Þar höfðu frændur hennar síðan átrúnað mikinn á hólana. Var (þar) þá gör hörg, er blót tóku til; trúðu þeir því, at þeir dæi í hólana“. Nefna ber að Krosshólar eru kletthólar og því ekki hlaðnir.

Af ofangreindum atriðum má draga þá ályktun að hólur hafi gegnt mikilvægu hlutverki í fornum átrúnaði og því líklegt að hólur kenndir við Grím hafi upphaflega tengst Óðinsdýrkun. Á síðari tímum hafi hólarnir fengið annað hlutverk í þjóðtrúnni og þá sem íverustaður yfirnáttúrulegra vætta, en sum einkenni þeirra má ef til vill rekja aftur til Óðins og hlutverks hólanna í heiðnum sið.

### 3.2.3 Grímshöfn

Þórshafnir eru fimm á Íslandi (Svavar Sigmundsson 1992:243). Þær tengjast að líkindum valdi Þórs á veðri og vindum. Óðinsheitin *Farmatýr*, *Hléfreyr*, *Ólgr*, *Viðrir* og *Þundr* (Falk 1924) benda vísast sum hver til hlutverka Óðins í tengslum við siglingar og sjósókn, samanber tengsl Grímshóla við verstöðvar og fiskisæld sem rætt var um í kafla



3.2.2. Örnefnið *Grímshöfn* er á tveim stöðum á Íslandi: Grímshöfn í nánd við Kópasker (Örnefnaskrá Snartarstaða) og Grímshöfn í Brúnavík við Borgarfjörð eystra (Örnefnaskrá Brúnavíkur). Nefna má í sambandi við Grímshafnir höfnina *Gautavík*, en *Gauti* er einnig Óðinsheiti (sbr. umfjöllun í kafla 3.4 hér á eftir). Þá má geta *Grímseyrar* í nágrenni Kirkjubóls í Fáskrúðsfirði (Örnefnaskrá Kirkjubóls) sem mögulega var útróðrastaður. Sum þessara Grímsörnefna kunna að vera goðtengd, en eins og fram hefur komið tengjast Grímsörnefni oft sjávaraflla og fiskisæld.

### 3.2.4 Grímsstaðir

*Grímsstaðir* er annar áhugaverður flokkur Grímsörnefna. Bújarðir sem bera samsett nöfn með *-staðir* sem seinni lið voru hið minnsta 15% allra jarða Íslandi (Ólafur Lárusson 1939:65, sbr. Finn Jónsson 1907–1915). Örnefnið *Grímsstaðir* kemur fyrir alls 18 sinnum á landinu (sjá *Töflu 2*). Sé litið til annarra nafna/mannanafna í nöfnum jarða sem bera nöfn sem enda á *-staðir* þá virðist *Grímsstaðir* langalgengasta bæjarnafnið. Nefna má til samanburðar að *Þorsteinsstaðir* eru sex á landinu, *Þórðarstaðir* er einn og *Þorkelsstaðir* hvergi (Finnur Jónsson 1907–1915:436). Nöfnin *Þorsteinn*, *Þórður* og *Þorkell* eru samt algengustu nöfnin í Landnámu eða 83 í tilvikum *Þorsteins*, 72 í tilvikum *Þórðar* og 58 í tilvikum *Þorkels* (Olsen 1973:224). Mannsnafnið *Grímr* kemur 28 sinnum fyrir í Landnámu (*Landnámabók* 1968:453).

GRÍMSSTAÐIR		
Örnefni	Staður	Sýsla
<i>Grímsstaðir</i>	V-Landeyjahreppur	Rangárvallasýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Grunnavíkurhreppur	Strandasýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Breiðavíkurhreppur	Snæfellssýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Reykholtsdalshreppur	Borgarfjarðarsýsla
<i>Grímsstaðir á Mýrum</i>	undir Grímsstaðamúla	Mýrasýsla
<i>Grímsstaðir, Skíðastaðir</i>	Skefilstaðahreppur	Skagafjarðarsýsla
<i>Grímsstaðir á Fjöllum</i>	Fjallahreppur	N-Þingeyjarsýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Skútustaðahreppur	N-Þingeyjarsýsla

	GRÍMSSTAÐIR	
Örnefni	Staður	Sýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Þingvallasveit	Gullbringusýsla
<i>Grímsstaðir, Efri og Neðri</i>	Hrunakrókur, Hrunamanna-hreppur	Árnessýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Reykjadalur, Hrunamanna-hreppur	Árnessýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Úlfsstaðir, Loðmundarfjarðar-hreppur	N-Múlasýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Leiðarvallahreppur	V-Skaftafellssýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Hörgársveit	Eyjafjarðarsýsla
<i>Grímsstaðir</i>	Kjósarhreppur	Gullbringusýsla
<i>Grímsstaðir</i>	undir Stóra Kvígindisfelli	Þistilfjörður
<i>*Grímsstaðir (1842)</i>	Reykjavík, Grímur Egilsson reisti	
<i>Grímsstaðir</i>	Svartárdalur, Lýtings-staðahreppur	Skagafjarðarsýsla
<i>Grímsstaðir</i>	á Flateyjardalsheiði	

Tafla 2: Bæjarnafnið *Grímsstaðir* og dreifing þess um landið. Heimild: Örnefnaskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Dreifing Grímsstaða um landið er svipuð og Grímshólanna, þ.e. sunnan-, vestan- og norðanlands. Líklegt er að einhver þessara bæjarnafna séu kennd við nafnkennda menn og að minnsta kosti er eitt tilvik staðfest þar sem bærinn er nefndur eftir þekktum einstaklingi og reistur á 19. öld.

Athyglisvert er að önnur þekkt Óðinsheiti eru tiltölulega algeng í nöfnum sem enda á *-staðir*. Nefna má til dæmis Óðinsheitin *Gautr/Gauti* í *Gautsstaðir/Gautastaðir* (7 tilvik). *Gestur* í *Gestsstaðir* (5), *Karl* í *Karlsstaðir* (8), *Brúni* í *Brúnastaðir* (3), *Hrani* í *Hranastaðir* (3) (Finnur Jónsson 1907–1915:430–433). Öll eru umrædd nöfn hvort tveggja mannanöfn og Óðinsheiti eins og *Grímr*.

Svavar Sigmundsson (1979) hefur rannsakað íslensk bæjarnöfn með *-staðir* sem síðari lið og álitur að býli sem bera slík nöfn hafi verið hlutuð úr stærri landnámsjörðum. Væntanlega er það skýring þess að jarðir sem bera nafnið Grímsstaðir eru mestmegnis smájarðir sem flestar eru nú komnar í eyði. Svavar telur að bæjarnöfn með liðnum *-staðir* séu leidd af eiginnöfnum og rekur hugmyndir sínar um

myndun örnefna af þessu tagi (Svavar Sigmundsson (1979:242–243). Þó er hugsanlegt að aðrar skýringar búi að baki Grímsstöðum. Ekki virðist óhugsandi að Óðinsheitið *Grímr* og önnur Óðinsheiti í sama samhengi hafi þótt tryggja/helga eignarrétt smábóndans á jörðinni á svipaðan hátt og örnefnin *Grímsá*, *Grímsgil* og *Gautsgil* kunna að hafa verið notuð til að helga mörk jarða.

Vert er að vekja athygli á hve endurtekning einstakra Grímsörnefna er algeng, þ.e. flokkar eða mynstur sama örnefnis. Þetta er langt í frá einskorðað við örnefnin hér að framan, þ.e. *Grímshóll*, *Grímsstaðir* og *Grímshöfn*. Nefna má til viðbótar örnefnin *Grímsey*, *Grímsfjall*, *Grímsá*, *Grímslækur*, *Grímsgil*, *Grímshús* og *Grímsnes*. Óðinsheitið *Grímr* er ekki eina mögulega Óðinsheitið sem birtist í íslenskum örnefnum. Slík heiti virðast ófá og verður fjallað um nokkur í köflum 3.4 og 3.5.

### 3.3 Grímr á Bretlandi

Athyglisvert er að fyrri liðinn *Grim* (eða *Grims-*) og síðari liðinn *-grim* er að finna í þó nokkrum samsettum örnefnum af norrænum uppruna á Bretlandseyjum. Landvinningar norrænna manna þar um slóðir urðu á svipuðum tíma og landnám Íslands, en þó heldur fyrir á Bretlandi. Ekwall taldi að minnsta kosti í nokkrum tilvikum að *Grímr* í merkingunni Óðinn væri þar á ferð. Dæmi um það séu t.d. *Grim's Ditch*, varnargarður á jaðri Wiltshire, svo og *Grim's Dyke*, sömuleiðis varnargarður í nánd við Wallingford. Ekwall taldi að *Grim's Ditch* væri samheiti *Wodnes dic* (Woden's dyke) – örnefnis frá fyrri tíð – og merkti einfaldlega varnargarður Óðins (Ekwall 1960:205).

Örnefnafræðingar virðast langt í frá sammála um merkingu þessara liða í enskum örnefnum. Fellows-Jensen (1992:268) sagði t.d.: „*Grímr* is certainly recorded in Scandinavian written sources as a byname of Odin but is not apparently to be found in this sense in place-names in Denmark. [...] It would perhaps be safer to look upon *Grim* in the English place-names as a term used generally of a supernatural being“. Gelling (1961:14) er svipaðs sinnis og hallast helst að því að *Grim* í enskum örnefnum sé dulnefni yfir djöfulinn og hafi lifað siðaskiptin sem heiti á honum. Áhugaverð er í þessu sambandi grein Annette Lassen (2006:121–128) sem fjallar um djöfulvæðingu Óðins af hendi kristinna manna. Vænta má þess að umræðan um Grímsörnefni á Íslandi kunni að varpa nýju ljósi á *Grim-* í enskum örnefnum og ef til vill Óðinsheiti í enskum örnefnum yfirhöfuð. Landnám norrænna manna á Bretlandseyjum og á Íslandi ætti að veita innsýn í lokatímabil

norræns átrúnaðar. Ef til vill má draga þá ályktun af svipaðri nafngjafarhefð hvað þetta varðar á báðum svæðum að slík bannhelgi hafi verið á eigin nafni Óðins á umræddu tímabili að Óðinsheiti hafi þótt eðlilegri til notkunar í örnefnum en sjálft nafn Óðins.

### 3.4 Óðinsheitið Gautr/Gauti

Óðinsheitið *Gautr* kemur fyrir í síðustu vísu (54) Grímnismála sem hljóðar svo:

Óðinn ek nú heiti,  
 Yggr ek áðan hét,  
 hétumk Þundr fyrir þat,  
 Vakr ok Skilfingr,  
 Váfuðr ok Hroptatýr,  
 Gautr ok Jálkur með goðum,  
 Ofnir ok Sváfmir,  
 er ek hygg at orðnir sé  
 allir at einum mér.  
 (*Eddukvæði I* 2014:379)

*Gautr* og hliðarmyndin *Gauti* eru mannanöfn eins og nafnið *Grímr*. Í Landnámu er einungis getið um einn nafnbera, Gaut þann sem sagður er hafa numið *Gautsdal* í Húnaþingi. Því vekur nokkra furðu hve víða nafnið birtist í örnefnum á Íslandi. Algengast er það í Gauta- og Gautsstaðanöfnum en þau eru sjö að tölu (sjá *Töflu 3*). Nefnt hefur verið áður að nafnið *Þorsteinn* er algengast nafna í Landnámu (Olsen 1973:224). Meðal staðanafna kemur Þorsteinsnafnið einungis fyrir sex sinnum (Finnur Jónsson 1907–1915:436). Virðist því að Óðinsheitið *Gautr/Gauti* sé hlutfallslega mun algengara í staðanöfnum líkt og Óðinsheitið *Grímr*. Vert er að benda á dreifingu Gauts- eða Gautastaðanafna, en þau eru bundin við ákveðið svæði: í Dölum, Húnavatnssýslum, Eyjafirði og á Vestfjörðum. Slík örnefni er hvorki að finna á Austurlandi né Suðurlandi.

	GAUTASTAÐIR, GAUTS- STAÐIR	
Örnefni	Staður	Sýsla
Gautastaðir	Kvíastrand, Grunnavíkur- hreppur	Strandasýsla

	GAUTASTAÐIR, GAUTS- STAÐIR	
Gautsstaðir	Arnkötludalur, Staðar- hreppur	Strandasýsla
Gautastaðir (einnig örnefnið Gautahóll)	Hörðudalshreppur	Dalasýsla
Gautsstaðir (einnig örnefnið Gautahóll eða „Gautur“)	Svalbarðsstrandarhreppur	S-Þingeyjarsýsla
Gautastaðir	Lónafjörður	N-Ísafjarðarsýsla
Gautsstaðir	Fljótahreppur	Skagafjarðarsýsla
Gautsstaðir	Staðarbakki, Helgafellssveit	Snæfellsýsla

Tafla 3: Bæjarnöfnin *Gautastaðir* og *Gautsstaðir* og dreifing þeirra um landið. Heimild: Örnefnaskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Athyglisvert er að örnefnið *Gautahóll* finnst á tveim Gautastöðum: Gautastöðum á Svalbarðsströnd og Gautastöðum í Hörðudal á norðanverðu Snæfellsnesi. Örnefnið minnir á fyrrnefnda Grímshóla. Hóllinn *Gautavirki* (nú einnig í daglegu tali *Gautahóll*) er í Auðólfstaðaskarði vestan Gautsdals í Húnaþingi. Skarðið er nefnt „Gautgil“ í gömlu afsalsbréfi frá 1378 sem varðveitt er í yngra afriti (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* III:333). Hóllinn (virkið) er flatur og hringlaga að ofan. Lágur kantur (10–15 cm) er umhverfis flötinn (athugun höfundar). Þórhallur Vilmundarson (1980:85) taldi, m.a. vegna þess hve sjaldgæft nafnið *Gautr/Gauti* hafi verið á Íslandi til forna og þar sem vegurinn um skarðið lá þétt við hólinn, að hólinn hafi upphaflega borið nafnið *Götuvirki*. Þórhallur virðist ekki hafa hugað að Óðinsheitinu í þessu samhengi sem sýnist þó sennilegra í ljósi fjögurra annarra örnefna í næsta nágrenni sem eru bæjarnafnið *Gautsdalur* og samnefnt nafn dalsins, örnefnið *Gautaskálar* í Æsustaðafjalli ofan Gautavirkis og fyrrnefnt *Gautgil* sem er á mörkum jarðarinnar Auðólfstaða. Þá ber að geta þess að *Gautavirki* er nefnt í sama fornbréfi og *Gautgil* í sambandi við mörk jarðarinnar *Gautsdals* og treystir það eðlilega þegnrétt örnefnisins.

*Gautavík* er hvort tveggja örnefni hafnar og bæjar í Berufirði. Þórhallur Vilmundarson áleit að hið upprunalega nafn hafnarinnar hafi verið *Götuvík*. Rök Þórhalls eru má segja sama kyns og varðandi *Gautavirki*. Gamli reiðvegurinn segir Þórhallur „lá meðfram sjónum í G., undir Naustaklettum, þegar lágsjávað var“. Þórhallur (1980:84)

vísar þá enn til þess hve sjaldgæft mannsnafnið *Gauti* var til forna. Þórhallur hyggur ekki hér að Óðinsheitinu *Gautr/Gauti* frekar en áður. *Gautavík* mun hafa verið meðal helstu hafna á Íslandi til forna og er vel þekkt úr samtímasögunni *Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar*, svo og *Víglundar sögu*, *Fljótsdælu*, *Njálu*, *Þorsteins þætti Uxafóts*, *Kristni sögu* og annálum að auki. Segja má að tengsl Óðinsheitisins *Gauti* við höfn sé í samræmi við það sem kom fram um Grímshafnir hér að framan (sjá kafla 3.2.3).

### 3.5 Önnur Óðinsheiti og tákndýr Óðins í örnefnum


Að lokum er vert að nefna nokkur örnefni á Íslandi sem bera heiti sem kynnu að innihalda nafn Óðins. Ekki hefur verið lögð vinna í að rannsaka þau frekar en þau eru nefnd hér til þess að hvetja til frekari skoðunar. Þessi eru helst: *Gestr* í *Gestsstaðir*, *Sigmundur* í *Sigmundarstaðir* og *Sigmundarhólar*, *Bölverkr* í *Bölverksgerði*, *Hárr* í örnefninu *Háeyri*, sem er á mörgum stöðum, *Hrani* í *Hranastaðir*, *Auðun(n)* í *Auðunarstaðir*, *Brúni* í *Brúnastaðir*, *Karl* í *Karlsstaðir*, *Valtýr* í *Valtýskambur* á Austurlandi og fleiri dæmi mætti telja (sjá enn fremur Falk 1924:3–34).

Guðrún Nordal (1999:146) benti á í fyrrnefndri grein sinni að Óðinn kynni að leynast í örnefnum með nöfnum tákndýra sinna svo sem hrafnsins, hestsins, úlfsins og arnarins. Hér verður ekki fjallað um það í smáatriðum en þó má minnst á tvö möguleg dæmi. Í fyrsta lagi skal nefnt landnám Einars Rögnvaldssonar og félaga við Axarfjörð. Í *Landnámabók* (1968:285) segir frá því hvernig þeir afmörkuðu landnám sitt: „Þeir settu öxi í Reistargnúp ok kölluðu því Öxarfjörð; þeir settu örn upp fyrir vestan ok kölluðu þar Arnarþúfu; en í þriðja stað settu þeir kross; þar nefndu þeir Krossás. Svá helguðu þeir sér allan Öxarfjörð.“ Hér er minnst á öxi, örn og kross og kann örninn að vísa til tákndýrs Óðins. Annað mögulegt dæmi er nefnt í umfjöllun Svavars Sigmundssonar (2002) um örnefni á mörkum jarða. Þar greinir hann frá átta arnarörnefnum á mörkum jarðeigna í Arnessýslu einni. Hugsanlegt er að í báðum tilvikum sé örninn upphaflega tákn Óðinshelgi á mörkum jarða.

## 4 Goðkennd örnefni á Austurlandi

Við skoðun dreifingar Gríms- og Gautahóla á Íslandi (*Kort 1*) kemur

Í ljós stór eyða á Austurlandi. Einungis eitt tilvik umræddra hóla er á svæði sem nær frá Langanesi suður alla Austfirði og vestur í Öraefi. Umrædd undantekning er örnefnið *Grímshólar* við Gunnhildará í Húsavík eystri.



Kort 1: Dreifing Gríms- og Gauthóla og Gríms- og Gautastaða.

Fyrstu viðbrögð við umræddri eyðu er að geta sér þess til að Óðinsdýrkun hafi nær engin verið á Austurlandi, ólíkt Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Eðlilegt er þó að spyrja hvort önnur Óðinsheiti tengist mögulegum átrúnaðarstöðum á svæðinu. Við leit fundust þrjú tilvik sem kynnu að tengjast Óðinsátrúnaði en þau eru *Ölvishellir* í landi Úlfsstaða, S-Múlasýslu, *Grímshellir* í Krossavík, N-Múlasýslu og *Valtýshellir* í Hjálpleysu, S-Múlasýslu. *Ölvir* og *Valtýr* eru Óðinsheiti eins og *Grímr* (Falk 1924:10, 33). Þessi dæmi eru þó ekki sannfærandi. Eðlilegt er hins vegar að gera stuttlega grein fyrir átrúnaðartengdum örnefnum sem einkenna umrætt svæði.

Átrúnaðartengd örnefni bundin nafngreindum norrænum goðum eru næsta fá á Austurlandi. Nefna má þó eftirfarandi líkleg dæmi: *Þórfell* í N-Múlasýslu, *Þórfell* í S-Múlasýslu, *Þórhóll* í S-Múlasýslu og *Freyshólar* í S-Múlasýslu (sbr. Svavar Sigmundsson 1992).

Örnefnið *Goðaborg* og skyld örnefni eru hins vegar yfirgnæfandi meðal átrúnaðartengdra örnefna á þessu svæði. Stefán Einarsson prófessor mun hvað mest hafa rannsakað þetta örnefni og ritaði um það nokkrar greinar. Hann birti þar m.a. skrá yfir goðtengd fjöll á Austurlandi þar sem fram kemur fjöldi tilvika um hvert örnefni: *Goðaborgir* (14), *Goðatindar* (3), *Goðafjall* (1), *Þórfell* (1) og *Ragnaborg* (1) (Stefán Einarsson 1997:24–25).

Sigfús Sigfússon birti nokkrar sagnir af helgum fjöllum á Austurlandi í Þjóðsagnasafni sínu (1986). Þær virðast varpa nokkru ljósi á átrúnað Austfirðinga á helg fjöll og má nefna eftirfarandi dæmi: „Upp af bænum Hofi er hátt og ferlegt fjall og tindstrýta efst. Á þeim tindi segja munnmæli að þeir frændur hafi haft trú mikla og gengið þangað hvern morgun til þess að gera bæn sína, enda voru þeir trúmenn miklir“ (Sigfús Sigfússon 1986:13). Og: „Suður og upp frá Hofströnd er fjallshnjúkur hár og einkennilegur sem heitir *Svartfell*. Uppi á því eru nefndar *Goðaborgir*, sem víðar á fjöllum eystra. Munu fornmenn hafa álitid að goð sín hefðust við á fjöllum uppi þar sem þau sæju best yfir. Ber víða á þessari fjallahelgi“ (Sigfús Sigfússon 1986:19).

Fjöldi og dreifing helgra fjallatinda á Austurlandi bendir til þess að trúariðkun til forna hafi að mestu verið með öðrum hætti þar en annars staðar á Íslandi. Sú staðreynd vekur að sjálfsögðu ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi hvort uppruni landnámsmanna fyrir austan hafi verið annar en landnámsmanna sunnan, vestan og norðan lands? Í öðru lagi hvort landnám á Austfjörðum hafi orðið fyrr þar en annars staðar á landinu? Í þriðja lagi hvernig hinn austfirski fjallaátrúnaður hafi tengst norrænum átrúnaði í heiðnum sið annars staðar á Íslandi? Leit að svörum við þessum spurningum krefst verulegrar vinnu, vinnu sem rúmast ekki innan marka þessarar greinar.

## 5 Samantekt og helstu niðurstöður

Ýmsar ályktanir má draga af því efni sem fram er komið: Í Landnámabók eru mörg heiti Óðins notuð sem mannanöfn við landnám. Jafnframt var sýnt fram á að *Grím-* í fyrri lið og *-grímr* í síðari lið hefði þá verið notað í samsettum mannanöfnum svo sem *Steingrímr* og *Hallgrímr* á sama hátt og til dæmis *Þór-* í fyrri lið og *-þórr* sem síðari liður í fjölmörgum goðkenndum mannanöfnum svo sem *Hallþórr* og *Steinþórr*.

Fjöldi Gríms- og Gautahóla svo og tiltölulegur fjöldi örnefna sem



bera Óðinsheiti gefur til kynna að Óðinsdýrkun kunni að hafa verið útbreiddari á Íslandi en menn hafa almennt álitid. Þessi niðurstaða er þannig í meginatriðum andstæð almennu álitu fræðimanna á goða-dýrkun á Íslandi en í samræmi við áherslur Snorra-Eddu á mikilvægi Óðins í heiðnum átrúnaði.

Við skoðun dreifingar Grímshóla og Grímsstaða kemur í ljós að umrædd örnefni eru nær einvörðungu á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi en nær engin á Austurlandi. Áhugavert til samanburðar er að annars konar átrúnaðartengd örnefni er eingöngu að finna á umræddu svæði á Austurlandi. Staðreynd sem vekur margar áhugaverðar spurningar.

Jarðir tengdar Gríms- og Gautahólum virðast að verulegum hluta hafa verið meðaljarðir eða jafnvel smábýli. Búi Óðinsheitin *Grímr* og *Gauti* að baki þessum tilvikum, gæti það bent til Óðinsátrúnaðar meðal venjulegra bænda á Íslandi. Sú niðurstaða væri í andstöðu við þá almennu skoðun að Óðinn hafi aðallega eða jafnvel einvörðungu verið goð æðri stétta, skálda eða konungborinna manna.

Grímshólarnir, sem dreifðir eru um stóran hluta landsins, vekja spurningar. Hugsanlegt er að þeir hafi upphaflega verið helgaðir Óðni með einhverjum hætti og þá tengst trúariðkun á heiðnum tíma. Þetta er stutt af ákvæðum í Gulapingslögum eldri og Kristnirétti Sverris konungs sem leggja þungar refsingar við gerð hólts eða haugs til blóta. Ljóst er af ýmsum heimildum að Íslendingar lögðu helgi á hóla og hauga í heiðni.

Tiltölulega há tíðni Óðinsheita í örnefnum sem enda á *-staðir* vekur eðlilega spurn. Ein hugsanleg skýring á þessu örnefnamynstri er sú að Óðinsheitinu hafi verið ætlað að helga eða tryggja eignarrétt eiganda hinnar nýju jarðar, samanber örnefnin *Grímsá* og *Grímsgil* sem koma fyrir á mörkum jarða.

Ekki verður betur séð af því sem hér hefur verið rakið en að tilgáta Guðrúnar Nordal sem nefnd var í upphafi um Óðin og Óðinsdýrkun á Íslandi til forna sé rétt, það er að Óðinn dyljist síðari kristnum kynslóðum vegna víðtækrar notkunar Óðinsheita og táknþýra Óðins í örnefnum og mannanöfnum í stað eiginnafrns Óðins.

## Heimildaskrá

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Bárðar saga*. 1991. Íslensk fornrit 13. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson (útg.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Bell, Catherine. 1992. *Ritual theory and ritual practice*. New York: Oxford University Press.
- Den eldre Gulatingslova*. 1994. Björn Eithun, Magnus Rindal og Tor Ulset (útg.). Oslo: Riksarkivet.
- Eddukvæði I*. 2014. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason (útg.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1962. *Íslenskar bókmenntir í fornöld*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ekwall, Eilert. 1960. *The Concise Oxford Dictionary of English Place Names*. Oxford: Clarendon Press.
- Falk, Hjalmar. 1924. *Odensheite*. Kristiania: Jakob Dybwad.
- Fellows-Jensen, Gillian. 1992. Cultic Place Names. Í: Gillian Fellows-Jensen og Bente Holmberg (ritstj.). *Sakrale navne*. NORNA rapport 48, bls. 265–275. Uppsala: Norna förlaget.
- Finnur Jónsson. 1907–1915. Bæjanöfn á Íslandi. Í: *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* 4, bls. 412–584. Köbenhavn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gelling, Margaret. 1961. *Signposts to the Past*. London: Dent & Sons.
- Guðrún Kvaran. 2011. *Nöfn Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla.
- Guðrún Nordal. 1999. Odensdyrkelse på Island. Í: Ulf Drobin (ritstj.). *Religion och samhälle i det förkristna Norden*, bls. 139–156. Odense: Odense Universitetsforlag.
- Gunnell, Terry. 2010. Hve hár var hinn hávi? Hlutverk Óðins í íslensku samfélagi fyrir kristnitöku. Í: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Þjóðarspegill 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*, bls. 294–303. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Hans H. Hansen. 2015. *Íslandsatlas* (1: 100.000) (5. útg.). Reykjavík: Edda útgáfa.
- Helgi Hallgrímsson. 1987a. Helguhóll á Grund í Eyjafirði. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 84:123–135.
- Helgi Hallgrímsson. 1987b. Grímshellir og Grímsbás. *Múlaþing* 15:117–131. *Íslenskt fornbréfasafn III 1269–1415*. 1896. Jón Þorkelsson (útg.). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Janzén, Assar. 1947. De fornvästnordiska personnamnen. Í: Assar Janzén (ritstj.). *Personnamn*. Nordisk kultur VII, bls. 22–186. Albert Bonniers, Stockholm; H. Aschehoug & Co., Oslo; J.H. Schultz, København.
- Jón Árnason. 1961. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (útg.). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

- Kristniréttur Sverris konungs*. 1846. Í: Rudolf Keyser og Peter Andreas Munch (útg.). *Norges gamle love indtil 1387 I*. Christiania.
- Landnámabók*. 1968. Íslenzk fornrit I. Jakob Benediktsson (útg.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Lassen, Annette. 2006. Gud eller djævel? Kristningen av Odin. *Arkiv för nordisk filologi* 121:121–138.
- Lassen, Annette. 2011. *Odin på kristent pergament*. København: Museum Tusulanum Forlag.
- Lind, Erik. H. 1905–1915. *Norsk-isländska dopnamn ock fingerade namn från medeltiden*. Uppsala: Lundsequiska bokhandeln.
- Nordland, Odd. 1969. Valhall and Helgafell. Í: Sven Hartmann (ritstj.). *Syncretism*, bls. 66–94. Stockholm: Almquist & Wicksell.
- Olsen, Magnus. 1973. Litt om navnefrekvens. *Maal og Minne* 2:92–97.
- Ólafur Lárusson. 1939. Island. *Nordisk Kultur V*. Köbenhavn: J.H. Schulz Forlag.
- Röthe, Gunnhild. 2010. *I Odins tid: norrøn religion i fornaldersagaene*. Stavanger: Saga Bok.
- Schier, Kurt. 1981. Zur Mythologie der Snorra Edda: Einige Quellenprobleme Í: Ursula Dronke, Guðrún P. Helgadóttir, Gerd Wolfgang Weber og Hans Bekker-Nielsen (ritstj.) *Speculum Norroenum. Norse Studies in Memory of Gabriel Turville-Petre*, bls. 405–420. Odense: Odense University Press.
- Sigfús Sigfússon. 1986. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* 6. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Sigurður R. Helgason. 2017. Ölvir in Iceland and in Austrfararvísur. *Saga Book* 16:109–122.
- Sigurður Nordal. 1924. Átrúnaður Egils Skallagrímssonar. *Skírnir* 98:145–165.
- Silja Björk Huldudóttir. 2012. Hver var Grímur geitskór? *Morgunblaðið* 22. febrúar 2012, bls. 36.
- Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Reykjavík: Heimskringla.
- Snorra-Edda*. 2003. Heimir Pálsson (útg.). Reykjavík: Mál og menning.
- Stefán Einarsson. 1997. Goðaborgir á Austurlandi. *Glettingur* 7(1):19–31.
- Svavar Sigmundsson. 1979. Íslensku staða-nöfnin. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1:238–248.
- Svavar Sigmundsson. 1992. Átrúnaður og örnefni. Í: Úlfar Bragason (ritstj.). *Snorrastefna 25.–27. júlí 1990*, bls. 241–254. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals.
- Svavar Sigmundsson. 2002. Place Names at Boundaries in Iceland. *Onoma* 37:193–204.
- Turville-Petre, Gabriel. 1972. The Cult of Óðinn in Iceland. Í: Gabriel Turville-Petre (ritstj.). *Nine Norse Studies*, bls. 1–19. London: Viking Society.
- de Vries, Jan. 1956–1957. *Altgermanische Religionsgeschichte I–II*. Berlin-Leipzig: de Gruyter.
- Þórhallur Vilmundarson. 1980. Gautavík. *Grimnir* 1:83–84.

Örnefnaskrá Brúnavíkur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.  
 Örnefnaskrá Kirkjubóls, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.  
 Örnefnaskrá Kvennabrekku, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.  
 Örnefnaskrá Snartarstaða, Stofnun Árna Magnússonar íslenskum fræðum.  
 Örnefnaskrá Sneisar, Stofnun Árna Magnússonar íslenskum fræðum.

## Lykilorð

Óðinn, örnefni, eiginnöfn, Óðinsheiti, heiðinn átrúnaður

## Keywords

Óðinn, place names, proper names, aliases, pre-Christian Iceland

## Abstract

Personal names and place names that are derived from the name of the Norse god Óðinn do not exist in Iceland. According to most scholars this indicates that in pre-Christian times Óðinn was scarcely or not at all venerated in the country. It has been suggested that instead of deriving personal names and place names from Óðinn's proper name the use of his aliases (heiti) was customary for these purposes. This paper attempts to study the possible use of these suggested aliases in Icelandic personal names and place names. The focus of the discussion is primarily Óðinn's alias Grímr which seems to be widely used in Iceland. The study uncovers that *-grímr* is used like the *-þórr* in compounded proper names. Names like Steingrímr and Steinþórr indicate that *-grímr* represents Óðinn in personal names as *-þórr* represent Thor. Óðinn is also hidden in various place names in the capacity of his aliases. The element *Gríms-* is very common in place names. The toponyms *Grímshöfn*, *Grímshóll* and *Grímsstaðir* are discussed in particular as well as place names containing the element *Gaut-* or *Gauta-* which are Óðinn's aliases as well. It seems that the distribution of place names containing such aliases is decidedly uneven in Iceland as the eastern part of the country seems to contain considerably fewer place names that could be considered derived from Óðinn's aliases. The conclusion of this paper is that toponyms based on Óðinn's aliases might be quite widespread in Iceland and their numbers and geographical distribution could give further indications on the role of Óðinn in pre-Christian Iceland.

*Sigurður R. Helgason*  
*sigrh@centrum.is*

Svavar Sigmundsson

## Hvað er *burn* í burnirót?

Tílefni þessarar greinar er viðtal Vilmundar Hansen við Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor í Bændablaðinu 21. júlí 2022, sem ber titilinn ‘Ein merkasta lækningajurt landsins,’ þar sem *burnirót* (*Rhodiola rosea*) er til umfjöllunar.

Þóra Ellen segir um uppruna heitisins: „Svo virðist sem *burn* eigi sér ekki neina samsvörun í skyldum málum og uppruni heitisins með öllu óljós.“ (Vilmundur Hansen 2022:14). Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:94) hefur heldur ekki ákveðna skoðun á uppruna nafnsins en hann segir í *Íslenskri orðsifjabók* að sér finnist orðmyndin *burni* óeðlileg, ætti að vera *\*byrni*. Hann segir enn fremur að nafnið eigi e.t.v. við svera og kubbslega rötina og þá hugsanlega skylt orðinu *burlufótur*, sbr. miðenska *burli* ‘sver, bólginn’.

Ásgeir hefur líklega ekki þekkt grein eftir Ólaf Halldórsson handritafræðing í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1973 um líkneskju-smíð, þar sem hann birtir texta úr handritinu AM 194 8vo, sem ritað var árið 1387. Þar stendur: „Síðan þurrt er, þá skaltu burna með skalri vargstönn eða stórri hundstönn. En þá er vel er skyggt skaltu dysta eftir sem best með léreftó.“ (Ólafur Halldórsson 1974:8, sbr. einnig *ONP*; texti færður til nútímastafsetningar). Í sambærilegum latneskum texta er höfð sögnin *polire* (Ólafur Halldórsson 1974:11). Sögnin *burna* merkir þá ‘fægja, skyggja’ sbr. ensku sögnina *burnish* ‘fægja (málm), pólera’ sömu merkingar. *Burnish* er komið úr fornfrönsku *burniss-*.

Lýsingu á sama handverki er að finna í handritinu *Sópuði* eða *Dægrastyttingu* eftir séra Gottskálk Jónsson í Glaumbæ í Skagafirði. Það er skrifað að mestu á árunum 1543–1569 og er nú varðveitt í Breska landsbókasafninu með safnnúmerið Add. 11242. Veturliði Óskarsson gerði grein fyrir þessum texta og birti hann í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1989. Þar er sögnin *brúnera* notuð í sömu merkingu og *burna* í fyrri texta. Í kafla um að *gjöra gullstaf* segir (Veturliði Óskarsson 1990:24): „Tak krít-menju eður brún-rautt, og bezt krít, og mel á hellu með æger (?) til máta þykkt og skrifa síðan þá stafi sem þú villt og lát þorna meir en til hálf. Tak síðan gull og sker sundur til máta og legg upp með pinsil, og tak brúnertann [þ.e. brúnertönn] og brúnera þegar þú finnur að þurrt er til þess að það skín.“ Nokkru síðar segir um það að *gullleggja*: „Sláttu gull, sker það til sem þú villt stafinn hafa til, og tak hvítu úr eggji og hrær í sundur í einni skál og lát upp á stafinn og þrykk strax gullið niður. Lát bíða þar til þurrt er <að> mestu; brúnera síðan með galtartönn og slétt með henni.“ Veturliði (1990:26–27) segir síðan um orðsifjarnar: „‘Brun(i)er-’, er af germönskum stofni (samstofna orðinu ‘brunn’ í íslensku); merkingin „fága, gljáfægja, dekkja“ er hins vegar upprunnin í rómönskum málum, sem hafa þegið þennan stofn að láni (fr. brunir, ít. brunire) og mun hann þaðan aftur kominn inn í miðlægþýsku, ‘brunêren’, og úr henni í skandinavísk mál.“

Sögnin *brunere* er nú í dönsku höfð um að ryðverja málm, en í orðabók Moths (*Moths Ordbog*), sem er söguleg orðabók um dönsku frá um 1700 segir um *brunere*: „kaldes det at trekke noget over med bladegûl, þa en kríde grûnd, og siden polere det blankt.“

Burnirótin er fyrst og fremst talin lækningajurt, en þó segir Björn Halldórsson í Sauðlauksdal í *Grasnytjum* sínum að hún sé einnig notuð í barkar stað til skinnaverkunar og verði skinnið þá gulleitt (Björn Halldórsson 1983:242). Ekki er þess getið í heimildum að burnirótin sé höfð til að ‘fægja’ hluti eins og sögnin *burna* er talin merkja en ekki er útilokað að svo hafi verið. En ljóst er að hún hefur barkandi áhrif og hefur einnig verið notuð við að barka skinn.

Orðmyndin *burn* hvk. er skráð hjá Jóni Ólafssyni úr Grunnavík í orðabók hans í AM 433 fol. frá 18. öld. Hann segir að sumir kalli (*rótina*) *burkn/borkn* og vitnar í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* og hljóðar sú tilvitnun svo í útgáfu hennar (Eggert Ólafsson 1975 II:38): „*Burn*, *Rhodiola*. Rót hennar, marin og hnoðuð saman við nýtt smjer, er notuð í þessum nyrztu héröðum til að lina útvortis þrautir (sem *Anodynum*). Einkum dugir hún vel, ef hún er lögð heit við verkinn.“

Færeyski náttúrufræðingurinn Nicolai Mohr segir í bók sinni *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie* (1786:335) að *burn* hafi verið almennt heiti jurtarinnar á Íslandi. Í því sambandi má nefna að á Þormóðsstöðum í Eyjafirði er eina örnefnið sem er þekkt með samsettu myndinni *burnirót* á landinu, *Burnirótarklettur* þar sem „burnirót vex framan í miðjum klettinum“ (Nafnið.is). Björn Halldórsson (1983:237) segir um blóðrót sem er annað nafn á burnirót, að Færeyingar noti hana til að verka skinn og Niðaróssmenn fái dökkleitan purpuralit á ull sína af þessum rótum.

Mohr (1786:220) segir um not jurtarinnar á Íslandi: „Ýmsir hafa notað rótina til að lita ullarplögg græn, hún þá skorin í stykki í litarlöginn aðeins blandaðan álúni. Sé hún notuð til að barka með skinn þá gefur hún fagran, gulan lit.“ (Þýðing frá Þórði Tómassyni 2022:112).

Sú jurt sem helst hefur verið notuð sem ‘fægingarjurt’ er *eskigras* (Eqvisetum hyemale) sem sumir kalla *góubítill*. Mohr segir að það sé „det i Danmark bekiendte Skavgras, som dreiere, Snedkere, Gørtlere og andre Haandværksfolk bruge at slette og polere deres Arbeide med.“ (1786:223). Mohr segir þar einnig frá manni á Húsavík sem renndi tóbakspontur úr valbjörk og prófaði að nota eskigras til að fægja þær og fannst það betra en hákarlsroð. Í dansk-íslenskri orðabók Konráðs Gíslasonar (1851:423) er orðið *Skav(e)græs* þýtt eskigras, góibítill, eqvisetum hiemale. Mohr segir í bók sinni að í Álftafirði á Austurlandi kallist tegundin *Polypodium Filix-mas*, sama nafni og *Rhodiola rosea*, þ.e. *burn*, en aðrir kalli hana burkna. Nú er jurtin nefnd *stóriburkni* og vísindaheitið er *Dryopteris filix-mas* (sbr. Hörð Kristinsson 2010).

Í færeysku er nafnið *hjálpirót* haft um *Rhodiola rosea*. Í færeyskri orðabók Jens Christian Svabos (1746–1824), sem hann vann að allt til dauða síns, skrifar hann *Jaalpurêut*, þ.e. hjálpurót, og þýðir sem Vellugtende Fiirgjemme, *rhodiola rosea*. Mér hefur ekki tekist að finna þetta danska heiti annars staðar.

Í Færeyjum var ekki hægt að barka skinn með berki þar sem ekki óx þar skógur. Í staðinn var notuð rótin af jurtinni *Potentilla erecta*, sem fékk þar nafnið *børka* og jurtin sjálf *børkuvísa* (Poulsen 2004:284). Hún nefnist *engjamura* á Íslandi en er sjaldgæf hér (Hörður Kristinsson 2010).

Niðurstaðan er sú að líkur séu til að *burn* í burnirót sé leidd af tökusögninni *burna*, ‘fægja, skyggja’ og merki þannig ‘fægirót’ þó að heimildir nefni ekki beinum orðum þau not ratarinnar. Þó er ljóst að rótin hefur verið notuð í lækningaskyni og við skinnverkun. Orð-

myndin *burni* er því sambærileg við orðmyndun eins og *fægi-lögur* (af *fægja*) og *bæti-efni* (af *bæta*). Ólafur Halldórsson telur að textinn í AM 194 8vo þar sem *burna* er notuð sé frá tímabilinu um 1300 til 1350 en *brúnera* kemur fyrir í texta frá 16. öld. Þarna virðast tvær myndir sama tökuorðs í íslensku hafa verið notaðar hvor á sínum tíma en hverfa síðan báðar.

## Heimildir

- AM 433 fol. Orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Handrit í Árnastofnun. Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Björn Halldórsson. 1783. *Grasnytjar*. Kaupmannahöfn. Endurútg. 1983 í *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Reykjavík: Búnaðarfélag Íslands.
- Eggert Ólafsson. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenzkaði árið 1942. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Hörður Kristinsson. 2010. *Íslenska plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Kaupmannahöfn.
- Mohr, Nicolai. 1786. *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie*. København.
- Moths Ordbog = Moths Ordbog*. <https://mothsordbog.dk/>.
- Nafnið.is* Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://nafnið.is/>.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / A Dictionary of Old Norse Prose*. <https://onp.ku.dk/>.
- Ólafur Halldórsson. 1974. Líkneskjusmið. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1973 70:5–17.
- Poulsen, Jóhan Hendrik Winther. 2004. *Mál í mæti. Greinasavn*. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Svabo, Jens Christian 1966. *Dictionarium færøense. Færøsk-dansk-latinsk ordbog. Udgivet efter håndskrifterne af Chr. Matras. I. Ordbogen*. København: Munksgaard.
- Veturliði Óskarsson. 1990. Að mála upp á tré. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1989 86:21–33.
- Vilmundur Hansen. 2022. Rannsóknir á burnirót: Ein merkasta lækningajurt landsins. *Bændablaðið* 21. júlí, bls. 14–15. [Viðtal við Þóru Ellen Þórhallsdóttur.]
- Þórður Tómasson. 2022. *Fræðabálkur að ferðalokum*. Efni skráð 2020–2021. Selfossi: Sæmundur.



## **Lykilorð**

orðsifjafræði, plöntunöfn

## **Keywords**

etymology, plant names

## **Abstract**

The article deals with the origin of *burn-* in the word *burnirót* 'roseroot'.

*Svavar Sigmundsson*  
*rannsóknarprófessor emerítus*  
*svavar.sigmundsson@arnastofnun.is*



Aðalsteinn Hákonarson

# Opinber stafrænn örnefnagrunnur:

## skráning og hnitsetning örnefna og örnefnastýring

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er örnefnasafn sem geymir skrár yfir örnefni á flestum jörðum og afréttum landsins, auk fleiri heimilda um íslensk örnefni, t.d. skrár yfir nöfn fiskimiða. Þá er og í safninu fjöldi uppdráttar af ýmsu tagi með örnefnum og einnig loftmyndir. Örnefnasafnið er að stórum hluta aðgengilegt á vefnum *nafnið.is*. Árnastofnun hefur umsjón með varðveislu safnsins og eflingu, viðhaldi, skráningu og kynningu þess skv. lögum um stofnunina, nr. 40/2006, með síðari breytingum. Stofnunin hefur líka með höndum ýmis verkefni er snúa að *örnefnastýringu*, þeim þætti málstýringar eða málræktar er snýr að örnefnum (sjá Ara Pál Kristinsson 2010:1–2). Til dæmis sinnir hún ráðgjöf fyrir m.a. almenning og sveitarfélög um ný nöfn, svo sem á götum, býlum, sveitarfélögum og nýjum náttúruferðum, sbr. fyrrgreind lög um stofnunina og lög um örnefni, nr. 22/2015. Síðastnefndu lögin fjalla einnig um örnefnanefnd sem er opinber stjórnarsýslunefnd með aðsetur á Árnastofnun og leggur stofnunin henni til starfsmann skv. reglugerð um störf örnefnanefndar, nr. 1040/2017. Nefndin fjallar formlega um erindi um örnefni og gefur ýmist álit eða fellir úrskurði, eftir eðli málnanna.

Sá þáttur örnefnastýringar sem mest hefur verið fjallað um í riti hingað til varðar ný og breytt bæjanöfn sem til skamms tíma var helsta viðfangsefni örnefnanefndar (sjá Þórhall Vilmundarson 1980, Ara Pál Kristinsson 2008, 2010, Hjördísi Ernu Sigurðardóttur 2016 og Þóru

Björk Hjartardóttur 2023). Einnig hefur Ari Páll Kristinsson fjallað nokkuð um stöðlun ríkjaheita (2010, 2011) og þá hefur Hjördís Erna Sigurðardóttir fjallað um aðkomu örnefnanefndar að nafngjöfum sameinaðra sveitarfélaga (2016).

Í þessu greinarkorni segir frá vinnu sem lýtur að örnefnum í *opinberum örnefnagrunni* sem Náttúrufræðistofnun (áður Landmælingar Íslands) viðheldur í samráði við Árnastofnun. Kveðið er á um hlutverk stofnananna í þessu sambandi í 4. gr. laga um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, 3. gr. laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, nr. 54/2024, og 2. gr. reglugerðar um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 861/2008. Um er að ræða stafrænan gagnagrunn með hnitsettum örnefnum. Nöfn eru skráð í grunninn í samráði við heimildarmenn sem þekkja staðsetningu þeirra og er þeirri vinnu stýrt af Náttúrufræðistofnun (sjá nánar Rannveigu L. Benediksdóttur og Bjarneyju Guðbjörnsdóttur 2023). Einnig er skráð eftir eldri kortum og er þar bæði um að ræða prentuð kort Landmælinga Íslands (og AMS-kort bandaríska hersins) og uppdrætti af ýmsu tagi í Örnefnasafni Árnastofnunar.

Undanfarin ár hefur tekist að skrá um 15.000 ný örnefni í grunninn á hverju ári og í honum eru nú hátt í 200.000 nöfn. Erfitt er að áætla fjölda örnefna á Íslandi en talið hefur verið að heimildir um á að giska 500.000 nöfn séu í Örnefnasafni Árnastofnunar. Náttúrufræðistofnun viðheldur vefsíðu (*Örnefnasíða*) þar sem hægt er að skoða grunninn og er hún uppfærð vikulega. Fjórum sinnum á ári eru birtar nýjar uppfærslur til niðurbals án endurgjalds.

Árið 2007 gerðu Árnastofnun og Landmælingar Íslands með sér samning um samstarf í örnefnamálum er byggðist á fyrrnefndum lögum um Árnastofnun, nr. 40/2006, og lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 103/2006. Þar kom fram að markmið samstarfsins væri að til yrði einhlítur gagnagrunnur um íslensk örnefni sem nýttist öllu samfélaginu og að örnefni yrðu birt með sem réttustum hætti. Sérstaka áherslu skyldi leggja á að samræmis yrði gætt í því hvernig örnefni væru skráð og hvernig gögnum og upplýsingum um þau væri miðlað til samfélagsins.

Þáttur Árnastofnunar í skráningu og viðhaldi örnefnagrunnsins er einkum að vinna úr og svara fyrirspurnum Náttúrufræðistofnunar sem koma upp vegna vinnslu grunnsins, en einnig berast athugasemdir frá öðrum aðilum. Úrlausnarefni eru af margvíslegum toga og lúta meðal annars að því að ákvarða rétta staðsetningu örnefna, velja aðalnafn í tilviki tví- eða fleirnefna (hin nöfnin eru líka skráð) en

einnig að skera úr um málfræðilegt form þeirra, enda getur leikið vafi á ritun og beygingu örnefna líkt og annarra orða málsins. En að sumu leyti eru örnefni þó frábrugðin öðrum orðum eins og Svavar Sigmundsson bendir á í *Handbók um íslensku* (2011:367):

- Örnefni eru nátengd ákveðnum stöðum og ritháttur þeirra getur verið tilfinningamál þeirra sem tengjast stöðunum. Þau eru því viðkvæmari fyrir frávikum í rithætti en almenn orð tungunnar.
- Örnefni lifa oft sínu eigin lífi og lúta ekki alltaf sömu beygingar-arlögmálum og samsvarandi orð í almennu máli, t.d. bæjar-nafnið *Laugar*, sem getur verið karlkyns, *Laugarnir*, en sam-nafnið *laug* er hins vegar kvenkyns.

Áður en kom til samstarfs um hinn stafræna örnefnagrunn hafði Örnefnastofnun Íslands<sup>1</sup> (ein stofnananna sem sameinaðar voru í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum árið 2006) komið að yfirllestri örnefna á kortum Landmælinga Íslands og því á þessi þáttur í örnefnastarfi Árnastofnunar sér nokkra sögu. Ekki hefur þó verið sérstaklega fjallað um starfið hingað til, svo sem til að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem horft er til við afgreiðslu fyrirspurna. Þó má telja víst að haft hafi verið að leiðarljósi að velja sem aðalnöfn á kortum þau sem teljast eiga sér rótgróna hefð í nærumhverfinu (sjá t.d. greinar Svavars Sigmundssonar á heimasíðu Árnastofnunar, „Móskarðahnúkar“ (2004) og „Breiðavík“ (2007), og kafla Svavars um örnefni í *Handbók um íslensku* (2011:367–378).

Í grein aftar í þessu hefti (bls. 159–176) segi ég frá þremur athugunum mínum vegna fyrirspurna um örnefni í örnefnagrunninum. Í tveimur málum var um að ræða tvínefni sem leggja þurfti mat á, annars vegar *Skjólborg* og *Skjaldborg* og hins vegar *Högni* og *Högn*. Í þriðja málinu var spurt hvort rétt væri að bæta í grunninn nýlegu nafni, *Sundhnúkagígar*, sem tíðkast hafði um skeið í ræðu og riti um jarðfræði. Þar þurfti annars vegar að meta hvort nægileg hefð væri fyrir nafninu og hvort það raskaði öðrum nöfnum á svæðinu, einkum nafninu *Sundhnúkur* sem hið nýja nafn er leitt af. Niðurstaðan var að mæla frekar með nafnmyndinni *Sundhnúksgígar*. Tilgangurinn með þessum smágreinum er ekki aðeins að koma á framfæri niðurstöðum rannsóknanna, heldur einnig að vekja athygli á örnefnagrunninum

<sup>1</sup> Örnefnastofnun Íslands varð til árið 1998 og tók við starfsemi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns er stofnuð hafði verið árið 1969.

og þeim sjónarmiðum sem horft er til við afgreiðslu mála. Vera kann að ekki séu allir sammála um niðurstöðurnar og gæti hlotist af því gagnleg umræða um hvort sem er einstök örnefni eða ólík sjónarmið sem veða þarf og meta við val á (aðal)nafni til birtingar í grunninum.

Örnefnagrunninum er ætlað að vera viðmið um opinberlega viðurkennd örnefni á Íslandi og er eðlilegt að gera ráð fyrir að sem flestir noti þau landfræðiheiti sem þar eru birt, ekki síst opinberar stofnanir og fjölmiðlar. Rétt er þó að gera þann fyrirvara að ekki er unnt að yfirfara rækilega jafnharðan hverja einustu skráningu í grunninn þótt reynt sé að sigta út augljósar villur. Athugasemdum um skráningar er hægt að koma á framfæri við hvort sem er Náttúrufræðistofnun eða Árnastofnun. Ef upp kemur ágreiningur um birtingu nafns í grunninum er hægt að skjóta málinu til örnefnanefndar og skal nefndin veita rökstutt álit um málið, sbr. 4. gr. laga um örnefni, nr. 22/2015.

Örnefni eru mikilvægur þáttur menningararfsins sem borist hefur milli kynslóða í margar aldir, í sumum tilvikum allt frá upphafi byggðar í landinu. Á 20. öld var unnið afrek með söfnun þúsunda örnefnalýsinga og -skráa af öllu landinu og er þetta safn kjarninn í Örnefnasafni Árnastofnunar (sjá *nafnið.is*). Lengst af voru ekki tæknilugar forsendur til að skrá staðsetningu nema lítils hluta örnefnanna og má líta á örnefnagrunn Náttúrufræðistofnunar sem rökrétt framhald þessarar örnefnasöfnunar. Líkt og fyrr segir er skráning í örnefnagrunninn að miklu leyti gerð í samráði við staðkunnuga á hverju svæði. Þannig er skráð þekking sem hvergi er varðveitt nema hjá heimildarmönnum, en vegna breytinga á búskaparháttum er þekkingin óðum að hverfa og er skráningin því kapphlaup við tímann.

## Ritaskrá

- Ari Páll Kristinsson. 2008. Stedsnavn på Island – lov og forvaltning. *Språk i Norden* 2008:175–184.
- Ari Páll Kristinsson. 2010. Um íslenska örnefnastýringu. *Orð og tunga* 12:1–23.
- Ari Páll Kristinsson. 2011. Ríkjaheiti og ritháttur. Í: Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason og Svavar Sigmundsson (ritstj.). *Fjöruskeljar*. Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011, bls. 1–10. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Hjördís Erna Sigurðardóttir. 2016. Örnefni, Örnefnanefnd, sameinuð sveitarfélög og bæjanöfn. Vald og saga örnefnastýringar. MA-ritgerð frá Háskóla Íslands. <https://hdl.handle.net/1946/25952>.

- Lög um landmælingar og kortagerð nr. 103/2006. <https://www.althingi.is/lagas/154b/2006103.html> (sótt í ágúst 2024).
- Lög um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur nr. 54/2024. <https://www.althingi.is/altext/154/s/1695.html> (sótt í ágúst 2024).
- Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006. <https://www.althingi.is/lagas/154b/2006040.html> (sótt í ágúst 2024).
- Lög um örnefni nr. 22/2015. <https://www.althingi.is/lagas/154b/2015022.html> (sótt í ágúst 2024).
- Nafnið.is*. <https://nafnid.is> Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sótt í ágúst 2024).
- Rannveig L. Benediktsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir. 2023. Örnefnaskráning á vefnum. Í: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir (ritstj.). *Nöfn á nýrri öld*. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins, bls. 72–74. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Reglugerð um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 861/2008. <http://island.is/reglugerdir/nr/0861-2008> (sótt í október 2024).
- Reglugerð um störf örnefnanefndar nr. 1040/2017. <https://island.is/reglugerdir/nr/1040-2017> (sótt í ágúst 2024).
- Svavar Sigmundsson. 2004. Móskaðahnúkar. Grein á heimasíðu Árnastofnunar. <https://arnastofnun.is/is/greinar/moskardahnukar> (sótt í ágúst 2024).
- Svavar Sigmundsson. 2007. Breiðavík. Grein á heimasíðu Árnastofnunar. <https://arnastofnun.is/is/greinar/breidavik> (sótt í ágúst 2024).
- Svavar Sigmundsson. 2011. Örnefni. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 367–378. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2023. Nöfn á nýjum býlum og afskipti Örnefnanefndar. Í: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir (ritstj.). *Nöfn á nýrri öld*. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins, bls. 75–89. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Þórhallur Vilmundarson. 1980. Nýnefni og örnefnavernd á Íslandi. *Grimnir* 1:24–36.
- Örnefnasjá. <https://ornefnasja.lmi.is> Náttúrufræðistofnun.

## Lykilorð

örnefni, örnefnastýring, örnefnagrunnur

## Keywords

Place-names, place-name standardization, place-name database

## Abstract

The article talks about work on standardizing toponyms in the official place-name database of Iceland which is maintained by the Icelandic Institute of Nature Research (formerly the National Land Survey) in cooperation with the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies.

*Aðalsteinn Hákonarson  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Arngrímögötu 5  
IS-107 Reykjavík  
adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is*



Aðalsteinn Hákonarson

# *Skjólborg og Skjaldborg – Högni og Högn – Sundhnúksgígar eða Sundhnúkagígar*

## 1 Inngangur

leit í safninu að mestu við uppflettiorð og notendur þurftu því að vita eftir hverju þeir væru að slægjast. Þessar takmarkanir á leitarmöguleikum spruttu í upphafi af því að tölvukerfið var ekki nógu öflugt til að leyfa fjölbreytilegri möguleika og síðar urðu tafir á nauðsynlegri endurnýjun gagnagrunnsins ásamt manneklu til þess að þær endurbætur sem þurfti til að gera leitina sveigjanlegri létu á sér standa. Í árslok 2018 voru gögnin loks flutt í nýjan gagnagrunn og í kjölfarið var komið upp nýju vefviðmóti fyrir ritmálssafnið á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Síðan hefur verið unnið að því að auka og efla safnið til hagsbóta fyrir notendur þess, ekki síst með því að nýta betur þær upplýsingar sem þegar var að finna í gagnasafninu til að auka sveigjanleika í leit. Úrbætur hafa líka verið gerðar á sjálfum efniviðnum, t.d. hefur dæmum í rafræna safninu fjölgað talsvert, ýmiss konar samræming hefur átt sér stað og margvíslegar villur hafa verið leiðréttar. Í þessum kafla er leitast við að gera grein fyrir helstu möguleikum til að nálgast efniviðinn í safninu eins og það birtist almennum notendum á vef stofnunarinnar.

## 5.1 Leit í ritmálssafni

Leit í safninu byggist á grunnmynd uppflettiorða. Þar er átt við þá mynd sem almennt er höfð sem fulltrúi orðsins í orðabókum og öðrum uppflettiritum – nefnifall eintölu af nafnorðum (t.d. *bolli*, *lærdómur*, *kápa*, *blað*), nefnifall eintölu karlkyn af lýsingarorðum (t.d. *gulur*, *skemmtilegur*) og nafnháttur af sagnorðum (t.d. *detta*, *ferðast*). Einfaldasti leitarmöguleikinn er að leita að einu tilteknu uppflettiorði með því að slá grunnmynd þess inn í leitargluggann (sjá *Mynd 7*). Þá birtist fellilisti með tillögum um möguleg uppflettiorð ásamt orðflokki og kyni og velja má viðeigandi orð af honum. Þetta er ekki síst gagnlegt þegar tvö eða fleiri orð hafa sömu uppflettimynd, t.d. *vinna* (nafnorð eða sagnorð) eða *sykur* (karlkyn eða hvorugkyn).



The screenshot shows the search results for the query "skr\_tinn". The page header includes the logo and name of the Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. Below the header, there are navigation buttons for "Ritmálssafn" and "Heimildaskrá". A search bar contains the text "skr\_tinn" and buttons for "Opna ískil" and "Leita". Below the search bar, there is a note: "Notaðu \* og \_ sem algildisstafi, dæmi: aðal\* og ma\_ur". The main content area is titled "Leitarniðurstöður" and contains two search results: "skritinn\_lysingarorð" and "skrýtinn\_lysingarorð". A link "< Til baka á forsiðu" is visible above the results.

The screenshot shows the search results for the query "a\_j\_nkt". The page header is the same as in the previous screenshot. The search bar contains "a\_j\_nkt" and buttons for "Opna ískil" and "Leita". Below the search bar, there is a note: "Notaðu \* og \_ sem algildisstafi, dæmi: aðal\* og ma\_ur". The main content area is titled "aðjunkt" and contains a result for "nafnorð, karllygn". The result text is: "Fjöldi tölrutakra dæma: 11", "Dæmi í ritmálssafni frá 19f-20s", and "Heimild elsta dæmis: Sagnabj II, 80". A link "< Til baka á forsiðu" is visible above the result. On the left side, there is a sidebar with the title "Uppflettið" and a list of categories: "aðildarsveitarfélag (no)", "aðildarsveitarstjórn (no)", "aðildarsýsla (no)", "aðildarumsókn (no)", and "aðildarþjóð (no)".

Mynd 8. Dæmi um leit með algildistákninu `_` sem svarar til hvaða bókstafs sem er.

Á Mynd 8 sést þegar annars vegar var leitað að strengnum „skr\_tinn“ og hins vegar „a\_j\_nkt“. Í fyrra tilvikinu reyndust uppflettimyndirnar *skritinn* og *skrýtinn* báðar vera í safninu en í því síðara einungis uppflettimyndin *aðjunkt*.

Almennt eru uppflettið rituð samkvæmt reglum um nútíma-stafsetningu og unnið hefur verið að samræmingu samkvæmt því. Eigi að síður má víða finna ýmiss konar misræmi í rithætti innan safnsins og dæmi eru um að sama orðið hafi fleiri en eina uppflettimynd þótt slíkum tilvikum fari fækkandi. Auk þess getur verið álitamál hvaða afbrigði eigi að fella undir eitt og sama uppflettið og hver ekki. Notendur þurfa því að vera á varðbergi gagnvart mögulegum tilbrigðum, annaðhvort með því að nota algildistákn eða prófa aðra

möguleika ef þeir finna ekki það sem þeir leituðu fyrst að því að orðið getur leynst undir öðrum rithætti eða jafnvel undir fleiri upp-flettimyndum en þeirri sem leitað var að í upphafi.<sup>2</sup>

Síðara algildistáknið, stjarna (\*), stendur fyrir ótilgreindan fjölda bókstafa, einn eða fleiri. Það má nota í sama tilgangi og strikið en það er þó einkum gagnlegt til að finna hópa orða með sameiginleg einkenni, t.d. orð sem byrja eða enda á sama hátt. Þannig má finna öll orð í safninu sem enda á viðskeytinu *-legur*, öll samsett orð með *-ljörn* að síðari eða síðasta lið eða öll orð með forliðnum *kven-*.

Með því að nota ítarleit má afmarka leitina frekar, með tilliti til aldurs dæmanna og/eða orðflokks (sjá *Mynd 9*). Með leitarstrengnum „\*vinna“ finnast öll uppfleittiorð með *-vinna* sem síðasta lið. Leitinn skilar 884 orðum sem ýmist eru nafnorð eða sagnorð. Hafi notandinn einkum áhuga á sögnunum er einfaldara og skýrara að velja „sagnorð“ í ítarleitinni en að vinsa þau úr handvirkt og þá stendur eftir listi með 31 orði.

*Mynd 9.* Leit með algildistákninu \*, sem stendur fyrir ótilgreindan stafastreng („\*vinna“ = öll orð sem enda á *-vinna*), ásamt orðflokksnum „sagnorð“ í ítarleit. Á myndinni er einungis hluti sagnanna.

<sup>2</sup> Hér er einnig vert að nefna að í safninu leynast ýmiss konar villur sem eru leiðréttar eftir því sem þær koma í ljós en aldrei er hægt að komast algjörlega fram hjá þeim í svo stóru safni. Þetta eru einkum innsláttarvillur eða ritvillur sem hafa sprottið af mislestri á seðlunum, sem margir eru handskrifaðir, og þótt þær séu hvítleiðar eru þær flestar skaðlittlar. Ætli notendur að taka upp dæmi úr safninu má nýta heimildartilvísunina til að bera þau saman við frumtextann ef ástæða þykir til. Í stöku tilvikum geta slíkar villur verið í sjálfum uppfleittiorðunum eða að villur í innsláttarskrám hafa valdið því að dæmi hafa lent undir röngu uppfleittiorði. Ábendingar frá notendum um hvers kyns villur sem þeir rekast á í safninu eru afar vel þegnar.

Glöggur lesandi tekur fljótt eftir að sumar sagnanna sem enda á *-vinna* hafa í rauninni *-tvinna* sem síðari samsetningarlið. Þar sem leitin byggist á bókstafastrengjum er ekki hægt að koma í veg fyrir að hún skili oft líka óviðkomandi niðurstöðum. Einnig má nota ítarleitina án leitarstrengs til þess að finna orð af tilteknum orðflokki í safninu, t.d. allar upphrópanir eða allar forsetningar, eða til þess að finna öll orð eða orð af tilteknum flokki sem dæmi eru um á ákveðnu tímasteiði, t.d. lýsingarorð sem koma fyrir á öllu tímabilinu frá miðri 16. öld til seinasta þriðjungs 20. aldar (sjá *Mynd 10*; þau reyndust vera 575 af alls rúmlega 92 þúsund lýsingarorðum).

*Mynd 10.* Leit að öllum lýsingarorðum í safninu (\* = hvaða stafastrengur sem er) þar sem elsta dæmið er frá miðri 16. öld og það yngsta frá síðasta hluta 20. aldar. Á myndinni sjást einungis fyrstu orðin í stafrófinu sem samræmast leitarskilyrðunum.

Notendur geta líka leitað í safninu gegnum heimildaskrána með því að smella á viðeigandi flipa á forsiðu vefsins. Í leitargluggann má færa heimildarskammstöfun og þá birtast upplýsingar um viðkomandi heimild. Þarna má líka nota algildistákn, t.d. HKL\* til að kalla fram öll orðtekin rit Halldórs Kiljan Laxness og með því að nýta ítarleit má skilgreina leitina nánar, t.d. er hægt að kalla fram öll orðtekin rit frá ákveðnu tímabili, rit eftir tiltekinn höfund og rit sem voru íslenskuð af ákveðnum þýðanda (sjá *Mynd 11*).



The screenshot shows the website interface for Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. At the top, there is a navigation bar with the site's logo and name. Below this, there are tabs for 'Ritmálssafn' and 'Heimildaskrá'. A search bar is present with the text 'Leit í heimildaskrá'. To the right of the search bar are buttons for 'Opna list' and 'Leita'. Below the search bar, there are input fields for 'Aldur', 'Gunnar Gunnarsson', and 'Halldór Kílan Laxness'. The main content area is titled 'Heimildir' and shows a list of search results. Each result includes the author's name, age, publication year, publisher, and a link to view the full text. The results are as follows:

Frá Blindhúsum.	Gunnar Gunnarsson	20m	1948	Reykjavík	Halldór Kílan Laxness	GunnBlindh				
Höfundur:	Gunnar Gunnarsson	Aldur:	20m	Útgáfuár:	1948	Útgáfustaður:	Reykjavík	Þýðandi:	Halldór Kílan Laxness	<a href="#">Sjá öll dæmi úr þessari heimild</a>
Fjallkríkan.	Gunnar Gunnarsson	20m	1951	Reykjavík	Halldór Kílan Laxness	GunnFk				
Höfundur:	Gunnar Gunnarsson	Aldur:	20m	Útgáfuár:	1951	Útgáfustaður:	Reykjavík	Þýðandi:	Halldór Kílan Laxness	<a href="#">Sjá öll dæmi úr þessari heimild</a>
Víkivá.	Gunnar Gunnarsson	20m	1948	Reykjavík	Halldór Kílan Laxness	GunnVik				
Höfundur:	Gunnar Gunnarsson	Aldur:	20m	Útgáfuár:	1948	Útgáfustaður:	Reykjavík	Þýðandi:	Halldór Kílan Laxness	<a href="#">Sjá öll dæmi úr þessari heimild</a>

Mynd 11. Ítarleit í heimildaskrá ritmálssafnsins að orðteknum ritum Gunnars Gunnarssonar í þýðingu Halldórs Kílan Laxness.

Auk upplýsinga um hverja einstaka heimild er mögulegt að kalla fram öll dæmi úr henni sem tiltæk eru í rafræna gagnasafninu, óháð uppflöttiorði, með því að velja „Sjá öll dæmi úr þessari heimild“ hægra megin við heimildina (sjá Mynd 11). Í dæmalistanum sem þá birtist er svo tengill í hverju dæmi sem leiðir notendur áfram að viðkomandi uppflöttiorði í ritmálssafninu.

## 5.2 Niðurstöður leitar

Leit að tilteknu uppflöttiorði skilar upplýsingum og dæmum um orðið auk lista til vinstri yfir orð sem standa næst því í stafrófsröðinni (sjá Mynd 12). Þau eru oft skyld því, ekki síst samsetningar sem hafa leitarorðið sem fyrri lið, og gagnlegt getur verið að skoða orðin í samhengi hvert við annað. Hægt er að smella á hvert þessara orða og kalla þannig fram upplýsingar og eftir atvikum dæmi um orðið og notkun þess.

The screenshot shows the website interface for Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. At the top, there is a search bar with the text 'óhljóð' entered. Below the search bar, there is a list of search results for 'óhljóð'. The first result is 'nafnorð, hvornuglygn' with a count of 26. Below this, there is a section for 'Orðmyndir' and a 'Dæmi' section. The 'Dæmi' section contains a table with three rows of examples, each with a description, a source, and a star icon.

Leit í dæmum		
fyrir buldran þeirra Vagna / og <b>Ohliodum</b> Hicolanna.	Gulþrepur/Bibl Jer 47_3	☆
nær allar Himenins stál með storum Brestum og <b>Ohliode</b> ricurfalla.	Þellum Óðmæd 8 Vör	☆
vm þa menn sem veita á þingjum <b>ohliod</b> edur Bulldran.	Alþib Nv_295	☆

*Mynd 12.* Dæmi um niðurstöðu leitar að uppflettiörðinu *óhljóð*. Í efsta rammanum eru upplýsingar um orðið, hversu miklar heimildir um það eru í safninu og frá hvaða tímabili.

Í efsta rammanum til hægri birtast helstu upplýsingar um orðið: orðflokkur auk kyns nafnorða, fjöldi tiltækra dæma (í rafræna gagnasafninu), tímabilið sem dæmin spanna (þ.e. aldur elsta og yngsta dæmisins í safninu) ásamt tilvísun til elstu heimildar um orðið (með því að smella á skammstöfunina sjást nánari upplýsingar um ritið). Næsti rammi, sem þarf að opna með því að smella á plúsmerkið hægra megin (sjá *Mynd 13*), sýnir töflu með þeim orðmyndum sem koma fyrir í dæmunum; í hægri dálkinum birtast stafrétta myndirnar úr dæmunum sjálfum en í þeim vinstri er samsvarandi stöðluð nútímamálsmynd og búið er að fella tilbrigði undir hana, t.d. „ohliodum“ og „óhljóðum“ undir orðmyndina *óhljóðum*.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Stöðlun orðmynda er ekki að fullu lokið og þess vegna er stafrétta myndin í sumum tilvikum líka í vinstri dálki þótt hún sé ólík nútímamálsmyndinni.

óhljóð			
<b>nafnorð, hvorugkyn</b>			
Fjöldi tölvutækra dæma: 26			
Dæmi í ritmálssafni frá 16s-20m			
Heimild elsta dæmis: Jer 47, 3 (GÞ)			
Orðmyndir			
Orðmynd	Fjöldi	Ritmynd	Fjöldi
óhljóð	14	ohliod	2
		ohljóð	1
		óhljóð	2
		óhljóð	9
óhljóða	2	ohlióða	1
		óhljóða	1
óhljóði	2	ohliode	1
		óhljóði	1
óhljóðin	2	óhljóðin	2
óhljóðum	6	ohliodum	1
		óhljóðum	5
Dæmi			Heildarfjöldi: 26

Mynd 13. Yfirlitstafla um þær orðmyndir sem koma fyrir í dæmum um orðið *óhljóð* ásamt fjölda dæma um hverja mynd. Í hægri dálki (Ritmynd) eru stafréttar myndir eins og þær koma fram í dæmunum en í þeim vinstri (Orðmynd) eru þær stöðluðu nútímamálsmyndir sem stafréttu myndirnar svara til. Orðmyndirnar birtast í stafrófsröð í töflunni.

Í þriðja rammanum birtast öll dæmi um orðið í rafræna gagnasafninu í aldursröð (sjá Mynd 14). Til vinstri er notkunardæmið sjálft með upp-flettiorðinu feitletruðu og hægra megin við það er heimildartilvísun og aldursmerking dæmisins.

### óhljóð

**nafnorð, hvorugkyn**  
Fjöldi tölvutækra dæma: 26

Dæmi í ritmáissafni frá 16s–20m  
Heimild elsta dæmis: Jer 47, 3 (GP)

---

Orðmyndir +

---

### Dæmi Heildarfjöldi: 26

Hlaða niður sem töflu

fyrir bullran þeirra Vagna / og <b>Ohliodum</b> Hiolanna.	<a href="#">GuðbrPorlBibl Jer 47, 3</a> Aldur: 16s	☆
nær allur Himeninn skal með storum Brestum og <b>Ohliode</b> nidurfalla.	<a href="#">PallUmDómad B Vlv</a> Aldur: 16s	☆
vm þa menn sem veita á þjngum <b>ohlíod</b> edur Bulldran.	<a href="#">Albb IV, 295</a> Aldur: 17f (1616)	☆
myndaði hann <b>óhljóð</b> á skipi sínu, svo sem heróp.	<a href="#">Tyrk 319</a> Aldur: 17fm	☆
skiptu sér í hópa um eyjarnar með sínum rauðum merkjum, herbúnaði, herópi og <b>óhljóðum</b> .	<a href="#">Ann I, 228</a> Aldur: 17m	☆
Fremebundus [...] sa sem [...] brukar havada, <b>ohlíod</b> .	<a href="#">JÁNucl 445</a> Aldur: 18m	☆
at venia augu þess og eyru frá barnæsku, til ómynda og <b>óhlíoda</b> , og stæla þat upp til at nidrkéfa sinn náttúrliga viðbiöd.	<a href="#">LER IX, 243</a> Aldur: 18s	☆
*Ospekt, <b>Ohljóð</b> / ok Oorða.	<a href="#">MiltPar 52</a> Aldur: 18s	☆
Hvört villidýr kann með sínu <b>óhljóði</b> annað að fæla.	<a href="#">GJ 166</a> Aldur: 19f	☆
risu upp óstöðvandi <b>óhljóð</b> .	<a href="#">II 250</a> Aldur: 19fm	☆
er kyn þó þér heyrst þetta laglaus <b>óhljóð</b> .	<a href="#">ÁrstÞór I, 35</a>	☆

*Mynd 14.* Hluti dæma um uppflettiorðið *óhljóð* í safninu (11 elstu dæmin af 26) ásamt heimildartilvísun og aldri hvers dæmis.

Séu dæmin ekki mjög mörg er tiltölulega auðvelt að fá yfirsýn yfir þau en annars eru tvær leiðir til þess að takmarka fjöldann. Annars vegar má smella á einhverja myndanna í orðmyndatöflunni og þá birtast einungis dæmi þar sem sú mynd kemur fyrir í dæmalistanum. Hins vegar má nota leitargluggann ofan við dæmin til þess að leita í þeim. Með strengnum „kald“ í dæmum um nafnorðið *hlátur* finnast t.d. tvö dæmi um orðastæðuna *kaldur hlátur* og leit að myndinni „sér“ í dæmum um sögnina *flýta* skilar einungis dæmum þar sem hún kemur fyrir (sjá *Mynd 15*).

**flýta**

sagnorð  
Fjöldi tölvutækra dæma: 58  
Dæmi í ritmálssafni frá 16s-20s  
Heimild eista dæmis: Guðbrún[Bib] Jer, 48 16

---

Orðmyndir -

---

**Dæmi** Heildarfjöldi: 10

Hlaða niður sem töflu

*Pangað vill sér [v.l. sýn] flýta.	IGuðmárm VIII, 28 Aldur: 17m	☆
Aldrei skyldi seinn maðr flýta sér.	GI, 27 Aldur: 19f	☆
EKKI er til fagnaðar að flýta sér.	GI, 69 Aldur: 19f	☆
skuli því kóngur flýta sér og drepa hana áður en hún komi ásetning sínum fram.	LÁÞ, 2 v, 70 Aldur: 19m	☆
flýta sín, pro flýta sér. A. M. (Fjóltsdælska).	SÍð Aldur: 19m	☆
siðan flýtti hann sér af stað og reið hart mjög.	SKGGky, 10 Aldur: 19m	☆
en það [þ.e. úrið] á í að flýta sér, þegar það fer að verða óhreint aftur.	Sonurquill, 64 Aldur: 19m (1844)	☆
Svo var flýtt sér að ná í kaffitækin og fá sér kaffi.	ÞInlandsk, 134 Aldur: 19s20f	☆
Gróa flýtti sér sem mest að gjöra mér gott og flýta mér á stað aftur.	FjÞjóðn, 10 Aldur: 20f	☆
Ef klukkan flýtr sér eða 'reinkar sér.	SEÞh, 95 Aldur: 20f	☆

Mynd 15. Niðurstöður leitar að strengnum „sér“ í dæmum um sögnina *flýta* sem skilaði 10 dæmum um sambandið *flýta sér*.

Þessi leitarkostur getur verið gagnlegur ef leitað er að ákveðnum orðasamböndum en þar sem dæmin eru frá ólíkum tímum og tekin upp stafrétt gefur hann misgóða raun, fornafnið *sér* er t.d. stundum ritað „sier“ í gömlum dæmum og ef notandinn áttar sig ekki á því getur hann misst af áhugaverðum dæmum. Það getur því borgað sig að fara í gegnum allt dæmasafnið og leita handvirkt að dæmum um það sem er til athugunar (sjá um aðferðir til þess í 5.3).

### 5.3 Vinna með niðurstöður

Með nýju vefviðmóti var leit í safninu ekki einungis gerð sveigjanlegri heldur er notendum líka gert auðveldara að vinna með niðurstöðurnar. Aftan við hvert dæmi í leitarniðurstöðunum er óútfyllt stjarna (sjá *Mynd 12, 14* og *15* í 5.2). Með því að smella á hana er viðkomandi dæmi merkt (þá fyllist stjarnan) og um leið verður til tímabundinn dæmalisti þar sem safna má saman dæmum sem snerta athugunarefnið hverju sinni. Þessi valkostur er ekki síst gagnlegur ef

notendur vilja bera saman notkun mismunandi orða sem eru formlega eða merkingarlega tengd, því að hægt er að safna á listann dæmum sem tilheyra fleiri en einu uppflettiorði. Listinn birtist þegar smellt er á „Sjá minn dæmalista“ vinstra megin á síðunni (sjá *Mynd 16*).

Sjá minn dæmalista	Sjá öll dæmi um orðið flýta
<a href="#">&lt; Til baka á forsiðu</a> Ekki er til fagnaðar að flýta sér.	G.69 Aldur: 19f Sjá öll dæmi um orðið flýta
skuli því kóngur flýta sér og drepa hana áður en hún komi ásetning sínum fram.	Jón 2.5. 70 Aldur: 19m Sjá öll dæmi um orðið flýta
flýta sín, pro flýta sér. A. M. (Fljótdælska).	Sch Aldur: 19m Sjá öll dæmi um orðið flýta
síðan flýtti hann sér af stað og réið hart mjög.	SKGSA 10 Aldur: 19m Sjá öll dæmi um orðið flýta
en það [þ.e. úrið] á í að flýta sér, þegar það fer að verða óhreint aftur.	Samnefni 64 Aldur: 19m (1844) Sjá öll dæmi um orðið flýta
Svo var flýtt sér að ná í kaffiækin og fá sér kaffi.	Efhlandis 134 Aldur: 19s20f Sjá öll dæmi um orðið flýta
Gróa flýtti sér sem mest að gjöra mér gott og flýta mér á stað aftur.	Efljóh. 10 Aldur: 20f Sjá öll dæmi um orðið flýta
Ef klukkan flýtt sér eða 'seinkar sér'.	GEfh. 85 Aldur: 20f Sjá öll dæmi um orðið flýta
Olúcan Moab mun braedliga koma / og hana Oglæta hun flýtt sér miag.	Guðfróðir 16c. 48-16 Aldur: 16s Sjá öll dæmi um orðið flýta
*sitfinu á gollid grytte, / gleck þaðann mieg sier flýtte / og heingde stalfann sig.	HEBRA 20. 2 Aldur: 17m Sjá öll dæmi um orðið flýta
Aldrei skyldi seinn Madur flýta sér.	GEFNAI 41 Aldur: 16s Sjá öll dæmi um orðið flýta
Þeir stýtta líl mitt um einn eða tvo tíma og flýta mér til himnans.	MEGAL II 22 Aldur: 19f (JAH) Sjá öll dæmi um orðið flýta
Mér fannst einsoq mér lægi orboð á að flýta mér.	Fjóh. 1. 152 Aldur: 19m <small>Clk. öll dæmi um orðið flýta</small>

*Mynd 16.* Sýnishorn af hluta dæmalista sem hefur verið búinn til um orðasambandið *flýta sér*, þar á meðal í 1. og 2. persónu (*flýta mér/þér*) og með eldri rithætti (*sier, sjer*), með því að nota stjörnumerkingu.

Önnur nýjung er sú að nú er hægt að hlaða niður dæmum í töfluformi (sem excel-skjali), t.d. dæmum um tiltekið uppflettiorð í heild eða að hluta, dæmum úr ákveðinni heimild (eftir leit í gegnum heimildaskrá, sbr. 5.1 og *Mynd 11*) eða dæmum sem safnað hefur verið á eigin dæmalista með því að stjörnumerkingja valin dæmi eins og fyrr var lýst (sjá *Mynd 16*). Það gerir notendum kleift að vinna með dæmin á ýmsan hátt. Auðvelt er t.d. að eyða óviðkomandi dæmum og fá þannig betri yfirsýn yfir það sem athyglin beinist að, t.d. tiltekið orðasamband, setningagerð eða merkingu, og sömuleiðis að bæta við eigin greiningarþáttum sem síðan má nýta til að flokka dæmin á margvíslega vegu.

## 6 Niðurlag

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans hefur orðið til á löngum tíma og þar hafa nokkrar kynslóðir starfsfólks orðabókarinnar og síðar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum lagt hönd á plóg við skipulag, umsjón, orðtöku, uppskrift notkunardæma, röðun seðla, tölvuskráningu, forritun, vefhönnun og ýmiss konar greiningu og úrvinnslu. Hópurinn er stór og því eru engin nöfn nefnd hér en í honum hafa verið málfræðingar, aðstoðarfólk og fjölmargir háskólastúdentar í sumarvinnu. Þótt eðli safnsins sé í grundvallaratriðum hið sama og lagt var upp með hefur hver nýr áfangi haft mótandi áhrif á framsetningu þess og aðgang að því fyrir orðabókaritstjóra, fræðimenn, stúdenta og almenning eins og lýst hefur verið hér að framan. Óhætt er að fullyrða að safnið sé mikilvægasta heimildin sem tiltæk er um íslenskan orðaforða, þróun hans og sögu á síðustu 450–500 árum og það hefur nýst á margvíslegan hátt, ekki síst við málrannsóknir og orðabókagerð, eins og fjölmargar tilvísanir til þess í ræðu og riti bera vitni um. Tækniþróun á undan-gengnum áratugum hefur haft mikil áhrif á aðferðir og verklag við orðabókagerð og á útgáfu orðabóka. Tölvutæknin hefur m.a. leitt til þess að nú hafa rafræn textasöfn og málheildir með samfelldum leitarbærum textum leyst efnissöfnun með orðtöku og gerð stórra seðlasafna af hólmi sem aðalefniviðurinn við gerð orðabóka um samtímamálið og rannsóknir á því. Þess vegna hefur hefðbundinni orðtöku verið hætt og þar af leiðandi bætast ekki fleiri notkunardæmi í safnið. Það þýðir þó alls ekki að ritmálssafnið hafi misst gildi sitt sem heimild um íslensk orð og orðaforða á því tímabili sem það spannar. Í fyrsta lagi hefur farið fram talsverð úrvinnsla og greining á efniviðnum þannig að þar liggja upplýsingar sem ekki eru annars staðar og þó að ekki verði bætt við efnið er ætlunin að vinna áfram að frekari flokkun og greiningu efniviðarins og gera safnið þar með aðgengilegra og nýtilegra. Í öðru lagi ná þau rafrænu íslensku textasöfn og málheildir sem nú eru tiltæk fyrst og fremst til nýlegra texta, efnis frá þessari öld og síðustu 10–15 árum 20. aldar, og einungis að mjög litlu leyti til texta frá fyrri tímum.<sup>4</sup> Unnið er

<sup>4</sup> Í *Íslensku textasafni* á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er allnokkuð af eldri leitarbærum textum sem m.a. voru notaðir til að fylla í göt í efniviðnum við gerð *Sýniheftis sagnorðabókar* (Ásta Svavarsdóttir o.fl. 1993:16–17; sjá líka Jörgen Pind o.fl. 1993). Textarnir í því safni eru þó algjörlega ógreindir (orðmyndirnar eru m.ö.o. hvorki málfræðilega markaðar né tengdar viðeigandi

að því að koma upp slíkum söfnum með eldri textum og talsvert er þegar til af 19. og 20. aldar textum í rafrænni gerð og þeim fer fjölgandi. Uppbygging og framsetning málheilda með gömlum textum er þó að mörgu leyti flóknari og tímafrekari en málheilda með samtímatextum. Þangað til slíkar málheildir verða tiltækar er mikilvægi ritmálssafnsins ótvírætt og auk þess eru í safninu gögn og greining sem gætu komið að góðum notum við gerð málheilda með eldri textum.

## Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1919a. Orðabókin. *Ísafold* 1919(3):2–3.
- Alexander Jóhannesson. 1919b. Enn um orðabókina. *Ísafold* 1919(5):2.
- Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðslurit 3. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Finnur Jónsson. 1919a. „Vísindalega orðabókin“. *Lögrjetta* 1919(14):1.
- Finnur Jónsson. 1919b. Orðabókin. Svar. *Lögrjetta* 1919(29):2–3.
- Guðmundur Davíðsson [og] Jóhannes L.L. Jóhannesson. 1926–1927. *Orðabókarmál Íslendinga*. [Án útgefanda og útgáfustaðar.]
- Halldór Halldórsson. 1969. Alexander Jóhannesson. Háskólamaðurinn. *Andvari* 1969:3–38.
- Íslenskt textasafn*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<http://corpus.arnastofnun.is/>>.
- Jakob Benediktsson. 1955. Det islandske ordbogsarbejde ved Islands universitet. *Scripta Islandica* 6:7–12.
- Jakob Benediktsson. 1971. *Íslensk orðabókastörf*. Erindi dr. Jakobs Benediktssonar á fundi Stúdentaakademíu 6. desember 1969. Rit Stúdentaakademíu II. Reykjavík: Stúdentaakademía.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson, Jakob Jón. Smári [og Þórbergur Þórðarson (sýnishorn)]. 1920. *Álit og tillögur um vísindalega íslenska orðabók ásamt sýnishorni*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1919a. Vísindalega orðabókin. *Lögrjetta* 1919(3):10.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1919b. Orðabókin. *Lögrjetta* 1919(18):66.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1919c. Orðabókin enn. *Lögrjetta* 1919(32):2–3.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1928. *Fréttir af orðabókarmálinu*. Sérprent úr Verði. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

---

uppflettiorði) og leitin einskorðast því við einfalda strengjaleit. Vert er að benda á að meðal textanna er allt dæmasafnið úr Ritmálssafni Orðabókar Háskólans og þarna er því hægt að leita að orðmyndum í dæmasafninu óháð því undir hvaða uppflettiorði þau standa í ritmálssafninu.



- Jón Aðalsteinn Jónsson. 1988. Alexander Jóhannesson og Orðabók Háskólans. *Orð og tunga* 1:105–122.
- Jón Hilmar Jónsson. 1988. Sagnorðagreining Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1:123–174.
- Jón Ólafsson. 1912–1915. *Orðabók íslenzkrar tungu að fornu og nýju í fjórum bindum*. [Einungis tvö hefti 1. bindis voru gefin út: 1: A-áætlun; 2: ávirðing-brýnn.] Reykjavík: Orðabókarfélagið.
- Jörgen Pind, Kristín Bjarnadóttir, Jón Hilmar Jónsson, Guðrún Kvaran, Friðrik Magnússon og Ásta Svavarsdóttir. 1993. Using a Computer Corpus to Supplement a Citation Collection for a Historical Dictionary. *International Journal of Lexicography* 6(1):1–18. <<https://doi.org/10.1093/ijl/6.1.1>>.
- OH 1984 = *Orðabók Háskólans*. Kynningarbæklingur. Ritstj. Jörgen Pind. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://ritmalssafn.arnastofnun.is/>>.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.

## Lykilorð

ritmálshemildir, orðtaka, seðlasafn, rafrænt gagnasafn

## Keywords

written language sources, excerpting, citation archive, digital database

## Abstract

The article describes the so-called Written Language Archive (WLA) of the University of Iceland Dictionary (or the Institute of Lexicography), now preserved and maintained by the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies. Work on the WLA started in the early 1940s applying the method of traditional excerpting from written texts, and thus gradually building up a collection of dictionary slips with excerpted citations showing the use of Icelandic words in the period from the mid-16<sup>th</sup> to the late 20<sup>th</sup> centuries. This collection now contains over 2 million citations excerpted from more than 2000 different sources, and the number of headwords or lemmata is around 700 thousand. In the 1980s the first steps were taken in the digitalization of the collection, first by creating complete registers over the headwords and the sources, and later by digitizing most of the citations. All the digital material was organized in a database indicating relations between different parts of the collection, and around the turn of the century the digital version of the WLA was made generally accessible for search on the web. The database and the interface (on the website <<https://ritmalssafn.arnastofnun.is/>>) were updated in 2018 and the means of searching the collection made more flexible by using wildcards and advanced search, not only full headwords.

*Ásta Svavarsdóttir*  
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*  
*Arngrímögötu 5*  
*IS-107 Reykjavík*  
*asta.svavarsdottir@arnastofnun.is*

## Nafnfræði

*Nöfn á nýrri öld. 20 greinar í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélagsins. Ritstjórar: Emily Lethbridge og Rósa Þorsteinsdóttir. Hönnun, umbrot og teikningar: Blær Guðmundsdóttir. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. 2023. (293 bls.) ISBN 978-9979-654-70-4.*

Í þessari bók er að finna fjölmargar sjálfstæðar greinar þar sem tekin eru fyrir atriði er snerta nöfn í ýmsu samhengi. Bókin skiptist í fimm þemaskipta kafla og í hverjum þeirra eru þrjár til fimm greinar: I. *Nöfn á fornum tíma og í heimildum*; II. *Nöfn, söfnun, skráning og stjórnsýsla*; III. *Samspil nafna og landslags*; IV. *Fiskar, fuglar og önnur dýr*; V. *Nöfn og þjóðmenning*.

Greinarnar eru samtals 20 og eiga það flestar sameiginlegt að byggjast á fyrirlestrum á vegum Nafnfræðifélagsins síðastliðin rúm 20 ár. Umfjöllunarefnið eru af ýmsum toga eins og kaflaheitin gefa til kynna. Nokkur dæmi má nefna um efnistöð: Helgi Þorláksson ritar um klofaörnefni og hlutverk „klofasteina“ á mörkum jarða; Jón Axel Harðarson fjallar um fjölþættan uppruna mannanafna sem enda á *-arr*; Þóra Björk Hjartardóttir gerir grein fyrir hlutverki Örnefnanefndar þegar nýjum býlum eru gefin nöfn; Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir skrifar um sérkennileg örnefni í landi Brautarholts á Kjalarnesi og Aðalsteinn Hákonarson ræðir uppruna og skýringar á örnefnum sem byrja á *Grens-/Græns-*. Flestar greinarnar eru afar fróðlegar og skemmtilegar aflestrar og ættu að falla lesendum Orðs og tungu vel í geð. Hönnun bókarinnar er einkar vel heppnuð en hún er í fallegu umbroti sem gerir hana afar læsilega og er auk þess prýdd mörgum teikningum og myndum. Einnig er að finna í bókinni heimildaskrá og atriðisorðaskrá sem eykur gagnsemi hennar og auðveldar notkun.

## Rúnafræði

*Rúnir á Íslandi*. Þórgunnur Snædal. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. 2023. (320 bls.) ISBN 978-9979-654-69-8.

Þessi bók fjallar um rúnir og notkun rúnaleturs á Íslandi frá upphafi Íslandsbyggðar fram til loka 19. aldar. Einnig er gerð grein fyrir sögu rúna og þróun þeirra frá því þær fyrst koma fram. Umfjölluninni er skipt upp í nokkra ónúmeraða kafla sem sýna vel uppbyggingu bókarinnar og efnistöð: *Upphaf rúnanna, elstu ristur, þróun rúnanna í Skandinavíu; Upphaf og þróun íslenska rúnaletursins; Rúnir í eldri handritum; Letra- og dulrúnasöfn frá 16. og 17. öld; Norrænu rúnakvæðin; Rúnir í yngri handritum; Rúnir á gripum; Rúnir á legsteinum og aðrar ristur í stein*. Að lokum er svo skrá yfir rúnaristur á Íslandi og auk þess skrá yfir nöfn í rúnaristum, skrá yfir orð í rúnaristum og handritaskrá.

Í bókinni er safnað saman flestu því sem vitað er um notkun rúnaleturs á Íslandi. Yfirleitt þegar fjallað er um ritmenningu Íslendinga fer lítið fyrir þætti rúna. Það er þó ljóst að þær hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ritunarsögunni, sérstaklega þegar um er að ræða áletranir á gripum og hefur það komið skýrar í ljós við nýlegar fornleifarannsóknir. Þórgunnur Snædal hefur starfað sem rúnafræðingur í áratugi og er fagnaðarefni að hægt sé að nálgast á handhægan hátt á einum stað helstu niðurstöður rannsókna hennar og annarra á íslenskum rúnum. Það er greinilegt á því efni sem safnað hefur verið saman að rúnahefðin á Íslandi hefur verið sterk og lifað lengi þótt ekki hafi mjög mikið varðveist af eiginlegum rúnaristum eins og sums staðar annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskar rúnaristur eru þó alls 106 samkvæmt skránni í bókinni, sumar þeirra mjög merkilegar þótt margar séu illa varðveittar og torlæsar.

Fyrir lesendur tímaritsins er afar fróðlegt að sjá umfjöllun um þau orð sem eru varðveitt á rúnaristum en einnig hvernig rúnir eru notaðar í handritum á fyrri og síðari öldum og hlutverk þeirra í íslenskum textum. Með þessari umfjöllun um notkun á rúnum er varpað skýrara ljósi á sögu íslenskrar tungu og ritun hennar. Elsta handrit sem hefur að geyma íslenskan texta er frá 12. öld þótt væntanlega hafi ritun hafist eitthvað fyrr. Það er því athyglisvert að frá miðbiki 11. aldar er varðveitt rúnaáletrun á snældusnúði sem fannst við uppgröft á Alþingisreitnum í Reykjavík á þessari öld þar sem stendur meðal annars **uilburk amik** eða *Vilborg á mig*. Ef aldursgreiningin er rétt

eru þessi orð eldri en elstu handritatextar. Nokkrir fleiri gripir með rúnum hafa fundist frá svipuðum tíma og því ljóst að elstu beinu heimildir um ritaða íslensku eru rúnaristur.